FRÉTTABLAÐIÐ

75. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 17. APRÍL 2021

Hef upplifað fordæmalausa hörku

Það er mjög mikið ósagt í þessu máli.

Halldór Kristmannsson, náinn samstarfsmaður Róberts Wessman til 18 ára, vakti nýverið athygli á stjórnunarháttum og ósæmilegri hegðun forstjórans. Halldór segist hafa verið meðvirkur með hegðun forstjórans um árabil, en þegar heilsa hans brast vegna álags hafi hann ákveðið að horfast í augu við ástandið og standa með sjálfum sér og öðru starfsfólki. ↬ 20

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við erum rokkstjörnur

Stefán Hjörleifsson, landsstjóri Storytel á Íslandi, segir Íslendinga hafa slegið öll met. ↬ 26

Giftu sig við gosstöðvarnar

Sumarliði og Jón Örvar hétu hvor öðrum eilífri ást við glóandi hraunið í Geldingadölum. ↬ 24

Fosshótel við Þórunnartún gegnir hlutverki sóttkvíarhótels.

Engin bótakrafa borist vegna sóttkvíarhótels

DÓMSMÁL Engin krafa hefur borist embætti ríkislögmanns um skaða- eða miskabætur vegna þvingaðrar dvalar í sóttvarnahúsi. Þetta kemur fram í svari ríkislögmanns til Fréttablaðsins. Þó hefur ein fjárkrafa borist en hún tengist málskostnaði við réttargæslu einstaklings sem leitaði úrskurðar héraðsdóms um dvölina. Þá kemur fram í svarinu að embættinu hafi verið tilkynnt óformlega að miskabótakröfur verði gerðar.

Kveðið er á um rétt til skaða- og miskabóta vegna frelsissviptingar í sóttvarnalögum og í stjórnarskrá.

Að frátöldum þeim kærumálum sem leiddu til úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur um páskahelgina, hefur eitt dómsmál verið höfðað vegna sóttvarnaaðgerða. Um er að ræða mál sem veitingahúsið Irish pub höfðaði vegna áhrifa aðgerðanna á rekstur fyrirtækisins. **– aá**

Römpum upp Reykjavík

Fyrsta rampinum í átakinu Römpum upp Reykjavík hefur nú verið komið fyrir við verslun Kokku á Laugavegi. Það var Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir sem klippti á borða við verslunina í gær við hátíðlega athöfn. Átakinu er ætlað að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslunum og veitingahúsum í miðborg Reykjavíkur og er stefnt að því að eitt hundrað römpum verði komið upp á svæðinu á einu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eldgosið okkar ástkæra átti mánaðarafmæli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Enn nóg eftir á tankinum

ELDGOS „Það er eins og það hafi verið búið til fyrir áhorfendur," sagði Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur um eldgosið á Reykjanesskaga á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær.

„Í dag geturðu farið upp á svæðið og í stúkusæti horft á sjónarspil náttúrunnar." Mest hafi komið á óvart hversu stöðugt gosið er.

Hann segir að í fyrsta sinn í nútímanum sé hægt að fylgjast með gosi af þessari tegund. „Það sem er mjög merkilegt er að við erum að sjá svona atburði og þessar aðstæður í fyrsta skipti eftir að mælitækin og fræðin urðu til." Gosið hefur einkenni dyngjugoss en enn er óljóst hversu stórt það verður. „Tankur" eldgossins virðist vera stór og því nóg eftir undir jörðu og ekkert sem sýni að þrýstingur sé að minnka, bendir Magnús Tumi á. Líklegast verði lítið dyngjufjall til úr þessu á Reykjanesskaganum, þar sem fleiri lítil eru fyrir. **– lb**

NORSKA SENDIRÁÐIÐ

Húsnæði óskast

Óskum eftir að taka á leigu fjögurra herbergja íbúðarhúsnæði í Reykjavík, svæði 101 og 107, eða nærliggjandi svæði, fyrir norskan starfsmann sendiráðsins.

Óskað er eftir aðgengi að svölum eða garði og bílskúrsplássi.

Leigutími er fjögur ár, frá 1. ágúst 2021.

Öruggar greiðslur og góð umgengni.

Nánari upplýsingar í síma 5 200 700
eða emb.reykjavik@mfa.no

Lýðskólinn leiddi þau saman og til Flateyrar

Menntamálastofnun veitti nýlega Lýðskólanum á Flateyri formlega viðurkenningu sem Lýðskóla. Nemendur hafa sest að í bænum að námi loknu. Steinunn og Margeir eru meðal þeirra en þau urðu ástfangin í skólanum.

MENNTAMÁL Lýðskólinn á Flateyri hefur hlotið viðurkenningu sem Lýðskóli frá Menntamálastofnun og segir Ingibjörg Guðmundsdóttir skólastjóri að viðurkenningin sé forsenda þess að skólastarf geti haldið áfram.

„Nú er kominn grundvöllur fyrir okkur til að semja við ríkið um rekstur skólans og samfélagslega bætir þetta í flóru menntakerfisins og eykur valfrelsi nemenda," segir Ingibjörg.

Í viðurkenningunni felst staðfesting á því að skólinn uppfylli almenn skilyrði laga og reglna um Lýðskóla en í skólanum gefst nemendum kostur á námi sem ólíkt er hefðbundnu framhaldsskólanámi. Markmið námsins er að nemendur þroskist sem einstaklingar en á meðan á náminu stendur búa nemendur saman, þrífa saman og elda saman, svo mikil tenging myndast þeirra á milli.

Ingibjörg hefur unnið í menntakerfinu í næstum tvo áratugi og segir að lengi hafi verið uppi umræða um nauðsyn þess að auka fjölbreytileika náms. „Ungt fólk í dag er svo meðvitað um að það geti sjálft ráðið því hvað það ætlar að verða þegar það verður stórt," segir Ingibjörg og bætir við að ekki þurfi allir að ganga sömu menntaleið, með bóknámi framhalds- og háskóla. Þá segir hún fjölda nemenda hafa sest að á Flateyri að loknu námi í Lýðskólanum en mikil fólksfækkun hefur orðið í bænum síðustu áratugi. „Við bara sjáum meðalaldurinn snarlækka eftir að skólinn kom," segir hún.

Steinunn Ása Sigurðardóttir og Margeir Haraldsson kynntust í Lýðskólanum, urðu ástfangin og hafa nú fest rætur á Flateyri. Þau segjast kunna vel að meta kyrrðina í bænum og mæla með náminu í skólanum, sérstaklega fyrir þau sem „eiga erfitt með að plumma sig í hefðbundnu námi."

Steinunn og Margeir tóku við rekstri Bakkabúðar á Flateyri eftir að þau fluttu þangað, ástfangin eftir nám í Lýðskólanum á staðnum. MYND/AÐSEND

> Við bara sjáum meðalaldurinn snarlækka eftir að skólinn kom.

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Eftir námið fluttu Margeir og Steinunn í Kópavoginn en voru lengi að leita að afsökun til að flytja aftur á Flateyri. „En það sem hélt aftur af okkur til að byrja með var aðallega fábreytni í atvinnulífinu hérna," segir hann.

Þau Steinunn ákváðu þó að flytja á Flateyri sumarið 2020 og tóku við rekstri sjoppunnar í bænum. „Það ævintýri var heldur stutt en við bökkuðum út úr því eftir þriggja mánaða prufutímabil þar sem við sáum að reksturinn stóð varla undir sér og við fundum að þetta var ekki alveg okkar tebolli," segir Margeir.

Steinunn og Margeir segja að þó sé auðvelt að skapa sér tækifæri á stað eins og Flateyri og að þar þurfi þau ekki að hafa jafn mikið á milli handanna og í höfuðborginni. Þau hafa nú keypt sér hús í Önundarfirði og segjast vera að upplifa drauminn.

„Samheldnin í samfélaginu er svo ótrúleg," segir Margeir. „Ég held að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi í þessum skóla. Svo er mikill plús að kynnast þessu frábæra samfélagi sem tók okkur svona opnum örmum," segir Steinunn.

birnadrofn@frettabladid.is



Varið land

Hvað höfum við lært um Covid-19?

Fræðslufundur Íslenskrar erfðagreiningar í opnu streymi mánudaginn 19. apríl, klukkan 14:00.

DAGSKRÁ

Heilsufarsafleiðingar SARS CoV-2

Hilma Hólm hjartalæknir og **Erna Ívarsdóttir** tölfræðingur kynna helstu niðurstöður nýrrar rannsóknar sinnar á langtímaáhrifum sjúkdómsins.

Varnir líkamans gegn SARS-CoV-2 sýkingu

Daníel Fannar Guðbjartsson stærðfræðingur og **Þórunn Á. Ólafsdóttir** ónæmisfræðingur kynna rannsókn sína.

Raðgreining veirunnar

Páll Melsted prófessor í tölvunarfræði, **Kristján Eldjárn Hjörleifsson** doktorsnemi og **Sölvi Rögnvaldsson** stærðfræðingur fjalla um hvernig raðgreiningar á veirunni nýtast í baráttunni við COVID-19.

Lærdómur

Kári Stefánsson dregur saman í lokin hvaða lærdóm er hægt að draga af þessum rannsóknum í viðureigninni við fjórðu bylgjuna á Íslandi.

Vegna samkomutakmarkana verður fundurinn ekki opinn almenningi nema í beinu streymi á Facebook-síðu Íslenskrar erfðagreiningar.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

KONTOR REYKJAVÍK

TÖLUR VIKUNNAR 11.04.2021 TIL 17.04.2021

69
prósenta fækkun var á gistinóttum á hótelum á Íslandi í mars á þessu ári miðað við sama mánuð í fyrra.

142
metra löng glæsisnekkja rússneska milljarðamæringsins Andrei Melnisjenko heimsótti Ísland í vikunni.

192
þúsund skammtar af bóluefni frá Pfizer eru væntanlegir til Íslands fyrir lok júní.

35
prósent íslenskra fanga sátu inni fyrir fíkniefnabrot í fyrra.

13.
sæti er staða Íslands yfir þjóðir heimsins þar sem hlutfall bólusettra er hæst.

Þrjú í fréttum

Aðstandendur, berjarunnar og fósturforeldri

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
dómsmálaráðherra

vill tryggja aðstandendum þeirra sem látast með hætti sem kallar á rannsókn lögreglu aukinn aðgang að upplýsingum um framgang rannsóknarinnar. Hún segir að mörgum aðstandendum hafi þótt upplýsingaflæði til sín skammarlega lítið.

Guðmundur Heiðar Helgason
íbúi í Vogabyggð

bauð borgarfulltrúum að kíkja í kaffi til sín þar sem þeir gætu virt fyrir sér 10 fermetra sérafnotareit þar sem skilmálar borgarinnar segja meðal annars til um að hann skuli hafa berjarunna. Guðmundur berst fyrir því að fá deiliskipulagi hverfisins breytt þar sem honum finnst ítök borgarinnar teygja sig fulllangt.

Freyja Haraldsdóttir
baráttukona

fékk svör frá Barnaverndarstofu um að hún væri hæf til að vera fósturforeldri. Freyja sótti fyrst um árið 2014 en var þá hafnað. Hún kærði þá niðurstöðu til úrskurðarnefndar velferðarmála sem staðfesti niðurstöðu Barnaverndarstofu. Næst fór málið til dómstóla og endaði í Hæstarétti með sigri Freyju.

Þjóðkirkjunni gert að starfa í samræmi við upplýsingalögin

Úrskurðarnefnd segir þjóðkirkjuna heyra undir upplýsingalög. Hún þurfi að afgreiða beiðnir um gögn í höndum kirkjunnar í samræmi við það. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar um upplýsingamál í kærumáli vegna synjunar kirkjunnar á að upplýsa söluverð Laugavegar 31. Verðið var 451 milljón króna.

STJÓRNSÝSLA Þjóðkirkjan er formlegur handhafi framkvæmdavalds og heyrir því undir upplýsingalög eins og aðrir opinberir aðilar, segir úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Þjóðkirkjan seldi Laugaveg 31, svokallað Kirkjuhús, í fyrrahaust. Kirkjan neitaði að gefa upp söluverðið og bar við trúnaði við kaupandann sem var Valdimar Kr. Hannesson og fjölskylda. Talsmaður kaupendanna, Rúnar Ómarsson, sagði hins vegar við Fréttablaðið stuttu eftir söluna að gefa mætti kaupverðið upp ef þjóðkirkjan samþykkti. Ítrekuðum erindum Fréttablaðsins til kirkjunnar varðandi þetta hefur hins vegar enn ekki verið svarað.

Nú hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál úrskurðað í kærumáli sem ónefndur fréttamaður beindi til nefndarinnar vegna þess að honum var synjað um upplýsingar um söluverðið.

Þjóðkirkjan kvaðst við meðferð málsins hjá kærunefndinni ekki heyra undir upplýsingalög. Sagði kirkjan að þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um að ríkisvaldinu beri að styðja og styrkja þjóðkirkjuna séu ríkið og þjóðkirkjan ekki eitt. Þjóðkirkjan sé skilgreind í lögum sem trúfélag, en ekki sem stofnun.

„Þjóðkirkjan skuli samkvæmt ákvæði stjórnarskrárinnar njóta stuðnings ríkisvaldsins en það breyti því ekki að hún fari hvorki með ríkisvald né sé í eigu ríkisins," segir um rök þjóðkirkjunnar í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar. „Staða þjóðkirkjunnar gagnvart upplýsingalögum sé því ekki önnur en annarra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga sem einnig njóti lögbundinna sóknargjalda frá félagsmönnum sínum."

Laugavegur 31 er glæsileg bygging sem komst í eigu þjóðkirkjunnar árið 1994. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Agnes Sigurðardóttir, biskup Þjóðkirkjunnar.

Enn fremur sögðu Þjóðkirkjumenn að að með samningi milli ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta hefði verið staðfestur sameiginlegur skilningur ríkis og þjóðkirkju á sjálfstæðri stöðu þjóðkirkjunnar sem trúfélags.

„Úrskurðarnefndin fær ekki séð að þessar breytingar leiði til þess að formleg staða þjóðkirkjunnar sem handhafa framkvæmdavalds hafi breyst og þar með staða hennar með tilliti til gildissviðs upplýsingalaga," segir meðal annars í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar sem leggur fyrir þjóðkirkjuna að taka erindi hins ónefnda fréttamanns fyrir að nýju og afgreiða í samræmi við upplýsingalög.

Laugavegur 31 hafði í tvígang verið settur á sölu áður en kirkjuráð samþykkti í september síðastliðnum að selja eignina. Söluverðið var 451 milljón króna að því er kemur fram í afsali sem þinglýst var 17. desember. Ásett verð fyrir fram var hins vegar 570 milljónir.

Fyrir rúmum fjórum árum hafnaði kirkjuráð öllum kauptilboðum sem bárust í húsið „á þeirri forsendu að þau uppfylli ekki þær væntingar sem lagt var upp með varðandi söluna", að því er sagði í tillögu frá forseta kirkjuráðs, Agnesi Sigurðardóttur biskupi. Ekki voru allir kirkjuráðsmenn sáttir við þá niðurstöðu. „Ég harma þá afstöðu meirihluta kirkjuráðs að greiða atkvæði með tillögu forseta kirkjuráðs og hafna þar með fyrirliggjandi og mjög ásættanlegu kauptilboði," bókaði Stefán Magnússon, annar af tveimur fulltrúum leikmanna í ráðinu.

gar@frettabladid.is

MEST SELDI BÍLL

ALLRA TÍMA

TOYOTA COROLLA

Verð frá: 4.890.000 kr.

Þessa dagana er hægt að **Corollaða** það besta fram hjá söluráðgjöfum okkar. Láttu sjá þig, þeir taka óvenju vel á móti þér.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Stúdentaráð beitir sér gegn spilakössum HÍ

SAMFÉLAG Fulltrúar stúdentaráðs Háskóla Íslands (HÍ) hafa lagt til að HÍ finni sér aðra leið til fjármögnunar en rekstur spilakassa og biðla til skólans að hætta starfseminni. Happdrætti Háskóla Íslands er annar tveggja rekstraraðila spilakassa hér á landi.

Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku

Máli sínu til stuðnings segir ráðið HHÍ eiga 500 spilakassa sem skili 700 milljóna hagnaði árlega. Hann fari „vissulega í byggingar háskólans og tækjabúnað en til að gera háskólanum kleift að fjármagna þessar byggingar þarf hann að ýta undir fíkn er kemur að spilakössum."

Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku, er flutningsmaður tillögunnar. „Það er mikilvægt að þetta mál sé á borði stúdenta og að við látum okkar skoðun í ljós um það hvernig farið er að því að fjármagna okkar byggingar," segir Lenya.

Hún segir samstöðu um málið í ráðinu. „Það kom mér skemmtilega á óvart að allir séu sammála um þetta, Vaka er mikil minnihlutafylking." Ályktunar er vænst eftir helgi. **– bdj**

Bílastæðaklukkur Akureyringa voru ágætis tilraun. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Taka aftur upp reykvíska siði um bílastæði

AKUREYRI Hinar margfrægu bílaklukkur á Akureyri heyra brátt sögunni til, en bæjarráð hefur samþykkt að taka upp gjaldskyldu á ný á bílastæðum miðbæjarins.

Þó er lagt til að íbúar muni áfram hafa aðgang að íbúakorti sem veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskyld bílastæði. Fyrirkomulag íbúakorta mun í sjálfu sér haldast óbreytt, en bærinn mun rukka sérstakt umsýslugjald upp á sex þúsund krónur. Áfram verður frítt að leggja um helgar. **– bb**

Afhending handritanna var mikið deilumál í Danmörku

Fimmtíu ára afmæli komu Flateyjarbókar og Konungsbókar eddukvæða verður fagnað á miðvikudag. Forstöðumaður Árnastofnunar segir afhendinguna hafa verið mikið deilumál í Danmörku og prófessor í sagnfræði segir brýnt að kortleggja þau fjölmörgu handrit sem ennþá eru geymd á erlendum söfnum.

MENNING Á miðvikudag verða liðin fimmtíu ár frá því að danska varðskipið Vædderen kom með tvö af merkustu íslensku handritunum, Flateyjarbók og Konungsbók, til Reykjavíkur. Þremur vikum fyrr höfðu náðst samningar um skiptingu og afhendingu Dana á handritunum sem tók alls 26 ár.

Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar, segir að taka þurfi tillit til aðstæðna í samfélaginu með hvernig tímamótunum verði fagnað. Hátíðardagskrá fyrir börn verður í Hörpu um morguninn og henni streymt á netinu í alla skóla landsins. Sama dag verður gefin út barnabók upp úr Möðruvallabók eftir Arndísi Þórarinsdóttur. Síðdegis verður lagður hornsteinn að Húsi íslenskunnar sem stefnt er á að opna sumarið 2023.

„Handritin geyma hinn einstaka menningararf miðalda," segir Guðrún og nefnir til dæmis þau handrit sem komu þennan dag, 21. apríl, 1971. „Konungsbókin geymir eddukvæðin, þennan ævintýra- og hugmyndaheim Norður-Evrópu sem væri annars ekki til. Flateyjarbók geymir sögur norsku konunganna." Alls komu 1.666 handrit úr safni Árna Magnússonar og um 140 handrit úr Konungsbókhlöðunni.

Sum handritin geyma Íslendingasögur, önnur lagatexta og enn önnur kirkjutexta. Guðrún segir að þessi arfur hefði glatast ef ekki hefði verið fyrir skriftaráráttu Íslendinga í gegnum aldirnar, sem kostaði mjög mikið. „Eitt blað í stóru handriti eins og Flateyjarbók útheimti skinn af heilum kálfi," segir hún.

Handritunum í Árnasafni var skipt milli Íslendinga og Dana, nokkurn veginn til helminga, af sérstakri nefnd. Í skiptanefndinni urðu harðar deilur um einstök handrit. Þau handrit sem fjölluðu um íslensk málefni voru flutt yfir hafið en þau sem fjölluðu um samnorræn efni urðu eftir, eins og þýðingar.

„Fólk leit á þessa baráttu sem lokahnykkinn í sjálfstæðisbaráttunni," segir Guðrún. „Íslendingar stóðu saman eins og einn maður og það var þjóðhátíð í bænum þegar fyrstu handritin komu. En þetta var mikið deilumál í Danmörku." Danska þingið samþykkti afhendinguna loks árið 1961 og aftur 1965. Í tvígang fór málið hins vegar fyrir hæstarétt og síðast í mars 1971.

Danskir sjóliðar afhentu handritin við hátíðlega athöfn í Reykjavíkurhöfn. MYND/BRAGI GUÐMUNDSSON

> **Mörgum fannst Danir sýna ótrúlegt örlæti.**
>
> Már Jónsson, prófessor í sagnfræði

Már Jónsson, prófessor í sagnfræði, segir oft gæta misskilnings í samfélaginu um handritin. Að margir haldi að þau hafi verið öll í Danmörku og séu nú öll hér á landi. En íslensk handrit eru varðveitt í sennilega á annan tug stofnana, til dæmis í Svíþjóð og í Bretlandi.

Á 17. öld vaknaði áhugi konunga í Danmörku og Svíþjóð á að fá handrit, sem valdamenn hér sendu til þess að koma sér í mjúkinn hjá þeim. Stærstur hluti þeirra skinnhandrita sem til eru koma úr safni Árna Magnússonar sem tók safnið með sér til Kaupmannahafnar og arfleiddi háskólann þar að því.

„Á þessum tíma var fólk farið að skera niður handrit því að efnið var verðmætt. En Árni stöðvaði þessa þróun og safnaði hverri skinnpjötlu," segir Már og nefnir sem dæmi elstu brot Egils sögu og Grágásar. „Við getum ímyndað okkur að merkustu handritin hefðu kannski ekki varðveist ef ekki væri fyrir Árna en hann bjargaði gríðarlegu magni."

Már nefnir einnig Jón Sigurðsson, einn helsta leiðtoga Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni, sem safnaði handritum. Rétt eins og Árni hafði hann hagsmuni af því að varðveita þau í Kaupmannahöfn, þar sem hann bjó og starfaði.

„Umræðan um hvar handritin ættu að vera geymd var vakandi alla 19. öldina en aðstæðurnar hér á Íslandi voru skelfilegar. Ekkert bókasafn og engar almennilegar geymslur," segir Már. Safn Jóns var keypt að honum látnum og árið 1908 var Safnahúsið fullbyggt. Árið 1928 tókst Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði að fá handrit úr Konunglegu bókhlöðunni vegna þess að þau væru opinber skjöl.

Þó að deilur hafi staðið yfir í Danmörku segir Már að tiltölulega góð sátt hafi náðst. „Viðbrögð Dana voru eðlileg. Kaupmannahafnarháskóli hafði átt þessi handrit í 250 ár. Þarna var ágæt stofnun sem Jón Helgason fór fyrir, gríðarmikil útgáfustarfsemi og kennsla í íslensku," segir hann. Sams konar viðbrögð hafi sést hjá öðrum fyrrverandi nýlenduþjóðum, þar sem söfn liggja á ótrúlegum fjársjóðum frá fjarlægum löndum. „Mörgum fannst Danir sýna ótrúlegt örlæti."

Varðandi spurninguna um að fá fleiri handrit til landsins segir Már sjálfsagt að láta reyna á það að fá eins og tvær skinnbækur við opnun Húss íslenskunnar. Hann telur þó víðtækari umræðu um nýjar kröfur tímaskekkju.

„Handritin í útlöndum skipta hundruðum, aðallega frá 17. og 18. öld, fyrir utan þau þúsund sem enn eru í Árnasafni," segir Már og það skipti hvorki fræðilega né menningarlega máli að fá þau öll til landsins. Önnur mál séu hins vegar brýn.

„Fyrir fræðimenn er stóra verkefni framtíðar að fá skrá eða yfirlit yfir öll þau handrit sem til eru hjá erlendum stofnunum," segir Már. Á sjöunda áratugnum var hafið átak en enn er slíkur gagnagrunnur ekki til. Annað er að gera skurk í stafrænni myndatöku sem myndi gera fræðimönnum kleift að vinna með handritin án þess að þurfa að ferðast milli landa.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Parket

Parki INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnsþolnu harðparketi og vínylparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14.**

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf

Parki **Dalvegi 10-14,** 201 Kópavogi • 595 0570

Finndu okkur á **Facebook!** facebook.com/Parki.interiors

RENAULT
Passion for life

Njóttu lífsins á rafmögnuðum **Renault**

Plug-in Hybrid

Plug-in Hybrid

Hybrid

100% rafmagn

CLIO, ZOE, CAPTUR OG MEGANE: Fjórir frábærir og tæknilega fullkomnir bílar, PHEV, Hybrid eða 100% rafknúnir. Veldu þann sem passar þínum lífsstíl. Renault - við elskum lífið.

Heimsending á reynsluakstri – við komum með bílinn til þín!
Hafðu samband við okkur og pantaðu reynsluakstur. Við getum tekið gamla bílinn þinn í söluskoðun á meðan þú kynnist nýjum Renault.

www.renault.is

Opið í dag frá 12–16

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

*Drægi miðast við upplýsingar frá framleiðanda ásamkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í akstri. ENNEMM / NM / 1941 / NMO 054 3

Þrettán mál komið á borð mansalsteymis

Þrettán mál hafa komið á borð teymis í umsjón Bjarkarhlíðar í mansalsmálum á síðustu níu mánuðum. Flest málanna varða vinnumansal og eru fjórir gerendur Íslendingar. Í tíu tilvikum hefur grunur um mansal verið staðfestur.

LÖGREGLUMÁL Þrettán mansalsmál hafa komið á borð mansalsteymis Bjarkarhlíðar síðan í júlí í fyrra, þar af fimm á þessu ári. Í tíu þessara mála er „grunur um mansal staðfestur miðað við þau gögn sem sérfræðingur Bjarkarhlíðar hefur fengið um málið," að því er segir í samantekt Bjarkarhlíðar.

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kötlu Hólm Þórhildardóttur, þingmanns Pírata, sem birt var á vef Alþingis í vikunni, er fjallað um aðgerðir stjórnvalda gegn mansali; einkum um framkvæmdateymi um mansalsmál sem Bjarkarhlíð var falið að hafa umsjón með tímabundið í eitt ár, í tilraunaskyni. „Teymið er kallað saman þegar upp koma mansalsmál, eða þegar grunur er um slíkt, í þeim tilgangi að samhæfa störf og viðbrögð þeirra aðila sem koma að málum frá upphafi bæði í velferðarþjónustu og hjá lögreglu," segir í svari ráðherra.

Þolendurnir í málunum þrettán eru frá ellefu löndum; Sómalíu, Malí, Póllandi, Nepal, Kína, Filippseyjum, Víetnam, Nígeríu, Gana, El Salvador og Taílandi. Þar af voru tveir frá Sómalíu og Nígeríu. Um er að ræða níu konur og fjóra karla á aldrinum 21 til 48 ára. Tvö börn undir 18 ára bjuggu á heimili þolenda og hafði barnaverndartilkynning verið send áður en málin komu til Bjarkarhlíðar.

Gerendur voru frá sjö löndum; Filippseyjum, Gana, Kína, Taílandi, Sómalíu, Ítalíu og fjórir frá Íslandi. Í tveimur tilfellum var um marga gerendur að ræða. Sjö gerendur voru karlar og í hin skiptin var um marga gerendur að ræða.

Átta mál voru flokkuð sem vinnumansal, þar af eitt sem bæði kynlífs- og vinnumansal. Fjögur voru flokkuð sem kynlífsmansal og tvö sem mál er varða smygl á fólki. Lögregla kom á vettvang vegna ofbeldis gegn þolanda í tengslum við eitt mál.

Í flestum tilfellum var vettvangur brotanna vinnustaður en þrjú mál á sameiginlegu heimili geranda og þolanda. Eitt mál gerðist á hóteli eða gistiheimili og eitt mál á víðavangi, samkvæmt flokkun Bjarkarhlíðar.

thorvardur@frettabladid.is

Bjarkarhlíð er sjálfstætt starfandi miðstöð fyrir þolendur ofbeldis sem hefur umsjón með framkvæmdateyminu til eins árs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

» Í samantektinni kemur fram að tíu þessara mála hafi sérfræðingar teymisins staðfest grun um mansal.

Ársfundur 2021

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar verður haldinn miðvikudaginn 12. maí kl. 13.00 í húsakynnum Brúar lífeyrissjóðs, Sigtúni 42, Reykjavík.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2020
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingastefna sjóðsins kynnt
5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna
6. Kynning á breytingum samþykkta sjóðsins
7. Önnur mál

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélaga eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Vegna samkomutakmarkana er óskað eftir að aðilar skrái þátttöku sína á fundinn með því að skrá sig á þar til gert form á heimasíðu sjóðsins lifbru.is eða hafi samband við skrifstofu sjóðsins í síma 5400 700 eða með tölvupósti á lifbru@lifbru.is.

Reykjavík, 7. apríl 2021

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Yfirlit yfir afkomu ársins 2020

Breyting á hreinni eign í m.kr	2020	2019
Iðgjöld	3.325	2.969
Lífeyrir	-5.720	-5.393
Hreinar fjárfestingatekjur	6.792	6.676
Rekstrarkostnaður	-188	-193
Breyting á hreinni eign	4.209	4.059
Hrein eign frá fyrra ári	82.874	78.815
Hrein eign til greiðslu lífeyris	87.083	82.874
Efnahagsreikningur 31.12.20 í m.kr.		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	16.148	11.078
Skuldabréf	68.167	70.052
Kröfur	326	233
Handbært fé	2.970	1.853
Ýmsar skuldir	-528	-342
Hrein eign til greiðslu lífeyris	87.083	82.874
Kennitölur		
Nafnávöxtun	8,1%	8,4%
Raunávöxtun	4,4%	5,5%
Raunávöxtun 5 ára meðaltal	3,6%	4,0%
Raunávöxtun 10 ára meðaltal	3,9%	3,7%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	9,1%	24,2%
Virkir sjóðfélagar	250	290
Fjöldi lífeyrisþega	3.599	3.473
Sjóðfélagar í árslok	16.070	16.210

Allar fjárhæðir í milljónum króna.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Á árinu 2020 greiddu að meðaltali 250 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og námu heildariðgjöld ársins 3.325 m.kr. með aukaframlagi launagreiðenda. Að meðaltali fengu 3.599 einstaklingar greiddan lífeyri frá sjóðnum og nam hann 5.720 m.kr. Rekstrarkostnaður ársins var 188 m.kr. Hreinar fjárfestingatekjur ársins voru 6.792 m.kr. Nafnávöxtun sjóðsins var 8,1% en raunávöxtun 4,4%.
Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 4.209 m.kr. á árinu og nam 87.083 m.kr. í árslok. Tryggingafræðileg athugun sjóðsins sýnir að eignir umfram skuldbindingar nema um 9,1%.
Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum en Brú lífeyrissjóður hefur annast rekstur sjóðsins frá 1998.

Í stjórn sjóðsins sitja:
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður stjórnar,
Ása Clausen, Janus Arn Guðmundsson,
Rannveig Ernudóttir og Þorgrímur Hallgrímsson

Framkvæmdastjóri: Gerður Guðjónsdóttir

Lífeyrissjóður
starfsmanna Reykjavíkurborgar

AÐALFUNDUR
SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins miðvikudaginn 12. maí klukkan 12:00

Fyrirhugað er að halda fundinn rafrænt, vegna sóttvarnarráðstafana.

Verði létt á sóttvarnarreglum mun fundurinn haldinn í húsnæði SA.
Fari svo mun það tilkynnt með góðum fyrirvara.

Fram fara hefðbundin aðalfundarstörf þar sem greint verður meðal annars frá kjöri formanns Samtaka atvinnulífsins og stjórnar SA 2021-2022.

Rétt til setu á aðalfundinum eiga stjórnendur aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins ásamt starfsmönnum SA og aðildarsamtaka.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi fara fulltrúar í fulltrúaráði með atkvæðarétt.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar fyrir næstliðið starfsár
2. Reikningar samtakanna fyrir næstliðið reikningsár
3. Kjöri formanns lýst
4. Kjöri stjórnar lýst
5. Kosning löggilts endurskoðanda
6. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál

SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Við stefnum hátt

VIÐ STEFNUM Á NÚLLIÐ

Kolefnishlutlaus steinsteypa
frá og með 2030

Við höfum sett okkur það metnaðarfulla markmið að öll okkar steypuframleiðsla og starfsemi verði kolefnishlutlaus árið 2030. Það er áskorun án hliðstæðu í heiminum.

Við ætlum okkur að verða umhverfisvænsti steypuframleiðandi landsins – og þótt víðar væri leitað.

VOTTAÐ GÆÐAKERFI ÍST ISO 9001

bmvalla.is

BM·VALLÁ

AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsókna 20 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og 4 leyfi á Akureyri.

Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Samgöngustofu, www.samgongustofa.is.

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk. fyrir Akureyri og 20. maí nk. fyrir höfuðborgarsvæðið og Suðurnes.

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

Þolinmæði kínverskra stjórnvalda á þrotum

Fjöldi af áberandi aðgerðasinnum í lýðræðisbaráttu Hong Kong hefur verið dæmdur í fangelsisvist á grundvelli nýrra laga. Alþjóðastjórnmálafræðingur telur að þolinmæði kínverskra stjórnvalda gegn andstöðunni sé á þrotum.

HONG KONG Dómstóll í Hong Kong hefur dæmt fjölmiðla- og auðjöfurinn Jimmy Lai í eins árs fangelsi vegna mótmæla í ágúst árið 2019. Ákærurnar á hendur Lai vörðuðu umdeild lög sem tóku gildi í í fyrra og fela í sér bann við andófi í garð kínverskra stjórnvalda.

Lai hefur verið virkur í andstöðu gegn kínverskum stjórnvöldum en hann er eigandi fjölmiðilsins Apple Daily News, sem hefur ítrekað birt efni sem gagnrýnir ítök stjórnvalda Peking í Hong Kong. Ásamt Lai var fjöldi annarra áberandi aðgerðarsinna dæmdur til fangelsisvistar fyrir þátttöku í mótmælunum.

„Ein af ástæðunum fyrir því að þessir dómar eru að falla núna er að þolinmæði kínverskra stjórnvalda er á þrotum," segir Helgi Steinar Gunnlaugsson alþjóðastjórnmálafræðingur. Með þessu séu stjórnvöld að eyða von lýðræðissinna um málamiðlun. Með því að fara eftir háttsettum einstaklingum í hreyfingunni sendi stjórnvöld þau skilaboð að enginn sé ósnertanlegur.

„Jimmy Lai vissi líklega sjálfur að þetta myndi enda svona," segir Helgi, en bendir á að með aðgerðunum séu aðgerðarsinnar gerðir að píslarvottum. „Þeir hugsa að með því að dæma Lai og aðra í fangelsi sé málið búið, því þannig sé málum háttað á meginlandinu. En spurningin er hversu lengi verður hægt að halda honum sem píslarvotti og hve mikil áhrifin verða."

Jimmy Lai var handtekinn í febrúar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Ef það er eitt sem kínverska ríkisstjórnin gerir mjög vel þá er það að drepa niður baráttuanda í andspyrnuhreyfingum.**

Helgi Steinar Gunnlaugsson alþjóðastjórnmálafræðingur

Að mati Helga er barátta lýðræðissinna í Hong Kong smám saman að fjara út. „Ef það er eitt sem kínverska ríkisstjórnin gerir mjög vel, er það að drepa niður baráttuanda í andspyrnuhreyfingum," segir hann.

arnartomas@frettabladid.is

MÁLÞING: AÐGENGI AÐ SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTU

Öll þurfum við á sálrænum stuðningi að halda á lífsleiðinni, en meðferð er dýr og hefur ekki verið niðurgreidd. Um áramótin tóku gildi lög um niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu sem hafa ekki enn komið til framkvæmdar. Er ekki tími til kominn? Eftir hverju er verið að bíða?

Málefnahópur Öryrkjabandalags Íslands um heilbrigðismál boðar til málþings, 20. apríl 2021 um aðgengi að sálfræðiþjónustu. Málþingið verður í beinu streymi á Zoom. Hlekkinn er að finna á obi.is

Dagskrá

20. APRÍL 2021

Fundarstjóri: Sigmundur Ernir Rúnarsson

13:00 Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ opnar málþingið
13:10 Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál og stefnu til framtíðar í málaflokknum
13:30 Kristbjörg Þórisdóttir sérfræðingur í klínískri sálfræði um geðheilsugæslu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
13:50 Bergþór Njarðvík um reynslu notanda
14:10 Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þingmaður Viðreisnar um vilja Alþingis
14:30 Hlé
14:50 Tryggvi Guðjón Ingason formaður Sálfræðingafélags Íslands um afstöðu félagsins
15:10 Emil Thoroddsen formaður málefnahóps ÖBÍ um heilbrigðismál leiðir inn í pallborð
15:25 Pallborðsumræður með fulltrúum flokka á Alþingi um áherslur að loknum kosningum
16.15 Samantekt og lokaorð
16:30 Málþingi slitið

Málþingið er rit- og táknmálstúlkað

ÖBÍ

Áður hefur skorist í odda með Rússum og Úkraínumönnum í sundinu en Rússar hertóku þrjú úkraínsk skip í sundinu árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rússar segja birgðaskip mega sigla um Kertssund

ALÞJÓÐAMÁL Rússnesk stjórnvöld segja stöðvun umferðar herskipa og annarra erlendra skipa um hluta Svartahafs muni ekki hafa áhrif á almenna skipaumferð um Kertssund við Krímskaga. Ríkisfjölmiðillinn RIA greinir frá þessu. Úkraínumenn hafa harðlega gagnrýnt lokunina, sem gildir næsta hálfa árið, og sagt hana brjóta á rétti landsins sem strandríkis.

Kertssund, sem tengir Svartahafið við Asovhaf, gegnir lykilhlutverki í birgðaflutningum, sérstaklega með kornmeti. Rússar segja nú að erlendum fraktskipum, farþegaskipum og veiðiskipum muni áfram verða hleypt í gegn. En Rússar innlimuðu Krímskaga árið 2014 og hafa sundið á sínu valdi.

Lokunin er ekki til þess að létta á spennunni milli Rússlands og Úkraínu. Skærur milli rússneskra uppreisnarmanna í Austur-Úkraínu og hers Úkraínumanna hafa aukist undanfarnar vikur og Rússar eru með stóran herafla við landamærin, reiðubúnir að skerast í leikinn. Hafa Úkraínumenn biðlað til vesturveldanna um stuðning.

> **Minnstu munaði að sjóorrusta hæfist milli rússneska og úkraínska flotans á fimmtudag.**

Minnstu munaði að sjóorrusta yrði á fimmtudag þegar þrjú úkraínsk herskip og fimm strandgæsluskip Rússa mættust við Kertssund, nokkrum klukkutímum áður en sundinu var lokað. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem flotarnir mætast þar, en árið 2018 tóku Rússar þrjú úkraínsk skip herfangi og handtóku 24 skipverja.

Bæði Rússar og Úkraínumenn hafa haldið stórar heræfingar nýlega til þess að sýna mátt sinn. Samfara lokuninni á Svartahafi hafa Rússar bannað allar heræfingar erlendra ríkja þar. Bandaríkjamenn vonast enn til þess að hægt sé að lægja öldurnar og ákváðu að hætta við að senda tvö beitiskip í gegnum sundið eins og áætlað var.

– khg

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

FORSALA HEFST
21. apríl 2021

Audi Q4 e-tron

Rafmögnuð nærvera sem tekið verður eftir

Við kynnum nýjan og alrafmagnaðan sportjeppa sem kemur til landsins í byrjun júní.

Verð frá **6.790.000 kr.**

Úrval vistvænna Audi

Audi Q7 TFSI e
Design

Glæsilegur og einkar vel útbúinn fjórhjóladrifinn tengiltvinnjeppi. Aukabúnaður í Design er meðal annars hiti í stýri, lyklalaust aðgengi, snertilaus opnun og lokun á afturhlera, dráttarbeisli og stillanleg loftpúðafjöðrun.

Verð **12.790.000 kr.**

Tengiltvinnbíll

Innifalinn ávinningur
1.270.000 kr.

Audi e-tron 50
Advanced

Alrafmagnaður, fjórhjóladrifinn og hlaðinn búnaði. Aukabúnaður í Advanced er meðal annars 20" álfelgur, hiti í stýri, lyklalaust aðgengi, leiðsögukerfi og stillanleg loftpúðafjöðrun.

Eigum nokkra lausa til afhendingar

Verð **9.590.000 kr.**

Veldu uppáhaldsbílinn og taktu hann frá á **www.hekla.is/audisalur**

Fylgdu okkur! @audi

www.audi.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Síldin kemur

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Þessi þjóð hefur lengi glímt við að nýta lífverur sér til viðurværis. Sögur segja að hingað hafi Norðmenn flutt forðum, því þeim líkaði ekki harðstjórnarfar Haraldar hárfagra Noregskonungs. Það má vera að sú hafi verið ástæðan fyrir að karlar og konur tóku sig upp og fluttu hingað norður á hjara.

En hvað sem því líður þá kom í ljós að fyrir ströndum landsins voru þá og eru enn fengsæl fiskimið. Þannig er það víða þar sem hafstraumar mætast og allra best er þegar þeir eru hlýir og kaldir.

Hægt gekk að byggja upp landið og landsmenn skiptust í tvo hópa eftir viðfangsefnum, annar sinnti landbúnaði og hinn sjávarútvegi og einstaka sinnti hvoru tveggja.

Þannig hafa Íslendingar vanist því að sækja á auðlindir landsins og nýta þær sér til framfærslu. Segja má að þeir sem sóttu sjóinn hafi snemma uppgötvað að auðlindin syndir inn og út úr færi til þess að nýta hana. Byggð landsins lagaði sig að þessu og þéttbýli myndaðist þar sem styttra var á miðin. Fólk byggði upp áður fáfarna kima landsins til að minnka fyrirhöfnina við sjósóknina. Það er því ekkert nýtt að „síldin komi og síldin fari“. Að því hafa þeir sem sækja sjóinn þurft að laga sig um aldir og ár.

Þegar síldin fór á sjöunda áratugnum hafði verið staðið fyrir uppbyggingu víða til að vinna gull úr silfri hafsins. Eftir stóðu minnisvarðar um glæstar vonir sem ekki urðu að veruleika og um það vitna verkefnalaus mannvirki jafnt í Djúpavík og á Hjalteyri.

En svo bættist nýr atvinnuvegur við, ferðaþjónustan. Eiginlega fyrst af alvöru eftir Eyjafjallajökulsgosið, jafnvel þótt fyrir það hafi reytingur af erlendu ferðafólki lagt hingað leið sína. Og þegar best gekk skilaði ferðaþjónustan meiri tekjum í þjóðarbúið en nokkur annar atvinnuvegur. Meira að segja sókn á gjöful fiskimiðin, þar sem þekkingu og tækni er beitt samhliða til að nýta þá auðlind sem best, stóðst ekki ferðaþjónustunni snúning.

Áður en við var litið höfðu íbúðar- og atvinnuhús fengið nýtt hlutverk og voru orðin gistihús. Önnur voru rifin og byggð hótel. Veitingastaðir spruttu upp víðs vegar, nýir áfangastaðir sem enginn þekkti urðu fjölfarnir. Allt lék í lyndi.

Svo kom veiran og síldin fór.

En þessi síld hagar sér öðru vísi en sú forðum. Þessi síld bíður þess að fá að fara um höf og lönd á ný. Sá dagur kemur brátt að hún lætur á sér kræla aftur. Þá er betra að ekki hafi verið gengið svo um að hefja þurfi uppbyggingarstarf í ferðaþjónustunni á ný frá grunni.

Um allt land eru fyrirtæki sem eru á heljarþröm af tekjuleysi þrátt fyrir björgunaraðgerðir stjórnvalda. Hótel eru í greiðsluskjóli, starfsmenn veitingahúsa að leita í aðrar greinar og ýmiss konar ferðaþjónustustarfsemi í uppnámi. Og áhrifin af þessu ná miklu víðar en til ferðaþjónustunnar einnar.

Nú þegar hillir undir að takist að ráða niðurlögum faraldursins verðum við að tryggja að ferðamennirnir hafi að einhverju að hverfa þegar þeir loks koma á ný.

En þessi síld hagar sér öðru vísi en sú forðum. Þessi síld bíður þess að fá að fara um höf og lönd á ný.

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Lífið á hugmyndastigi

Í vikunni steig ég inn í fataverslun í fyrsta sinn í heilt ár. Ég hafði lengi séð andartakið fyrir mér; litskrúðugar spjarir eins og regnbogi möguleikanna á glampandi slám, brosandi starfsfólk með ævintýralega hvítar tennur, tónlist sem fékk hjartað til að dilla sér, lykt af ilmvatni og fersku pólýester, viðskiptavinir á harðaspretti milli rekkanna eins og kýr sem hleypt er út að vori.

Í lok mars 2020 var öllum verslunum hér í Bretlandi, þar sem ég bý, skellt í lás að undanskildum þeim sem seldu nauðsynjar á borð við mat og lyf. Vegna kórónaveirunnar hafa þær verið meira og minna lokaðar síðan. Í vikunni var varfærið skref stigið í átt að enduropnun bresks samfélags. Frelsið leit hins vegar öðruvísi út en ég hafði ímyndað mér. Á hillum verslana lá rykfallinn lager síðasta árs á afslætti. Starfsfólk með grímur bauð góðan daginn af maníska gleði í nöturlegri mótsögn við skelkað augnaráðið eins og fórnarlömb gíslatöku. Loftið angaði af sótthreinsandi. Viðskiptavinir merktu sér sína tvo metra og hvæstu á þá sem virtu ekki svæðið þeirra.

Að bana fiðrildi

Hver er tilgangur lífsins? Samkvæmt rithöfundinum Douglas Adams sem skrifaði hina sívinsælu skáldsögu „The Hitchhiker's Guide to the Galaxy“ er það 42. Adams, sem lést fyrir aldur fram árið 2001, var einn hugmyndaríkasti rithöfundur Breta. En þrátt fyrir það þótti honum ritstörfin oft þjáningarfull. Á minnismiða sem fannst í fórum Adams brýndi hann fyrir sjálfum sér að þótt ferlið væri kvöl fengi hann jú stundum ánægju út úr baslinu: „Það að skrifa þarf ekki að vera svo slæmt ... Maður þarf bara að gleyma áhyggjunum, þjösnast áfram og ekki fara hjá sér yfir því slaka.“

Mörg bíðum við þess með eftirvæntingu að hlutirnir færist aftur í fyrra horf eftir kóvid. En ekki öll. Könnun sýnir að 16% Breta kunnu vel við sig í lokuðu samfélaginu. Margir kvíða því að þurfa að stíga aftur út í lífið.

Douglas Adams er ekki eini rithöfundurinn sem taldi iðn sína kvalafulla. Bandarískri rithöfundurinn Ann Patchett skrifaði í æviminningum sínum að hamingjuríkasti tími lífs hennar sem rithöfundur væri hugmyndastigið. Á því stigi er bókin sem velkist um í huganum „stórkostlegasta skáldsaga bókmenntasögunnar,“ skrifar hún. „Það eina sem eftir er að gera er að koma henni niður á blað svo að allir megi sjá fegurðina sem ég sé.“

En það er þá sem babb kemur í bátinn: „Ég teygi upp handlegginn og gríp fiðrildið þar sem það flýgur um. Ég tek það úr höfðinu, þrýsti því niður á skrifborðið mitt, krem það með lófanum og bana því. Auðvitað langar mig ekki til að bana því. En þetta er eina leiðin til að koma einhverju svo þrívíðu á flata blaðsíðu. ... Þetta er eins og að keyra yfir fiðrildi á jeppa. Öll fegurðin sem bjó í þessari lifandi veru – litirnir, ljósið, hreyfingin – er farin. Aðeins þurr skel vinar stendur eftir, afskræmdur líkami, rifinn og tættur sem ég púsla saman – illa.“

Við lifum nú öll á hugmyndastiginu. Við dveljum í möguleikanum, biðsal milli þess sem var og þess sem koma skal. Rétt eins og þegar kemur að skáldskap er ólíklegt að draumurinn um komandi ævintýri líkist því sem blómstrar í hugum okkar.

Ann Patchett segist ekki enn hafa lært að koma fiðrildinu á blað án þess að finnast hún hafa banað því. „Ég hef hins vegar lært að standa dauðsfallið af mér og fyrirgefa sjálfri mér.“ Orð Ann eru handhægt veganesti til vegferðarinnar sem bíður, ferðalags sem – eins og verslunarleiðangurinn minn – mun vafalítið verða uppfullt af vonbrigðum og vandræðalegum augnablikum. Er þá gott að hafa hugfasta áminningu Douglas Adams um að „ekki fara hjá sér yfir því slaka“ og „þjösnast einfaldlega áfram“. Því aðeins þannig römbum við á eitt og eitt andartak af hamingju.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Röskun á þjónustu í dag og á morgun

Um helgina innleiðum við nýtt greiðslu- og innlánakerfi. Við leggjum allt kapp á að viðskiptavinir verði sem minnst varir við innleiðinguna en ekki verður hjá því komist að þjónustan raskist eitthvað.

Viðskiptavinir geta átt von á skertri virkni í Arion appinu, netbankanum og hraðbönkum, og þessar þjónustuleiðir verða alveg lokaðar í 2–4 klukkustundir frá um 10.30, sunnudaginn 18. apríl.

Hefðbundin þjónusta kemst aftur á mánudaginn 19. apríl.

Nánari upplýsingar á **arionbanki.is**.

DORA
Borðstofustóll. Hvíttuð olíuborin eik og svart leður

55.992 kr. ~~69.990 kr.~~

NYBORG
Borðstofustóll. Svart beyki og svart PU leður í mjúku sæti.

39.992 kr. ~~49.990 kr.~~



RICHMOND
Stækkanlegt eldhús-/borðstofuborð úr massívri, olíuborinni eik. Stöðugt og vandað borð. Hægt er að kaupa stækkanir á báða enda borðsins (50 cm hvor. Seljast sér). Borðplatan er með fiskibeinamynstri en er þó algerlega slétt og því gott að þrífa hana. Borðið er fáanlegt í tveimur stærðum.

Borð stærð: 95 x 160 H: 76,2 cm
87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

Borð stærð: 95 x 220 H: 76,2 cm
103.992 kr. ~~129.990 kr.~~

Stækkanir: 95 x 50 cm
27.992 kr. ~~34.990 kr.~~

DUAL
Borðstofustóll. Grátt, gænt, svart og bronslitt sléttflauel.

27.192 kr. ~~33.990 kr.~~

GAIN
Sérlega þægilegur borðstofustóll. Fáanlegur bæði í svörtu PU leðri og gráu velúr áklæði.

23.992 kr. ~~29.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR AF SMÁVÖRU FRÁ

BROSTE COPENHAGEN · NORDAL · Bitz · eva solo · ester & erik · Verti COPENHAGEN · by Sommer · ZONE DENMARK · KAY BOJESEN DENMARK · bodum · Medusa Copenhagen

VINSÆLU MATAR- OG KAFFISTELLIN FRÁ BROSTE ERU KOMIN – 3 GERÐIR.
BROSTE NORDIC COAL,
BROSTE NORDIC SAND OG
BROSTE NORDIC SEA.

FALLEG DÖNSK GÆÐAVARA!

NORDIC SAND

BROSTE COPENHAGEN

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

DANSKIR DAGAR

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM*

KLINT
Flottir og stílhreinir 2ja og 3ja sæta sófar úr svörtu bonded leðri. Klassísk skandinavísk hönnun. Fætur, hliðar og grind úr olíuborinni eik. Sethæð: 45 cm.

2ja sæta: 138 x 81 x 80 cm
95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

3ja sæta: 193 x 81 x 80 cm
119.992 kr. ~~149.990 kr.~~



RIA
Nettir og einstaklega þægilegir 2ja og 3ja sæta sófar. Bleikt (Dusty Rose) eða grábrúnt sléttflauel. Einnig fáanlegur í gráu eða dökkgráu, slitsterku Holly áklæði.

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm
79.992 kr. ~~99.990 kr.~~

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm
87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

ANDRUP
Vandaður hægindastóll. Sæti og bak úr svörtu leðri. Grind og fætur olíuborinni eik eða svartri.

151.992 kr.
~~189.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn husgagnahollin.is

** Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

HEYRNARHJÁLP

AÐALFUNDUR Heyrnarhjálpar

Aðalfundur Heyrnarhjálpar, félags heyrnarskertra á Íslandi, verður haldinn **þriðjudaginn 27. apríl 2021 í Safnaðarheimili Langholtskirkju kl. 20.00.**

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundastörf.

Fundurinn verður rittúlkaður og boðið verður upp á kaffiveitingar.

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
FRÉTTABLAÐIÐ

Hamar er að fara inn í sitt annað keppnistímabil. MYND/JÚLÍANA DÖGG ÖNNUDÓTTTIR CHIPA

Tímabært framtak

Hamar setti á laggirnar kvennalið í fótbolta árið 2019. Ári síðar var liðið skráð í deildarkeppni og í febrúar árið 2020 var Hermann K. Hreinsson ráðinn þjálfari.

FÓTBOLTI Meginkjarni Hamarsliðsins, sem leikur í annarri deild kvenna í fótbolta, eru heimakonur úr Hveragerði, leikmenn með tengingar í bæinn og svo leikmenn sem koma frá bæjunum í kringum Hveragerði.

Íris Sverrisdóttir, sem leikið hafði með Selfossi allan sinn feril, söðlaði um árið 2019 og lék með Hvergerðingum síðasta sumar. Íris segir frábært að lið eins og Hamar hafi orðið til og mikill kraftur sé í starfi félagsins.

„Það hafði verið í umræðunni að búa til vettvang fyrir leikmenn af Suðurlandi sem vilja spila fótbolta en hafa ekki tíma eða áhuga á að gera það á afreksstigi. Eftir að hafa pælt í þessu í þónokkurn tíma tók fyrirliðinn okkar, Dagný Rún Gísladóttir, af skarið og hóaði saman nokkum stelpum sem hún vissi að hefðu áhuga á þessu.

Við höfðum samband við Hamar og það var mjög vel tekið í þetta og stuðningurinn frá félaginu og bæjarfélaginu hefur verið frábær. Umgjörðin í kringum liðið er til fyrirmyndar og við erum að æfa við toppaðstæður. Þá er gott fólk í kringum okkur sem vill allt fyrir okkur gera," segir Íris um tilurð þess að liðið var sett á laggirnar.

„Ég hafði sjálf æft upp alla yngri flokka og spilað í meistaraflokki með Selfossi og var bara mjög ánægð þar. Svo flutti ég í bæinn og fór í mastersnám í sálfræði og tók smá pásu frá fótboltanum. Áhuginn var samt ennþá til staðar en bara á öðrum forsendum en voru í gangi hjá Selfossi. Ég hafði ekki tíma til þess að spila á afreksstigi, en lið eins og Hamar var tilvalið fyrir mig," segir hún enn fremur.

„Það er í raun galið að svona lið hafi ekki verið stofnað fyrr og það sést kannski best á því að leikmannahópurinn telur í kringum 40 leikmenn á ólíkum stað í lífinu, hvað eftirspurnin eftir þessu var mikil.

Þarna eru ungar og efnilegar stelpur, leikmenn á aldur við mig sem hafa hætt tímabundið og svo allt upp í konur sem eru búnar að stofna fjölskyldu. Umræðan í klefanum getur verið mjög fjörug og rætt um mjög ólíka hluti þar. Þarna eru stelpur sem gætu verið að spila í efri deildum og gætu náð langt. Mig langar að nefna sem dæmi Brynhildi Sif Viktorsdóttur, sem er spennandi leikmaður," segir Íris, sem er 27 ára.

> **Það er í raun galið að svona lið hafi ekki verið stofnað fyrr á Suðurlandi.**
>
> Íris Sverrisdóttir

Á dögunum samdi Hamar svo við indverska landsliðsmarkvörðinn Aditi Chauhan um að leika með liðinu í sumar. Aditi, sem er reynslumikill markmaður, varð indverskur meistari með Gokulam Kerala FC á síðustu leiktíð. Aditi verður önnur indverska knattspyrnukonan til þess að gera atvinnumannasamning við evrópskt félag. Aditi lék með West Ham United í tvö ár áður en hún snéri aftur í heimahagana.

„Ég fékk fyrirspurn frá umboðsmanni um hvort Hamar vantaði markmann og eins og gengur og gerist í þessum fótboltabransa þá þarf maður að kanna það hvort leikmaðurinn sé virkilega jafn góður og myndböndin sem send eru segja til um. Ég horfði á hana spila tvo landsleiki og sá það strax að þarna var bæði frábær markmaður og mikill karakter á ferð," segir Hermann Kristinn, um nýjasta liðsmann sinn.

„Þetta er mikill fengur fyrir okkar lið að fá jafn reynslumikinn markmann og þarna um ræðir. Hún mun bæði nýtast okkur vel innan vallar og ekki síst hvað það varðar að miðla af reynslu sinni til þeirra markmanna sem eru fyrir í hópnum og yngri leikmanna í félaginu yfir höfuð. Við erum mjög spennt fyrir komu hennar," segir þjálfarinn þar að auki um Aditi.

hjorvaro@frettabladid.is

ÖBÍ

Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur

Styrkumsóknir 2021

Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur og Öryrkjabandalag Íslands auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Styrkir eru veittir:

- **Öryrkjum til náms sem styður við samfélagslega þátttöku.** Nám getur verið bóklegt, verklegt eða í listgreinum á hvaða námsstigi sem er í framhaldsskóla, háskóla sem og styttri námskeiðum.
- **Einstaklingum sem vilja sérhæfa sig til starfa eða rannsókna í þágu fólks með þroskahömlun.**

Sótt er um rafrænt á heimasíðu ÖBÍ, obi.is Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu ÖBÍ og fá eyðublað sent í pósti.

Umsóknarfrestur er til **16. maí**

Upplýsingar um styrkúthlutun liggja fyrir eigi síðar en 2. júní nk.
Allar nánari upplýsingar gefa Kristín M. Bjarnadóttir, kristin@obi.is eða starfsmenn móttöku ÖBÍ mottaka@obi.is og í síma 530-6700.

Mössun og keramíkhúðun

Motormax býður
SONAX® keramíkhúðun
á frábæru **kynningarverði**

Litlir fólksbílar	Verð frá 79.900 kr.
Stórir fólksbílar & jepplingar	Verð frá 99.900 kr.
Jeppar	Verð frá 109.900 kr.
Breyttir bílar & sendibílar	Verðtilboð

Starfsmenn Motormax dekra við bílinn með SONAX® vörum

Profiline CC36 (ceramic coating 36) frá Sonax veitir lakki bílsins langtímavörn gegn UV geislum, eiturefnum og öðrum umhverfisáhrifum, svo sem salti, tjöru og vegryki. Umbreyttar nanóagnir tengjast saman og mynda þannig sérlega sterkan varnarhjúp svo að yfirborðið verður einstaklega vatnsfráhrindandi, hrindir frá sér ryki og verður sérlega auðvelt í þrifum. Varnarhjúpurinn eykur styrk og mótstöðu lakksins, gefur hámarksgljáa, frískar upp á liti og veitir þeim um leið einstaka dýpt.

Vörnin endist í allt að 36 mánuði sé bíllinn þjónustaður árlega.

Bókaðu tíma í keramíkhúðun hjá Motormax
í síma 545 4040 eða á motormax@motormax.is

MotorMax
Bónstöð

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

Bærinn lifnar fyrr við á daginn

Barir opnuðu dyr sínar og dælur á ný fyrir helgi og mega samkvæmt nýjustu reglum hafa opið til klukkan 22 næstu þrjár vikurnar. Við tókum púlsinn á tveimur bareigendum sem eru orðnir sjóaðir í opnunum og lokunum.

Gerum gott úr því sem við höfum

Georg Leite, eigandi Kalda bars við Laugaveg, segir samkomutakmarkanir ekki það besta fyrir bissnessinn en að hann og hans fólk fylgi þeim af þolinmæði og geri gott úr því sem þau hafi.

Eftir langa lokun mátti opna bari um tíma um daginn, hvernig fannst þér gestir bregðast við?

Gestirnir okkar eru mjög ánægðir í þessi skipti sem við höfum fengið að opna aftur sem eru orðin nokkur núna. Við erum með skemmtilegan og stóran fastagestahóp sem saknar okkar þegar það er lokað þannig að þegar við fáum að opna aftur er alltaf góð stemning í húsinu.

Hvernig líst þér á nýjustu reglur um samkomutakmarkanir?

Þessar samkomutakmarkanir þýða yfirleitt að við þurfum aðeins að skerða fjöldann sem er inni hjá okkur og annað slíkt. Þetta er ekkert það besta fyrir bissnessinn en þetta eru auðvitað bara reglur sem við þurfum að fylgja og við gerum það af þolinmæði. Við erum bara ánægð með að hafa opið og gerum gott úr því sem við höfum.

Ég vildi auðvitað helst að COVID væri bara búið og við gætum haft opið eins og venjulega. En á meðan það er faraldur þá sýnum við þessum takmörkunum skilning og höldum bara áfram.

Hvað er í kortunum um helgina á þínum stað?

Það verður mikið fjör hjá okkur á Kalda. Það verður til dæmis „eftir brunch happy hour“ hjá okkur. Svo margir veitingastaðir í kringum okkur eru með brunch þannig að fólk getur komið til okkar eftir það.

Finnst þér „barhegðun“ þjóðarinnar hafa breyst á meðan á faraldri stendur?

Mér finnst gestirnir okkar hafa bara aðlagað sig vel þessum breytta opnunartíma. Það er gaman að sjá að fólk kemur fyrr í bæinn og það er meira líf snemma. Svo er fólk farið snemma heim, allir vel úthvíldir og fara bara í sund snemma á morgnana daginn eftir.

Georg Leite, eiganda Kalda bars, segir gesti sína hafa aðlagast vel breyttum opnunartíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vonaðist eftir rýmri takmörkunum

Björn Árnason, eigandi Skúla Craft Bars, segist hafa lært það undanfarið ár að plana ekki mikið fram í tímann en viðurkennir að hann vonaðist eftir rýmri takmörkunum í þetta sinn.

Eftir langa lokun mátti opna bari um tíma um daginn, hvernig fannst þér gestir bregðast við?

Þegar við opnuðum aftur í febrúar varð ekki eins mikil sprengingaropnun og eftir fyrstu bylgjuna síðasta vor. Það var hins vegar mikil ánægja hjá viðskiptavinum okkar með að geta komið aftur á Skúla þar sem við eigum dyggan og góðan fastakúnnahóp.

Hvernig líst þér á nýjustu reglur um samkomutakmarkanir?

Miðað við hversu fá smit eru í samfélaginu og að það sé komið langt með að bólusetja viðkvæmustu hópa vonaðist maður nú eftir aðeins rýmri takmörkunum. Barir eru búnir að þurfa að vera með lokað að ég held í rúma níu mánuði síðan veiran kom til landsins. Veitingastaðir til dæmis fengu engar breytingar með þessum reglum og ég veit að það er mikil óánægja með það sem ég er algjörlega sammála. En vonandi sjá stjórnvöld að það sé hægt að fara í meiri tilslakanir fljótlega.

Hvað er í kortunum um helgina á þínum stað?

Maður hefur lært það síðastliðið ár að það er voða erfitt að plana mikið fram undan og er því engin sérstök dagskrá um helgina fyrir utan að vera með opið miðað við þær reglur sem eru í gildi. Við munum bara halda okkar striki, að bjóða fólki upp á það besta sem er í boði í bjórmenningu landsins og erlendis.

Björn, eigandi Skúla, finnur mikla ánægju meðal gesta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Finnst þér „barhegðun“ þjóðarinnar hafa breyst á meðan á faraldri stendur?

Já og nei. Það er auðvitað óhjákvæmilegt þegar það er rúmt ár liðið frá því að barir og veitingastaðir máttu hafa opið miðað við leyfin sem hver og einn staður hafði. Það er allt að loka á sama tíma.

Síðasta vor og sumar sá maður að fólk var duglegra að mæta snemma og sitja til lokunar en núna í febrúar og mars. En það eru líka talsvert rólegri mánuðir. Ég held að það sé ekki hægt að dæma um það fyrr en öllum takmörkunum hefur verið aflétt, hvort þetta rúma ár hafi haft varanlega áhrif á neysluvenjur fólks. **bjork@frettabladid.is**

vodafone.is/fjolskyldupakkinn

Ég er að verja mín grunngildi

Halldór Kristmannsson, einn nánasti samstarfsmaður Róberts Wessman til 18 ára, vakti nýverið athygli á stjórnunarháttum og ósæmilegri hegðun forstjórans. Sjálfur segist hann hafa upplifað fordæmalausa hörku.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Halldór Kristmannsson segist ekki hafa séð sér annað fært en að svara nýjasta útspili fyrrum yfirmanns síns sem hafi lekið viðkvæmum heilsufarsupplýsingum um sig, sem birtust á vefmiðlinum Kjarnanum fyrir helgi. Auk upplýsinga um heilsufar Halldórs, sem tók sér veikindaleyfi frá störfum sínum sem framkvæmdastjóri Alvogen og Alvotech undir lok síðasta árs, birtust í Kjarnanum, það sem Halldór kallar, vel valdir kaflar úr tölvupóstsamskiptum Halldórs við Róbert og Árna Harðarson, aðstoðarforstjóra fyrirtækisins.

Þau tölvupóstsamskipti varða breskan blaðamann sem fór að grennslast fyrir um stjórnarhætti Róberts og hafði samkvæmt Halldóri rætt við fyrrum starfsmenn fyrirtækjanna. Í tölvupóstsamskiptum kemur fram að starfsmannastjóri fyrirtækisins hafi talið að blaðamaðurinn hafi meðal annars rætt við kvenkyns stjórnanda innan Alvogen í Bandaríkjunum, sem bar forstjórann þungum sökum.

Segir Halldór að umræddur stjórnandi hafi stigið fram í desember 2019, þá sem háttsettur stjórnandi fyrirtækisins í Bandaríkjunum, og sakað Róbert Wessman um ósæmilega og ógnandi hegðun gagnvart sér.

„Í árslok 2019 steig þessi stjórnandi fram eftir að hafa verið sagt upp störfum hjá fyrirtækinu. Hún skilgreindi sig sem uppljóstrara eins og ég er og setti fram háar fjárkröfur á hendur fyrirtækinu. Stjórnandinn hafði uppi ásakanir á hendur Róberti, sem sendar voru til hans bréfleiðis og einnig til Árna Harðarsonar aðstoðarforstjóra, starfsmannastjóra fyrirtækisins og forstjóra þess í Bandaríkjunum. Þetta hefur auðvitað aldrei komið fram og þetta er það sem Lukas er raunverulega að spyrja um," segir Halldór, og á þá við Lukas Mikelionis, breska blaðamanninn sem Halldór segir hafa haft samband við sig í október 2020. „Blaðamaðurinn taldi sig hafa upplýsingar um ósæmilega hegðun Róberts gagnvart samstarfsmönnum sínum og að fjölmargar sættir hafi verið gerðar til að forðast dómsmál."

„Það þótti mikilvægt á þessum tíma að fyrirtækið sjálft gerði ekki slíka sátt og var lausn málsins því falin tryggingafyrirtæki Alvogen í Bandaríkjunum. Þetta er í ársbyrjun 2020 að sáttin er gerð, það er ekki lengra síðan," segir Halldór og bendir á að ásakanir stjórnandans séu ekki ósvipaðar þeim sem hann sjálfur hafi stigið fram með.

„Ég hef lagt fram ábendingar mínar í góðri trú og get ekki sagt til um hvort umræddar ásakanir hafi verið réttmætar, heldur einungis staðfest að þær voru lagðar fram og unnið var að úrlausn málsins sem lauk með sátt."

Halldór segist hafa viljað leysa málin utan fjölmiðla en hafi verið nauðbeygður til að verja sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í varnarhlutverki frá byrjun

Ósættið milli Halldórs og Róberts hefur ratað í fjölmiðla undanfarið en upphafið má rekja til þess að Halldór skrifaði stjórnum fyrirtækjanna Alvogen og Alvotech, sem Róbert veitir forstöðu og á stóran eignarhlut í, ítarleg bréf í upphafi árs. Hann skorar þar á stjórnirnar að taka starfshætti forstjórans til skoðunar og lætur fylgja með ítarlegar frásagnir, meðal annars um ofbeldi, líflátshótanir og alvarlegar ásakanir á hendur óvildarmönnum Róberts.

„Ég stíg þarna fram í janúar með ítarlegt bréf til bæði stjórnar Alvogen og Alvotech sem útlistar ítarlega þau mál sem ég tel að stjórnirnar eigi að skoða varðandi ósæmilega hegðun Róberts, en líka varðandi ýmis önnur mál sem ég er bundinn trúnaði um og tengjast rekstri fyrirtækjanna," segir Halldór og ítrekar að hann hafi enga fjárkröfu gert á fyrirtækin og alltaf viljað að málið yrði leyst utan fjölmiðla.

„En svo lendi ég í þessu varnarhlutverki alveg frá byrjun þegar Róbert ákveður sjálfur að leka þessu til fjölmiðla."

Í framhaldi af því að nafni Halldórs var lekið til fjölmiðla var honum birt stefna, ásamt uppsagnarbréfi, fyrir utan World Class í Smáralind þar sem hann var að koma af æfingu .

> HANN VILDI MEÐAL ANNARS AÐ ÉG BEITTI MÉR GEGN ÞEIM Í GEGNUM FJÖLMIÐIL SEM HANN ÁTTI, MANNLÍF OG EINNIG Í GEGNUM AÐRA FJÖLMIÐLA, BÆÐI HÉR HEIMA OG ERLENDIS.

„Ég hefði talið heppilegra að menn myndu setjast niður og ná sáttum á annan hátt, en hann opnar þetta í fjölmiðlum og fyrir héraðsdómi þar sem stefnan verður tekin fyrir í maí. Ég mun þurfa að verja mig í því og þá geri ég ráð fyrir því að allar ásakanir sem ég hef lagt fram gegn Róberti og er bundinn trúnaði um, komi fram. Það er mjög mikið ósagt í þessu máli," segir Halldór og bætir við að hann sé sakaður um að brjóta trúnað gegn félaginu en hann hafi frekar verið nauðbeygður til að verja sig í fjölmiðlum.

„Síðasta útspil þeirra í þeim efnum er að leka í Kjarnann þessum tölvupóstum og vísa í veikindavottorð og heilsufarsupplýsingar, sem ég lagði fram í desember. Þar er það gert ótrúverðugt að ég hafi ekki gefið skýringar á veikindaleyfinu. Það er alrangt."

Líkaminn brást illa við

Halldór segir síðasta ár hafa reynt á hann heilsufarslega en fram að því hafi hann alltaf verið heilsuhraustur og varla tekið sér veikindafrí frá störfum í tuttugu ár.

„Ég þurfti í í þrígang að leita til bráðamóttöku vegna öndunarörðugleika og svo eitt kvöldið þegar ég stend upp frá kvöldverðarborðinu, þar sem ég sat ásamt fjölskyldunni, líður yfir mig og ég dett aftur fyrir mig á steingólfið og brýt sprungu á höfuðkúpuna."

Halldór var sóttur af sjúkrabíl á heimili sitt og lá á sjúkrahúsi í vikutíma. „Sem betur fer jafnaði ég mig af þessu. Þetta var þó ekki eina skiptið sem ég þurfti að leita til Landspítalans en skiptin voru tvö önnur. Það má segja að árið hafi verið erfitt heilsufarslega séð og ljóst að mikil streita og álag á þessum tíma hafði sitt að segja. Líkaminn var að bregðast við og segja mér að ég gæti ekki meira."

Aðspurður hvers vegna álagið hafi aukist svo árið 2020 svarar Halldór að vaxandi ósætti milli hans og Róberts hafi haft þessi áhrif. „Við höfðum unnið náið saman frá árinu 2001. Þá var hann forstjóri Delta og ég var einn af 150 umsækjendum sem sóttu um starf sem aðstoðarmaður hans og var ráðinn. Ég hef nánast unnið fyrir hann alla tíð síðan."

Stýrði ímyndarmálum Róberts

Halldór tók fljótlega við sem framkvæmdastjóri hjá Actavis og starfaði síðar bæði hjá Alvogen og Alvotech. „Allan þennan tíma stýri ég ímyndarmálum Róberts og hvernig ímynd hans og vörumerki fyrirtækjanna eru byggð upp. Hvernig innri markaðssetningin er á honum sjálfum og fyrirtækinu og hvernig fyrirtækjamenningin í heild sinni er byggð upp. Ég sá einnig um að byggja upp hans ímynd gagnvart fjárfestum og fjölmiðlum erlendis. Ég hef því systematískt búið til ákveðna ímynd af honum sem mér fannst ákjósanleg og ég tel að sé sterkt að hann endurspegli. Því verður það mjög sárt þegar ég þarf að horfast í augu við að sú ímynd sem ég byggði upp var ekki í takt við raunveruleikann."

Halldór segist hafa horft á eftir mjög mörgum samstarfsfélögum verða fyrir barðinu á Róberti og vera bolað út úr fyrirtækinu.

„Ég fell einhvern veginn inn í þetta mynstur og verð talsvert meðvirkur, enda sneri þetta aldrei að mér. Það hafði aldrei borið skugga á okkar samstarf, aldrei neinn ágreiningur varðandi mín störf eða þau verkefni sem ég sinnti. En allt frá árinu 2018 hefur ágreiningur okkar þegar kemur að hans persónulegu málum og óvildarmönnum verið mjög alvarlegur og vaxandi. Hann beitti mig miklum þrýstingi að koma höggi á óvildarmenn sína sem eru allnokkrir. Þótt ég hafi aðeins tilgreint nokkra og nefndi til dæmis tvo háttsetta embættismenn, alþjóðlegan fjárfesti og íslenskan blaðamann og nöfn þeirra flestra hafa verið gerð opinber. Hann vildi meðal annars að ég beitti mér gegn þeim í gegnum fjölmiðil sem hann átti, Mannlíf og einnig í gegnum aðra fjölmiðla, bæði hér heima og erlendis."

Halldór segist hafa verið beittur miklum þrýstingi og í fyrsta sinn upplifað framkomu sem hann hafði séð yfirmann sinn beita gagnvart öðrum samstarfsmönnum.

„Enginn hafði unnið með honum eins lengi og ég, ekki einu sinni nálægt því.

Ég ákvað að ef það kæmi einhvern tíma að mér, sem ég hélt að myndi aldrei gerast, ég hélt ég væri bara það mikilvægur fyrirtækinu, þá myndi ég ekki bakka og láta valta yfir mig."

Samviskan nagaði

Halldór segir frá harkalegu rifrildi á milli hans og Róberts í septem- ➔

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

2020 2020 21 VORDAGSKRÁ KYNNT TIL LEIKS

FÁÐU ÞÉR SÆTI

Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnir metnaðarfulla og spennandi vordagskrá. Boðið er upp á átta tónleika sem eru um klukkustundarlangir, án hlés. Við leggjum ávallt áherslu á ábyrgt viðburðahald og fylgjum gildandi sóttvarnareglum. Kynntu þér dagskrána og tryggðu þér sæti á **sinfonia.is**.

– Hlökkum til að sjá þig!

29|04
KL. 20:00

Mahler nr. 4

Gustav Mahler
Sinfónía nr. 4, *„Himnasælusinfónían“*

Hljómsveitarstjóri **Bjarni Frímann Bjarnason**
Einsöngvari **Herdís Anna Jónasdóttir**

06|05
KL. 20:00

Prokofíev og Mendelssohn

Sergej Prokofíev
Fiðlukonsert nr. 2

Felix Mendelssohn
Sinfónía nr. 4, *„Ítalska sinfónían“*

Hljómsveitarstjóri **Bjarni Frímann Bjarnason**
Einleikari **Rannveig Marta Sarc**

KONTOR REYKJAVÍK

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

Halldór segist ekki hafa viljað kasta inn handklæðinu enda tekið þátt í uppbyggingu fyrirtækjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á ÞESSUM TÍMA UPP LIFI ÉG AÐ LÍKAMINN ER HREINLEGA AÐ GEFAST UPP OG MÍN GRUNNGILDI OG SAMVISKA VORU FARIN AÐ NAGA MIG.

➡ber á síðasta ári en þá hafði ósætti þeirra á milli farið vaxandi í tvö ár.

„Árið 2020 hafði verið tíðindamikið hvað varðar þrýsting á mig varðandi hans persónulegu mál. Þá kom að því að ég varð bara að gera upp við mig hvort ég vildi standa í lappirnar og standa vörð um ákveðin grunngildi sem mér finnst mikilvæg. Hann hafði uppi ákveðnar hótanir gagnvart mér, sem snéru meðal annars að mínum verkefnum innan fyrirtækjanna. Ég skoraði á hann í þrígang á fundi okkar að segja mér einfaldlega upp störfum ef hann væri ósáttur. Hann ákvað að gera það ekki og vildi hafa mig áfram í starfi.

Tveimur dögum seinna tókust tímabundnar sættir fyrir tilstilli Árna Harðarsonar lögmanns og aðstoðarforstjóra. Við höldum áfram en það var því miður óskhyggja að þessi ágreiningur myndi hverfa. Þann 16. desember 2020 fer ég í læknisskoðun og fæ þá ráðlegginga frá mínum heimilislækni að ég verði að taka mér leyfi frá störfum. Ég legg inn vottorð hjá fyrirtækinu um ótímabundið leyfi, sem skuli endurskoðað að þremur mánuðum liðnum. Á þessum tíma upplifi ég að líkaminn er hreinlega að gefast upp og mín grunngildi og samviska voru farin að naga mig. Ég hefði auðvitað getað gert það sem margir kollegar mínir hafa gert í gegnum tíðina, að kasta inn handklæðinu og þiggja starfslokasamning.

En mér fannst ég bara eiga svo mikið í uppbyggingunni á þessum fyrirtækjum síðustu tólf árin og vildi því vera áfram.

Halldór ákveður þá að stíga fram fyrir stjórnir fyrirtækjanna og lýsir hegðun Róberts gagnvart starfsfólki og bendir á ýmis atriði varðandi starfshætti forstjórans.

„Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun og segi frá því hvernig hann hafi beitt starfsfólk ofbeldi og hótað því lífláti undir áhrifum áfengis. Í sínu starfi sem forstjóri beitti hann sér fyrir því að koma höggi á sína óvildarmenn, með einstaklega ósvífnum og andstyggilegum ásökunum."

Horfðu fram hjá morðhótunum

Halldór segir stjórnir fyrirtækjanna hafa litið fram hjá mikilvægum atriðum.

„Tvær líkamsárásir, gagnvart mér í vitna viðurvist og önnur gegn háttsettum stjórnanda á hóteli í Austurríki fyrir framan um þrjátíu vitni. Ástæðan fyrir því að ég flagga þessu er að stjórn Alvogen er sú sama og hún var árið 2016. Hún horfði fram hjá morðhótunum Róberts þá og heldur áfram að horfa fram hjá hegðun forstjórans. Svo fá þeir óháða lögmannsstofu til að rannsaka kvartanir mínar, lögmannsstofu sem hefur reglulega verið ráðin í slökkvistörf innan fyrirtækisins, White & Case. Hún er engan veginn óháð og ég var til dæmis í sambandi við lögmann þeirra þegar breskur blaðamaður var að grennslast fyrir um Róbert og hann skrifaði yfirlýsingu til að verjast þessum blaðamanni.

Síðan eru þeir settir í þá stöðu að vera bæði ákærendur og dómarar í mínu máli. En ég er fullviss um að það var aldrei gerð nein einasta skýrsla og hefur í raun aldrei verið gerð nein óháð rannsókn. Skýrslan er ekki til og hefur aldrei verið birt en þeir hafa lekið bútum úr sex klukkustunda viðtali þeirra við mig sem var allt tekið upp og ég hef hvatt þá til að birta viðtalið í heild sinni. Ég hef ekkert að fela þar og ég vona að á einhverjum tímapunkti verði þetta allt gert opinbert.

Hvítþvottur og uppsögn

Bréfi mínu er svarað með hvítþvotti og síðar uppsögn svo ég tel mig hafa upplifað fordæmalausa hörku í þessu máli. Ég er í veikindaleyfi eftir miklar skylmingar við forstjórann. Þeim lá svo mikið á að stefnan var bæði send heim til mín, auk þess sem setið var fyrir mér fyrir utan líkamsræktarstöð.

Ég hafði boðið sátt í tveimur tilvikum og í hvorugt skiptið gerði ég nokkrar fjárkröfur á fyrirtækið. Ég vil snúa aftur í mitt starf og tel að Róbert eigi að axla ábyrgð. Enn sem komið er, virðist sem hvorki Róbert né stjórnarmenn fyrirtækjanna séu tilbúnir að horfast í augu við stöðuna.

Ég vil ekki segja til um hvernig Róbert eigi að axla þessa ábyrgð, mér finnst að stjórnir fyrirtækjanna eigi að leggja mat á það. En auðvitað liggur fyrir að forstjóri sem verður uppvís að svona hegðun og framkomu gagnvart sínu nánasta samstarfsfólki er ekki æskilegur í forystuhlutverk. Trúverðugleiki stjórnenda getur skipt sköpum gagnvart samstarfsaðilum og fjárfestum sem leggja til fjármagn.

Hjá Alvogen ráða tveir alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir yfir um 70 prósentum hlutafjár og þessir sjóðir njóta virðingar erlendis. Ég hef ekki ennþá áttað mig á því hvers vegna þessir fjárfestar taka ekki ábyrga afstöðu í þessu máli en stefna framtíðartækifærum fyrirtækjanna í hættu með sínu aðgerðaleysi. Þá sérstaklega í ljósi þess að Róbert hefur nú þegar viðurkennt og beðist afsökunar á morðhótunum, fjölmiðlar hafa rætt við vitni að líkamsárásum og opinberir aðilar hafa nú þegar tjáð sig um rógburð gagnvart óvildarmönnum sínum.

Enginn trúnaður um líkamsárásir

Svo er ég hluthafi og einn stofnenda fyrirtækjanna og hef starfað frá byrjun að uppbyggingu þeirra svo mér þykir gríðarlega vænt um þau og hef mikilla hagsmuna að gæta.

Fyrirtækið hefur engu svarað en í sínum svörum hefur Róbert bæði sagt mig gera fjárkröfur á fyrirtækin, sem er ekki rétt og borið fyrir sig trúnað. En það er enginn trúnaður sem gildir um morðhótanir og líkamsárásir að mér vitandi, né heldur rógburðarherferðir gegn óvildarmönnum. Þetta hefur ekkert með rekstur þessara fyrirtækja að gera og í raun óverjandi að Róbert svari ekki þessum ásökunum málefnalega."

Halldór nefnir siðareglur og gildi, sem móti fyrirtækjamenningu Alvogen og Alvotech. „Það er mikið lagt upp úr trausti og virðingu á milli fólks og við höfum búið til öruggt starfsumhverfi þar sem við viljum að fólki líði vel og að það búi við öryggi. Þessi gildi fyrirtækisins og siðareglur virðast hins vegar ekki ná yfir forstjórann. Stjórnarmönnum fyrirtækjanna virðist hreinlega vera ofviða að takast á við eins stóran hluthafa og Róbert og hann virðist hafa sterk tök á þeim."

Réði öryggisvörð við heimilið

Halldór einbeitir sér nú að því að ná fyrri kröftum en viðurkennir að deilan taki vissulega á.

„Ég hef alltaf verið heilsuhraustur og varla farið í veikindaleyfi í þessi 20 ár. Ég tel mig vera að verja mín grunngildi og prinsipp í lífinu og ekki síst standa með þeim sem brotið hefur verið á í fortíðinni. Mínum kollegum sem ekki hafa haft hugrekki til að standa uppi í hárinu á Róberti.

Það er ekki auðvelt að skylmast við einhvern eins og Róbert, hann hefur sýnt það með líkamsárásum og alvarlegum morðhótunum að hann getur verið hættulegur maður. Þegar ég sendi bréf til stjórna fyrirtækjanna í janúar var mér bæði létt, en verð þó að viðurkenna að ákveðin hræðsla hafi gripið um sig á heimilinu. Til að tryggja að öllum á heimilinu liði vel og hefðu engar áhyggjur af mínum skylmingum við Róbert, þá réð ég öryggisvörð fyrir utan heimili okkar í þrjár vikur. Hann stóð vaktina fyrir utan húsið frá því krakkarnir komu heim úr skóla og fram á nótt. Ég fann að fjölskyldunni leið betur og það var fyrir mestu.

Þrátt fyrir það stend ég keikur og ætla að halda áfram mínu máli, svo sjáum við bara hvernig það fer. Ég vil áfram leita sátta og hef satt að segja lítinn áhuga á að reka málið í dómsölum næstu árin. En ég verð eðlilega að verja mig og þá legg ég fram öll þau gögn sem ég hef kynnt fyrir stjórnum fyrirtækjanna.

Ég er gjarnan spurður að því heima af hverju pabbi sé svona mikið í fréttunum og ég hef reynt að vera hreinskilinn og heiðarlegur við krakkana. Einfaldlega sagt þeim að pabbi þeirra sé að standa með sjálfum sér og þau muni hugsanlega þurfa að gera það síðar. Þá standi maður í lappirnar og sýni yfirvegun og auðmýkt," segir Halldór að lokum.

Kjaftshögg í París

Halldór segir Róbert hafa kýlt sig kaldan í París á Cphl Worldwide lyfjasýningu sem haldin er árlega.

„Um 50 starfsmenn Alvogen og Alvotech voru viðstaddir sýninguna og hittu samstarfsaðila og viðskiptavini. Á hótelinu safnaðist fólk saman í mat og drykk eftir árangursríka sýningu og fagnaði. Upp úr miðnætti á hótelbarnum réðst Róbert að mér með hnefahöggi án ástæðu og fyrirvaralaust. Halldór segir RW hafa skýrt umrætt atvik með því að hann hafi verið í kýlingaleik og að þetta hafi í raun verið grín. Halldór segist ekki hafa fallist á þá útskýringu forstjórans og segist almennt ekki kannast við að forstjórar standi fyrir kýlingaleikjum við samstarfsmenn.

Vitni sem Fréttablaðið hefur rætt við staðfestir þessa frásögn Halldórs.

Löðrungur á hótelbar

Það var svo í Austurríki á árlegri stjórnendaráðstefnu Alvogen og Alvotech að Róbert á að hafa slegið háttsettan stjórnanda fyrirtækisins í andlitið fyrirvaralaust.

„Um 85 starfsmenn fyrirtækjanna voru samankomnir til að ræða markmið og áherslur komandi árs og hópurinn hittist í kvöldverði og um 30 starfsmenn voru svo á hótelbarnum eftir miðnætti þegar Róbert birtist skyndilega og hafði verið á hótelherbergi sínu." Samkvæmt lýsingu Halldórs virtist Róbert mjög ölvaður og mun hafa komið út úr lyftu á hótelinu og gengið rakleiðis að hótelbarnum þar sem umræddur starfsmaður stóð. „Starfsmaðurinn sneri sér þá við og Róbert sló hann í andlitið fyrirvaralaust og án ástæðu."

Halldór segir um 30 vitni hafa verið að árásinni og hafði Fréttablaðið samband við einn þeirra sem staðfesti frásögnina.

Vel skrásett veikindasaga

Fréttablaðið fékk heimild Halldórs til að ræða við lækni hans sem staðfesti að um vel skrásetta veikindasögu sé að ræða. Halldór hafi farið í ítarlegar skoðanir á bráðamóttöku og lungna- og hjartalækningadeild. Einkenni hans hafi aftur á móti ekki verið hægt að lækna með einföldum hætti. Læknirinn staðfestir jafnframt að Halldór hafi orðið fyrir höfuðhöggi þegar hann féll í yfirlið á heimili sínu, sem hafi orsakað sprungu á höfuðkúpu og minniháttar blæðingu.

Svar Aztiq Fund

Samkvæmt svari frá Aztiq Fund, fjárfestingafélagi Róberts Wessman og Árna Harðarsonar, hefur enginn háttsettur stjórnandi, né starfsmaður í Bandaríkjunum, stigið fram og sakað RW um ósæmilega hegðun. Halldór sé eini starfsmaður fyrirtækisins sem hafi sakað Róbert um slíkt. Eins hafi enginn fyrrum starfsmaður skilgreint sig sem uppljóstrara.

Samkvæmt svari Aztiq Fund hefur Halldór ítrekað verið staðinn að því að fara með ósannindi og umræddur blaðamaður hafi vissulega haft samband við fjölda fyrrverandi og núverandi starfsmanna en ekki fundið nein dæmi um ósæmilega hegðun Róberts. Jafnframt hafi engin sátt verið gerð við nokkurn starfsmann í stjórnunartíð Róberts til að forðast dómstóla.

Varðandi orð Halldórs um að hann staðfesti að ásakanir stjórnandans í Bandaríkjunum hafi verið lagðar fram og málinu lokið með sátt, segir í svari frá Aztiq Fund:

„Maðurinn er greinilega lygari og það er rétt að komi fram að blað sem prentar slíkt er að prenta lygi."

Að lokum segir í svarinu:

„Þetta er því miður uppspuni hjá Halldóri og þykir okkur miður ef Fréttablaðið ætlar að birta ósannindi, sem haft er eftir starfsmanni sem ítrekað hefur verið staðinn að ósannindum."

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Vortilboð

Steinn og sökkull, grátt granít
Grafskrift og skrautmynd (efst)
Uppsetning á höfuðborgarsvæði, Norðurlandi, Akranesi og Borgarnesi
Frí sending um allt land

Tilboð 1

Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:
Sett eins og á mynd : 485.000
Sett án blómaramma : 385.000
Steinn : 285.000

Tilboð 2

Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:
Sett eins og á mynd : 560.000
Sett án blómaramma : 460.000
Steinn : 360.000

Tilboð 3

Hægt að setja 2 nöfn

Verð:
Sett eins og á mynd : 315.000
Steinn án aukahluta : 199.000

Tilboð 4
113 eða 111

Verð:
Sett eins og á mynd : 185.000
Steinn án aukahluta : 145.000

nr 113

nr 111

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

Sjóðandi heitt ástarsamband

Þeir **Sumarliði Veturliði Snæland Ingimarsson** og **Jón Örvar Gestsson** trúlofuðu sig við flugeldasýningu og giftu sig við eldgos. Brúðkaupið var ákveðið með fárra daga fyrirvara og gengu þeir upp með jakkafötin í bakpoka.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Eftir athöfnina skiptu þeir yfir í lopapeysur sem mamma Jóns Örvars hafði prjónað á þá. MYNDIR/STYRMIR &HEIÐDÍS

Þeir Sumarliði og Jón höfðu ráðgert að gifta sig síðastliðið haust en frestuðu því vegna heimsfaraldurs. Vinkonur þeirra hjá Pink Iceland sem séð hafa um viðburðaþjónustu og fjölmörg brúðkaup komu aftur á móti með þá hugmynd að þær myndu aðstoða þá við að halda athöfnina við eldgosið. Veisluhöld yrðu svo síðar.

Á mánudegi fyrir tæpum tveimur vikum var ákveðið að brúðkaupið yrði föstudaginn eftir og þurftu þeir að hafa hraðar hendur til að allt gengi upp eins og þeir vildu hafa það. Enginn mátti þó vita af fyrirætlunum þeirra og þótti Jóni ekki síst áskorun að segja ekki móður sinni frá.

En voru þeir strax til í að láta verða af hugmynd vinkvenna þeirra og láta gefa sig saman við spúandi eldgos og rennandi hraun?

Jón Örvar: „Mér fannst þetta nú hálf kjánaleg og klisjuleg hugmynd."

Sumarliði: „Það er samt ekki hægt að segja að þetta sé klisja því það var enginn búinn að gera þetta. Mér fannst hugmyndin geggjuð og var strax til í þetta."

Ákveðið var að þau fjögur myndu hittast á mánudeginum og á þeim fundi sannfærðust þeir um að láta slag standa.

Jón Örvar: „Þær sögðu okkur að redda jakkafötunum og þær myndu sjá um rest."

Brúðkaupsundirbúningur

Mánudagur: Jón og Sumarliði hitta Birnu og Evu Maríu hjá Pink Iceland og ákveðið er að stóri dagurinn verði föstudaginn eftir, þann 9. apríl.

Þriðjudagur: Sumarliði fer og lætur pússa trúlofunarhringana og þeir velja sér jakkaföt.

Miðvikudagur: Þau fara upp að gígnum til að skoða aðstæður, hringarnir eru sóttir og fundur haldinn með athafnastjóra.

Fimmtudagur: Sumarliði fer í klippingu og sækir jakkafötin til skraddara sem sá um að stytta buxurnar. Þeir skrifa heit sín sem þeir fóru með við athöfnina.

Föstudagur: Tilvonandi hjónin borða dögurð heima, eru svo sóttir af teymi sem samanstóð af athafnastjóra, ljósmyndurum, vídeótökumanni og aðstoðarfólki og gengið upp að Fagradalsfjalli klukkan 13.

Sumarliði: „Við vorum bara klæddir í gönguföt með jakkafötin í bakpokanum ásamt vatni og nesti.

Útlitið á leið upp ekki gott

Veðurspáin hafði verið tvísýn og á leiðinni upp tók á móti hópnum snjóhríð og þoka svo útlitið var ekki gott. Jón Örvar viðurkennir að hafa verið orðinn svolítið bugaður þegar á leiðarenda var komið enda svo þykkt yfir að gosið sást ekki fyrr en alveg upp að því var komið.

Sumarliði: „Svo þegar við vorum komnir á okkar stað lægði skyndilega og birti til yfir okkur."

Aðspurðir hvort þeir hafi ekki tekið því sem gæfumerki svarar Jón Örvar í léttum tón: „Jú ég hugsaði bara með mér: God is gay!"

Viðburðastjórarnir höfðu tekið með sér lítinn skiptiklefa sem þær hentu upp og brúðgumarnir höfðu þar fataskipti, við hlið ólgandi náttúrunnar.

Sumarliði: „Rétt áður en athöfnin hófst brast eitthvað og lítið hraunflóð seytlaði fram hjá okkur á meðan við vorum gefnir saman."

Eva María og Birna báru þennan pop up skiptiklefa þar sem brúðgumarnir höfðu fataskipti alla leiðina upp.

Það blés ekki byrlega á leiðinni upp og var skyggni lítið sem ekkert allt þar til komið var að athöfninni sjálfri.

Stelpurnar komu brúðhjónunum á óvart með þessari dýrindis brúðartertu.

Sumarliði Veturliði

Glöggir lesendur taka væntanlega eftir sérstöku nafni Sumarliða og því var hann beðinn um söguna á bak við nafnið:

„Ég er skírður Sumarliði Páll eftir afa Sumarliða heitnum og Pálínu vinkonu móður minnar. Ég notaði aldrei Páls-nafnið en var strítt mikið fyrir Sumarliðanafnið. Þegar ég flutti austur ellefu ára ákvað ég að reyna að hefja nýtt upphaf og kalla mig einfaldlega Pál. Það gekk svo vel að eftir fyrsta daginn voru allir farnir að kalla mig Sumarliða því ég svaraði aldrei Páls-nafninu enda ekki vanur því.

Þegar ég svo var 21 árs ákvað ég að gera smá grín og sækja um breytingu á nafni mínu í þjóðskrá. Ég misskildi reglurnar aðeins og áttaði mig ekki á því að ef búið er að samþykkja eiginnafn má maður heita því í hvaða samsetningu sem er. Ég ætlaði að sækja um breytingu og fá synjunina frá Mannanafnanefnd. En umsókn mín um að breyta nafni mínu úr Sumarliði Páll í Sumarliði Veturliði var samþykkt viku síðar. Á þeim tíma var aðeins hægt að breyta nafni sínu einu sinni svo ég sat uppi með brandarann," útskýrir Sumarliði Veturliði sem ákvað að halda nafninu sem hann segir hafa vanist vel.

RÉTT ÁÐUR EN ATHÖFNIN HÓFST BRAST EITTHVAÐ OG LÍTIÐ HRAUNFLÓÐ SEYTLAÐI FRAM HJÁ OKKUR Á MEÐAN VIÐ VORUM GEFNIR SAMAN.

Sumarliði

Héldu áformunum leyndum

Það var vinur þeirra Árni Grétar athafnastjóri hjá Siðmennt sem gaf þá saman rétt eins og þeir höfðu ætlað að hafa það hefðu þeir gift sig annars staðar. Eins og fyrr segir héldu þeir áformunum leyndum fyrir öllum enda erfitt að velja úr örfáa til að vera viðstaddir á meðan samkomutakmarkanir miðuðust við tíu manns.

Jón Örvar: „Við sendum svo mömmu og pabba mynd á meðan við töluðum við þau daginn eftir og þau héldu auðvitað að þetta væri fótósjoppað. Þegar við svo sannfærðum þau um að svo væri ekki komu gleðitár og þau voru í skýjunum."

Eins og fyrr segir trúlofuðu þeir Sumarliði og Jón sig í París, það var árið 2017 og þeir höfðu verið saman í rúm tvö ár. Sambandið átti sér langan aðdraganda enda höfðu þeir vitað hvor af öðrum allt frá menntaskólaárum svo segja má að þeir hafi ekki farið sér óðslega að neinu þó að brúðkaupsundirbúningurinn sjálfur hafi verið óvenju stuttur.

Vissi það strax

Jón Örvar: „Við hittumst fyrst fyrir

alvöru árið 2015 og ég vissi það strax þegar ég kynntist honum að mig langaði að giftast honum. Ég fann það strax að þetta var maðurinn minn. Við vorum svo staddir í París á þjóðhátíðardegi Frakka, fyrir framan Eiffelturninn, þegar ég fór á skeljarnar fyrir framan mörg þúsund manns.“

Sumarliði: „Þarna voru samkvæmt fréttum 300 þúsund manns á þessum tímapunkti en það er árlega haldin hálftíma flugeldasýning í tilefni dagsins. Það er spiluð frönsk tónlist allt frá 19. öld og að nútímanum og flugeldarnir springa í takt við tónlistina. Ég hélt utan um hann og við fylgdumst með flugeldunum en ég fann að hann var orðinn svo stífur af stressi og sneri sér svo við tárvotur.

Jón Örvar: „Og spurði hann hvort hann vildi giftast mér.“

Jón Örvar hafði beðið alla ferðina eftir rétta augnablikinu en með í för voru trúlofunarhringar sem hann hafði keypt í New York einhverjum mánuðum áður. Þeir settu sér það markmið að gifta sig innan fimm ára en segja má að heimsfaraldur hafi bæði frestað því og svo síðar ýtt á þá að láta verða af því.

Jón Örvar hafði starfað sem flugþjónn hjá Icelandair í fjórtán ár þegar heimsfaraldur skall á og allt flug í heiminum lamaðist. Ákvað hann þá að söðla um og fara að starfa við það sem hann hafði menntað sig til; skurðhjúkrun. Sumarliði er aftur á móti menntaður leikari og hafði starfað að verkefnum tengdum leiklistinni og meðal annars kennt kúrs í leiklist við Fjölbrautaskólann í Ármúla.

Brúðgumarnir segjast ekkert hafa vitað af öllu því sem þær Eva María og Birna komu með og þeir hafi komist við þegar þeir sáu kökuna sem Junedy hjá Velvet Baking Studio hafði útbúið og þær borið í bakpoka alla leið upp.

> VIÐ HITTUMST FYRST FYRIR ALVÖRU ÁRIÐ 2015 OG ÉG VISSI ÞAÐ STRAX ÞEGAR ÉG KYNNTIST HONUM AÐ MIG LANGAÐI AÐ GIFTAST HONUM. ÉG FANN ÞAÐ STRAX AÐ ÞETTA VAR MAÐURINN MINN.
>
> Jón Örvar

Jón Örvar: Eftir að hafa verið sagt upp í fluginu fór ég að vinna á COVID-göngudeild en Sumarliði var heima þegar öll hans verkefni féllu niður. Hann tók þá upp á því að fara að læra frönsku. Hann fann sig í því og skráði sig í frönsku í háskólanum og er á leið til Parísar í haust í skiptinám í eitt ár.

Ég var þá ákveðinn í að við myndum gifta okkur áður en hann færi út. Mér fannst það betra að við værum giftir ef hann ætlaði að vera í burtu svona lengi. Því var planið að fara bara til sýslumanns og ganga frá þessu og halda svo upp á þetta þegar það væri aftur orðið hægt.“

Það plan breyttist örlítið eins og frægt er orðið þegar þeir tóku tilboði vinkvenna sinna um óvenjulega athöfn við glænýjan eldgíg. Heyra má á spjalli við nýbökuð hjónin að þeir eru sannarlega samstíga þótt ólíkir karakterar séu.

Sumarliði: „Hann nær stundum að halda mér niðri á jörðinni sem ég þarf oft á að halda og ég næ stundum að toga hann með mér upp.“

Jón Örvar: „Hann fær mig til að gera hluti sem ég myndi annars aldrei gera. Sem dæmi vorum við að labba heim af djamminu einn nýársmorguninn. Þegar við gengum yfir frosna Tjörnina tók hann upp símann sinn, fór að spila lagið Africa með Toto og segir: „Förum til Afríku á morgun!“ Fyrstu viðbrögð mín voru að neita en hann gafst ekki upp og daginn eftir flugum við til Cape Town.“

Eva María og Birna Hrönn hér með brúðgumana á milli sín og spúandi eldgosið í baksýn.

Erlendir ferðamenn spenntir

Þær Birna Hrönn Björnsdóttir og Eva María Þórarinsdóttir hjá Pink Iceland eru ýmsu vanar og fannst því ekki tiltökumál að rigga upp brúðkaupi við spúandi eldgos.

Ferðaskrifstofan Pink Iceland hefur sérhæft sig í brúðkaupum og fjölmargir erlendir ferðamenn hafa komið hingað til lands á þeirra vegum. Eðli málsins samkvæmt hefur lítið verið að gera hjá þeim undanfarið og segir Birna að það fyrsta sem komi upp í hugann aðspurð um viðbrögð þeirra vera æðruleysi. „Að standa frammi fyrir aðstæðum sem við höfum enga stjórn á var eitthvað alveg nýtt og þá sérstaklega fyrir okkur sem erum vön að vera alltaf með allt skipulag og utanumhald og stýra öllu.“

En mögulega fer hagur fyrirtækisins að vænkast enda stendur ekki á áhuganum á að gifta sig við gosið. „Fólk úti í heimi trúir því varla að það sé hægt að umgangast eldgos, hvað þá að gera það að staðnum þar sem þú heitbinst makanum þínum.

Pink Iceland hefur allt frá stofnun árið 2011 stólað á og unnið í náttúrunni því hún er jú aðal aðdráttarafl Íslands og það væri bara algjör draumur að fá að vera með fleiri brúðkaup við eldgosið. Brúðkaup eru sérstök stund nú þegar, hvað þá þegar jörðin er að opnast fyrir framan brúðhjónin og hraunið streymir um í ám og fossum og spýtist upp í loft. Móðir náttúra kemur mjög sterk inn og hjálpar Pink Iceland og ferðaþjónustunni allri að minna á sig,“ segir Birna.

Hver var helsta áskorunin við að halda brúðkaup við eldgos?

„Sama áskorun og við eigum við í mörg önnur skipti og það er veðrið og náttúran sjálf. Við höfðum farið saman hópurinn tveimur dögum áður að kanna aðstæður en þá var okkur snúið við næstum á punktinum vegna gasmengunar á svæðinu. Eftir þá svaðilför settumst við niður saman og skelltum í nýja öryggisáætlun fyrir brúðkaup hjá eldgosi sem var vissulega ekki til í verklagsreglum okkar. Það kom bersýnilega í ljós að við réðum engu heldur yrðum að stóla á góðar aðstæður til að geta látið verða af ævintýrinu. Við vorum í sambandi við björgunarsveitirnar bæði áður en við lögðum í hann og á meðan við dvöldum á svæðinu, það var ómetanlegt að vita af þeim þarna.“

Birna segir að smærri áskoranir hafi einnig komið upp en gaman hafi verið að eiga við þær.

„Við vildum til dæmis koma brúðgumunum á óvart með fallegri og gómsætri brúðartertu og benti kökugerðarmeistarinn réttilega á að það væri sniðugast að hylja hana með sykurmassa því smjörkrem kæmi ekki vel undan margra klukkustunda fjallgöngu.“

Hvernig var útfærslan?

„Það lögðust allir á eitt, Pink Iceland teymið, Styrmir og Heiðdís ljósmyndararnir og Kaco Films videótökufólkið. Við gáfum okkur tíma í að finna hinn fullkomna stað og njóta ferðalagsins og útsýnis á leiðinni. Svo þegar staðurinn var fundinn settum við upp grunnbúðir. Það var pop-up skiptiklefi fyrir brúðguma og athafnastjóra því þeir ætluðu alls ekki að gifta sig í göngugallanum. Fötin voru öll vel skipulögð en það þurfti margar hendur til að skipuleggja þessi fataskipti. Barmblóm voru dregin upp úr nestisboxi, hringarnir dregnir fram, fundinn góður staður í hrauninu til að stilla upp brúðartertunni og kampavíninu. Því miður ratað sú kkuladið ekki á bakka því það hafði bráðnað í bakpoka þegar var verið að hlýja sér við hraunið.“

Hjónin Styrmir Kári og Heiðdís sérhæfa sig í brúðkaupsljósmyndun.

Með búnaðinn á bakinu

Ljósmyndararnir og hjónin Styrmir Kári og Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir náðu þessum einstöku brúðkaupsmyndum við eldgosið en þau hafa sérhæft sig í að mynda ástfangið fólk og brúðkaup undanfarin fimm ár.

„Fyrir það höfum við hlotið alþjóðlegar viðurkenningar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Flestar tökurnar okkar fara fram í íslenskri náttúru. Þessu fylgir mikil útivera í fallegu landslagi, ásamt því að fá að taka þátt í mestu gleðistundum í lífi fólks hvaðanæva úr heiminum. Við erum mjög samheldin hjón og finnst ekkert mál að vinna saman, enda finnst okkur við vera í skemmtilegustu vinnu í heimi.“

Hverjar eru helstu áskoranirnar við að mynda við þessar aðstæður?

„Áskoranirnar voru ekkert svo ólíkar því sem við eigum að venjast úr öðrum tökum, takast á við síbreytilegt veður, fá fólk til að slaka á fyrir framan myndavélarnar og hafa vakandi auga með því að fólk fari sér ekki að voða í villtri náttúru. Það sem gerði þetta öðruvísi fólst kannski einna helst í því að þurfa að koma sér á staðinn fótgangandi langa vegalengd með búnaðinn okkar á bakinu, ásamt því að þurfa að mynda í mjög kviku landslagi sem breytist frá einni mínútu til þeirrar næstu. Við höfum heldur ekki þurft að hafa gasmengun í huga áður eða þá að sumar staðsetningar séu einfaldlega of heitar til að hægt sé að standa þar lengi.“

Sjáið þið fyrir ykkur að taka að ykkur fleiri slík verkefni?

„Já, við erum hiklaust til í fleiri svona ævintýri. Þetta er mjög lifandi landslag sem er gjörbreytt við hverja heimsókn og því aldrei eins. Það ætti því að geta gefið manni nýjan innblástur í hvert skipti og allar líkur á því að myndirnar úr hverri töku verði algjörlega einstakar, þar sem tökustaðirnir úr fyrri tökum verða komnir undir nokkurra metra þykkt hraunlag við næstu heimsókn.“

Alltaf skrefi á undan

Stefán Hjörleifsson gítarleikari í Nýdanskri hefur verið framsýnn þegar kemur að afþreyingargeiranum og stofnaði tónlist.is áður en streymisveitur þekktust í Evrópu. Hann er landsstjóri Storytel hér á landi og sér fram á mikla þróun í þeim geira.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Stefán Hjörleifsson er hvað þekktastur sem gítarleikari hljómsveitarinnar Nýdanskrar, en í dag er hann þó skráður á já.is sem landsstjóri. Virðulegur titill má segja og spurður út í hann segist Stefán hafa fundist hann skemmtilegri en framkvæmdastjóri og um sé að ræða beina þýðingu á enska heitinu „country manager," en það er hlutverk Stefáns hér á landi gagnvart sænska fyrirtækinu Storytel.

„Ég hef löngum verið aðeins á undan, jafnvel aðeins of fljótur þegar kemur að tækninni," segir Stefán og brosir. „Ég söðlaði um upp úr aldamótum eftir að hafa verið atvinnutónlistarmaður í einhver fimmtán, tuttugu ár, og fór í MBA nám með áherslu á rafræn viðskipti, við Háskólann í Reykjavík.

Stefán segir að um alþjóðlegt nám hafi verið að ræða og því hafi verið ferðast víða að vinna verkefni. „Eitt sinn sátum við hópur nemenda saman á „brainstorm" fundi í Atlanta í Bandaríkjunum, þegar hugmyndin að tónlist.is kom upp."

Samnemendum Stefáns fannst borðleggjandi að tónlistarmaðurinn setti á laggir slíka síðu hér á landi og úr varð að það verkefni varð rauði þráðurinn í hans námi og lokaverkefnið. „Þessi þróun var rétt að byrja og iTunes opnaði í Bandaríkjunum í sömu viku og tónlist.is á Íslandi. Þetta voru aðeins örfáar síður og ég held að tónlist.is hafi verið ein af af þeim allra fyrstu í Evrópu. Kannski hefði þetta getað orðið meira og skemmtilegra ef við hefðum verið á stærri markaði, meira svona CCP ævintýri," segir hann og hlær. „Þetta gekk vel og fókusinn var á að streymið væri framtíðin, ég sá það fyrir mér, að vera streymisveita frekar en selja lög per eintak."

Gerði íslenska tónlist stafræna

Á þessum tíma var íslensk tónlist ekki til á stafrænu formi svo Stefán fór á fullt í það verkefni að gera íslenska tónlist stafræna í samstarfi við regnhlífarsamtök tónlistarfólks, Samtón. „Mér lá á að komast í loftið svo ég tók þetta verkefni mikið til að mér þarna árið 2002. Ég fór frá fyrirtækinu frekar fljótlega, eða árið 2008, en ég er ekki mikið fyrir að staldra of lengi við enda finnst mér gaman að koma hlutunum af stað sem frumkvöðull."

Stefán fór þaðan í sæti framkvæmdastjóra fyrirtækisins Mogul holding sem var með alheimsréttindi fyrir einleikinn Hellisbúann sem sló í gegn hér á landi með leikarann Bjarna Hauk Þórsson í hlutverki hellisbúans. „Verkið sem var auðvitað frábært var sett upp á um fimmtíu mörkuðum en það er örugglega barn síns tíma ef við horfum á hvað gerst hefur í umræðu um samskipti kynjanna síðan þá."

Á þeim þremur árum sem Stefán starfaði við uppsetningar Hellisbúans ferðaðist hann eðli málsins samkvæmt mikið og þá kemur að því sem hann starfar við í dag, raf- og hljóðbókum. „Ég var að kaupa geisladiska og þvælast með þá um heiminn auk þess að nota Audible. Þá var nánast enginn að hugsa um að gefa út íslenskar hljóðbækur svo ég gerði samning við stærstu útgáfurnar hér."

Árið 2011 stofnaði Stefán fyrirtækið Skynjun í kringum þessa hljóðbókagerð. „Þarna fóru íslenskar hljóðbækur að koma fyrr út og sumar um leið og prentaða. Ég opnaði svo í samstarfi við Senu raf- og hljóðbókaþjónustuna ebækur.is sem gekk svona ágætlega, þetta var ekki mikil sala en stóð þó undir sér."

Framar björtustu vonum

Fimm árum síðar var Stefán kynntur fyrir Jóni Baldri Hukssyni, öðrum stofnanda Storytel, Íslendingi sem búið hefur í Svíþjóð mest alla ævi. „Uppfrá því hefst okkar samstarf og 2017 kaupa þeir Skynjun af mér. Á þessum tíma voru þeir að horfa til risamarkaða eins og Rússlands og Indlands og hafa sagt mér eftir á að það hafi verið tæpt hvort þeir færu inn á hinn íslenska örmarkað. Skemmst er svo frá því að segja að Storytel á Íslandi fór strax fram úr allra björtustu vonum. Storytel gefur sér vanalega fimm ár í að hver markaður verði arðbær en það gerðist á sex mánuðum hér á landi. Íslendingar tóku Storytel fagnandi sem kemur væntanlega til af því að við erum bókaþjóð. Það var líka búið að þjálfa fólk aðeins í notkun streymisveitna, en það er sama hvar mann ber niður í þeim geira, hvort sem um er að ræða Netflix eða Spotify, við sláum alls staðar met í fjölda notenda. Við erum miklar rokkstjörnur í augum hinna markaðanna og þetta hefur ekkert stoppað, heldur verið línulegur vöxtur frá því við fórum í loftið fyrir þremur og hálfu ári. Við höfum tvöfaldast á milli ára, hvert ár, sem er fáránlega hraður vöxtur."

Stefán segir Storytel ekki gefa upp hversu margir notendur eru skráðir á hverjum markaði en íslenski markaðurinn hefur algera sérstöðu. „Þrátt fyrir að vera lang, langminnsti markaður Storytel erum við fyrir ofan miðju í áskrifendafjölda allra markaða og langstærstir sé tekið mið af höfðatölu."

Ný hljóðbók dag hvern

Yfirlýst markmið Storytel frá upphafi hefur verið að gefa út minnst eina hljóðbók á íslensku á dag og segir Stefán mikilvægt að halda sér vel við efnið enda hlusti notendur mikið. „Við höfum framleitt fast að 400 titlum á hverju ári og erum um 85 prósent af hlustun á íslenskt efni. Við vinnum með öllum útgefendum og það eru verk allflestra íslenskra höfunda samtímans í boði í þjónustunni," segir Stefán, en réttarhafar fá greitt fyrir hverja hlustun og sumir höfundar eru jafnvel að fá meira fyrir streymið en seld, prentuð eintök.

„Samkvæmt staðfestum tölum frá Hagstofunni hefur Storytel eitt og sér náð að snúa við fjórutíu prósenta samdrætti bókabransans undanfarin ár í vöxt. Þetta eru nýjar tekjur og útgefendur og höfundar sem taka þátt í þessari þróun ættu því að vera betur settir."



Stefán segist brenna fyrir starfi sínu en tónlistarlega útrás fái hann með Nýdanskri. Fréttablaðið/Stefán Karlsson

> VIÐ ERUM MIKLAR ROKKSTJÖRNUR Í AUGUM HINNA MARKAÐANNA OG ÞETTA HEFUR EKKERT STOPPAÐ, HELDUR VERIÐ LÍNULEGUR VÖXTUR FRÁ ÞVÍ VIÐ FÓRUM Í LOFTIÐ FYRIR ÞREMUR OG HÁLFU ÁRI.

Notendur sem ekki lásu bækur

Þar sem Storytel er 100 prósent stafrænt fyrirtæki veit það mikið um neyslumynstur notenda sinna og getur þannig sniðið sína framleiðslu að þeim. „Með könnunum sjáum við til að mynda að 25 til 30 prósent okkar viðskiptavina eru notendur sem ekki lásu bækur áður. Þetta er mikið til yngra fólk, þó enn sé stærsti kúnnahópurinn miðaldra, vel menntaðar konur. En við sjáum stóra hópa í ungum karlmönnum, í kringum 25 ára aldurinn, hópurinn sem Pisa kannanir hafa sýnt að gætu ekki lesið sér til gagns og mikil umræða hefur verið um."

Stefán segir margþættar ástæður fyrir þessari miklu aukningu á vinsældum hljóðbóka en ein sé klárlega að með því að hlusta á bókina komist notandinn yfir mun meira efni en ef hann sæti við lestur. „Ég hlusta á leið til og frá vinnu í bílnum, þegar ég fer út að hjóla eða í ræktina og áður en ég fer að sofa."

Tók heilt ár að lesa Harry Potter

Um 200 leikarar hafa lesið inn fyrir Storytel hér á landi og segir Stefán ákveðnar reglur gilda í því hvað hentar fyrir hverja bók. „Röddin er í eyrum hlustanda lengi og fólk er viðkvæmt fyrir hnökrum. Þetta er orðinn stór bissness fyrir leikara og margir verið hér á húninum í COVID þegar lítið hefur verið að gera annars staðar."

Talandi um COVID þá segir Stefán aðspurður að notkunin hafi aukist mikið á meðan á samkomutakmörkunum hefur staðið, sem er hið besta mál fyrir alla. „Það var algjör sprenging hjá okkur í mars og apríl í fyrra og við upplifðum líklega álíka aukningu og matvöruverslanir sem bjóða upp á heimsendingu."

Fjölmargir leikarar hafa lesið aftur og aftur fyrir Storytel og aðspurður nefnir hann Þorvald Davíð Kristjánsson sem dæmi um leikara sem hefur tekið þessa nýju starfsgrein leikara föstum tökum. „Hann er að mínu mati frábær og hefur lesið fyrir okkur hátt í þrjátíu bækur. Eins get ég nefnt Þórunni Ernu Clausen, Anítu Briem og Álfrúnu Örnólfs og svo eru það auðvitað leikarar af eldri kynslóðinni eins og Jóhann Sigurðarson, Elva Ósk Ólafsdóttir og Kristján Franklín.

Stefán segir frá því hvernig Jóhann Sigurðarson hafi í heilt ár lesið inn Harry Potter bækurnar og gert það frábærlega. „Það er þunn lína milli leiklesturs og hefðbundins hljóðbókalesturs. Hann lék karaktera bókanna sem er svakalega trikkí enda þurfti hann að búa til einhverja 60-70 karaktera á sinn einstaka hátt. Þegar hann svo var kannski að lesa fimmtu bókina birtist allt í einu karakter úr þeirri fyrstu sem hann þurfti að rifja upp. Það var listavel gert."

Nýdönsk fær sinn sess

Stefán sagðist í upphafi viðtals gjarnan staldra stutt við á hverjum vinnustað en aðspurður segir hann þó ekkert fararsnið á sér eftir þessi fjögur ár hjá Storytel. „Ég algjörlega brenn fyrir þessu djobbi, svo er ég ekkert að yngjast og er eiginlega búinn að taka þá ákvörðun á meðan þeir vilja hafa mig, og líta á mig sem rokkstjörnu, ætla ég að vera hér.

Það er ekki hægt að sleppa Stefáni án þess að spyrja út í Nýdanska sem hann segir hvergi nærri hættа. „Nýdönsk fær sinn sess og þar fæ ég mína tónlistarlegu útrás. Þar er einhver kemistría, við erum ofboðslega góðir vinir sem er ákveðið kraftaverk miðað við hvað við erum allir svakalega ólíkir. Við erum gömul hljómsveit en högum okkur eins og ung hljómsveit," segir hann að lokum og viðurkennir að þeir félagar séu alvarlega að skoða að gefa út nýtt efni á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 17. apríl 2021

Mun taka AstaSkin það sem eftir er

Elín Guðrún Jóhannsdóttir byrjaði að taka AstaSkin í mars 2019 og segir áhrifin hreint út sagt ótrúleg ,en meðal þess sem hún nefnir er að hún hvorki brann né var bitin af lúsmýi það sumarið. **2**

Elín Guðrún Jóhannsdóttir segir að bæði AstaSkin og AstaEye hafi reynst sér mjög vel. Með notkun AstaSkin hefur hún losnað við bit frá lúsmýi, sólbruna, bletti í húðinni og fengið heilbrigðara sogæðakerfi og hár. AstaEye hefur svo hjálpað henni með þurrk í augum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Elín, sem hefur starfað sem naglafræðingur í tuttugu ár, heyrði fyrst af AstaSkin í gegnum vinnuna. „Ég var að vinna við að gera neglur árið 2019 og heyrði af AstaSkin og að neglurnar yxu svo hratt hjá þeim sem voru að taka þetta inn svo ég ákvað að prófa það sjálf af því að ég er að gera neglur. Ég var með mjög þunnar neglur og ákvað að benda konunum mínum sem eru með þunnar neglur á að prófa að taka þetta inn og sjá hvort þær styrktust ekki, sem þær gerðu og vel það," segir Elín.

„Þær eru tvær sem hafa tekið þetta inn og neglur þeirra hafa þykknað verulega. Önnur þeirra ákvað svo að hætta að koma til mín eftir að COVID-hömlurnar komu til sögunnar. Hún er núna bara með sínar eigin, þær voru orðnar svo fínar."

Hlýtur að vera AstaSkin

Áhrifin af inntöku AstaSkin komu Elínu á óvart. „Síðan ákvað ég að prófa að halda áfram að taka þetta eftir fyrsta mánuðinn sem var í mars 2019. Um sumarið áttaði ég mig svo á því hvað ég var rosalega góð í húðinni og hafði ekkert brunnið í sólinni. Ég á það til að brenna illa, en það gerðist bara ekki. Ég á lítinn kofa fyrir austan fjall og í lúsmýinu í fyrra fékk ég ekki eitt einasta bit og þótti það afar merkilegt, það var mikið mý og ég var alveg látin í friði. Krakkarnir mínir voru með mér ásamt systrum mínum og frændsystkinum og þau voru öll að spreyja sig á meðan ég hló bara að þeim og hugsaði með mér: Þetta hlýtur að vera AstaSkin," segir Elín og skellir upp úr.

„Mér finnst þetta mjög merkilegt vegna þess að þetta er það eina sem ég er að gera, ég hef ekki notað sólarvörn en samt ekkert brunnið. Það er annað sem ég vil líka nefna, ég er 62 ára og var byrjuð að fá húðbletti en eftir að ég byrjaði að taka inn AstaSkin fóru þeir að dofna og jafnvel hverfa. Ég var með svona bletti í andlitinu og þeir eru farnir."

AstaEye einnig árangursríkt

Elín nefnir einnig jákvæð áhrif á sogæðakerfið og hárið. „Ég var líka alltaf bláköflótt á lærunum, það er held ég í fjölskyldunni en það er líka farið. Svo hef ég alltaf verið með mikið hárlos því ég er hrokkinhærð og AstaSkin er búið að vera algjör snilld hvað það snertir."

> **Í fyrrasumar áttaði ég mig svo á því hvað ég var rosalega góð í húðinni og hafði ekkert brunnið í sólinni. Ég á það til að brenna illa, en það gerðist bara ekki.**

Eftir ánægjulegan árangur af AstaSkin ákvað Elín að prófa fleiri vörur frá KeyNatura. „AstaSkin virkaði svo vel svo ég byrjaði að taka AstaEye. Ég fékk rafsuðublindu árið 2001 og hef verið þurr í augunum síðan þá."

Hún segir árangurinn af AstaEye ekki síður markverðan.

„Það er líka að virka, ég hélt að ég myndi hreinlega breytast í þörung," segir hún og hlær. „Ég tek ekki nein vítamín eða nokkuð annað inn."

Fyrir nokkru ákvað Elín að fara í áskrift og mælir hún heilshugar með því fyrirkomulagi. „Ég er í áskrift og það er rosalega þægilegt. Það kemur bara í póstkassann, sem er bara algjör snilld."

Þá er hún ekki í nokkrum vafa um framhaldið. „Ég ætla að taka inn AstaSkin það sem eftir er ævinnar."

KeyNatura býður upp á breiða vörulínu sem getur hjálpað fólki með ýmsa kvilla og bætt lífsgæðin.

Elín prófaði AstaSkin upphaflega til þykkja neglurnar en það hafði mun víðtækari jákvæð áhrif á heilsuna en hún bjóst við.

AstaSkin hefur víðtæk áhrif á húðina og styrkin hana á marga vegu.

Nourkrin virkar vel gegn hárlosi

Rannsóknir sýna að Nourkrin bætiefnið vinnur gegn hárlosi og stuðlar að eðlilegum hárvaxtarhring. Hárlos getur haft ýmsar orsakir en Nourkrin nærir hársekkina svo þeir geti viðhaldið eðlilegum hárvaxtarhring.

Hár er mikilvægur partur af útliti okkar og sjálfstrausti. Þetta kemur enn frekar fram þegar það koma upp hárvandamál eða hármissir og þá gera sérstaklega konur sér enn frekar grein fyrir mikilvægi hársins. Hárvandamál eru algeng því talað er um að allt að 60% kvenna upplifi óeðlilega mikið hárlos einhvern tíma á lífsleiðinni. Oft eru þessi mál mikið feimnismál sem lítið eru rædd og reynt að láta sem minnst á þeim bera. Það er því gaman að geta sagt frá Nourkrin hárbætiefninu sem hægt er að sýna með klínískum rannsóknum að virki.

Byltingarkennt bætiefni

Eðlileg hringrás hárvaxtar líkamans kallast hárvaxtarhringur. Í eðlilegum hárvaxtarhring eru 85-90% háranna á vaxtarstigi á meðan 10-15% þeirra eru á hvíldarstigi eftir að hafa náð fullum vexti.

Þegar hárlos á sér stað brenglast hinn hefðbundni hárvaxtarhringur vegna þess að hársekkirnir fá ekki réttu næringarefnin. Helstu ástæður hárloss eru meðal annars stress, veikindi, sykursýki, lyf, reykingar, meðganga, fæðing, hormeðhöndlun og fleira.

Nourkin hárbætiefni fyrir konur og karlmenn hefur verið selt á Íslandi síðan 2018 en verið til á heimsvísu síðan 1986 og er margverðlaunað hárbætiefni, það vinsælasta í Bretlandi. Nourkrin hárbætiefnið er 100% lyfjalaust og eina hárbætiefnið sem byggir á fjölda klínískra rannsókna sem birtar hafa verið í ritrýndum vísindatímaritum. Nourkrin inniheldur hið byltingarkennda Marilex bætiefni sem er einkaleyfisvarið efni, unnið úr þykkni úr fiskbeinum og inniheldur rétt hlutfall af svokölluðum próteóglýkönum sem næra hársekkina svo þeir geti viðhaldið eðlilegum hárvaxtarhring.

Nourkrin er algjörlega öruggt og allir mega nota það, nema þeir sem hafa ofnæmi fyrir fiski og skelfiski, þar á meðal ófrískar konur og konur með barn á brjósti. Hefðbundin meðferð er tvær töflur daglega í sex mánuði. Ástæðan fyrir lengd meðferðarinnar er sú að það tekur hárvaxtarhringinn sex mánuði að ná jafnvægi. Hársekkirnir geta verið á misjöfnum stað í sínum hring þegar meðferð hefst og því tekur þetta þennan tíma.

Góður árangur í prófun

Í júní 2020 var farið af stað með prófanir á Nourkrin á Íslandi. Sextán einstaklingar á aldrinum 26-75 ára, fimmtán konur og einn karlmaður, voru valin til að prófa vöruna í sex mánuði. Meðalaldur þátttakenda var 50 ár. Ástæður hárloss hjá þátttakendum voru misjafnar en flest voru búin að glíma við hárlos í töluverðan tíma og höfðu prófað margt til að minnka það. Niðurstöður rannsóknarinnar voru mjög ánægjulegar og sýndu að allir þátttakendur fundu mun á hárinu á sér eftir að hafa tekið inn Nourkrin.

Helstu ástæður hárloss þátttakenda í rannsókninni voru:

- Vanvirkur skjaldkirtill
- Sjálfsofnæmi (Alopecia)
- Legslímuflakk
- Sykursýki 2
- Skortur á B12
- Psoriasis, psoriasis gigt
- Lyf
- Álag, stress í kjölfar veikinda, dauðsfalla eða annarra persónulegra ástæðna.

Sigurrós Lilja er ein af fjölmörgum ánægðum notendum Nourkrin, en hún losnaði við slæman skallablett eftir að hún hóf notkun þess. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Svona leit skallabletturinn út áður en Sigurrós Lilja fór að nota Nourkrin en nú er hann alveg horfinn. MYND/AÐSEND

Sambland af psoriasis og streitunni sem fylgdi krabbameini olli miklu hárlosi hjá Lindu. MYND/AÐSEND

Þessi mynd sýnir árangurinn sem Linda hafði náð eftir sex mánaða notkun á Nourkrin. MYND/AÐSEND

Sumir þátttakendur náðu ekki að tengja neitt við aukið hárlos en við það að taka inn Nourkrin var eins og hársekkirnir væru að fá efni sem þá vantaði.

Einn karlmaður var í prófunum sem var að missa hárið eins og algengt er meðal karlmanna og fann hann mun á sínum hárvexti.

Þykkara og sterkara hár

Einn þátttakandinn var Auður, sem er 54 ára og með vanvirkan skjaldkirtil. Skjaldkirtilstruflanir eru nokkuð algengar, sérstaklega meðal kvenna, og margar konur eru með slíkar truflanir án þess að átta sig á því.

Auður hafði verið að glíma við hárlos í langan tíma og hafði prófað hin ýmsu bætiefni án mikils árangurs. Auður segist mæla 100% með Nourkrin Woman, sérstaklega fyrir konur með skjaldkirtilsvandamál. Eftir að hún fór að taka inn Nourkrin minnkaði hárlosið og hárið styrktist til muna. Það varð mun meira úr hverju hári og eins og hvert hár væri sterkara. Fyrir þetta var hárið orðið mjög þunnt og líflaust. Núna virkar hárið mun þykkara og það er komið mikið líf í það aftur.

„Hárið á mér hefur ekki verið eins gott í 20 ár og ég get ekki hugsað mér að vera án Nourkrin," segir Auður sjálf.

Fann fljótt mikinn mun

Annar þátttakandi var Linda, sem er 55 ára og með psoriasis og psoriasis gigt, en Linda greindist einnig með lungnakrabbamein árið 2016. Streitan sem fylgdi því olli því að hárið hrundi og við stressið versnaði psoriasis sjúkdómurinn svo hún var sett á líftæknilyf sem hafði góð áhrif á sjúkdóminn en olli miklu hárlosi.

Auður er með vanvirkan skjaldkirtil og glímdi við hárlos í langan tíma. Hún hafði prófað hin ýmsu bætiefni án mikils árangurs áður en hún fann Nourkrin. MYND/AÐSEND

Linda hafði prófað nokkur bætiefni áður sem virkuðu aðeins en gerðu psoriasis verra. Eftir að hafa tekið Nourkrin inn í mánuð fann Linda strax mun. Það er talað um sex mánuði en hún fann muninn mun fyrr. Linda fann líka mikinn mun á augnhárunum, en hún hafði fram að þessu verið með augnháralengingar. Eftir um þrjá mánuði á Nourkrin spurði snyrtifræðingurinn hana hvað hún væri eiginlega að gera því augnhárin voru svo miklu sterkari og fleiri.

Eftir sex mánuði sá Linda mikinn mun á hárinu og vildi óska að hún hefði kynnst Nourkrin fyrr. Núna langar hana að prófa alls konar nýjar klippingar sem hárið á henni réð ekki við áður. „Það eru margir sem prófa hinar og þessar vörur þegar svona vandamál koma upp og gefast svo upp á að prófa og ég var næstum ein þeirra. En ég kem ekki til með að hætta að nota Nourkrin, það er alveg á hreinu," segir Linda.

Eftir að Auður fór að taka inn Nourkrin minnkaði hárlosið og hárið styrktist til muna. Það varð mun meira úr hverju hári og eins og hvert hár væri sterkara. MYND/AÐSEND

Sjá nánar á isam.is/nourkrin. Nourkrin fæst í öllum helstu apótekum, í netverslun Lyfju og í Heilsuhúsinu.

Koníaksstofan setti punktinn yfir i-ið

Sólveig Andrea Jónsdóttir innanhússarkitekt tók að sér að endurhanna útsýnisíbúð á besta stað við Arnarnesvoginn í Garðabæ. Útkoman var stórglæsileg. Í þættinum Matur og heimili fengu áhorfendur innsýn í hönnun íbúðar sem Sólveig Andrea gerði í samráði við húsráðendur sem vildu setja sinn brag á íbúðina.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is

„Innblástur í hönnun minni kemur oft með fólkinu sjálfu, staðsetningu og fleiru. Enda er maður alltaf að hanna fyrir fólkið sem býr á staðnum og bæta við þekkingu sína og reynslu," segir Sólveig Andrea, spurð um hvað fylli hana andagift þegar kemur að hönnun.

Léttleikinn í fyrirrúmi og persónulegur heimilisstíll

„Þessi íbúð var öll tekin í gegn, allt var rifið út og nýtt sett inn í staðinn, með það að markmiði að létta á rýminu og láta stórfenglegt útsýnið njóta sín til fulls. Einnig til að láta persónuleika þeirra sem hér búa blómstra og fá heildarmynd á allt rýmið," segir Sólveig Andrea, sem hefur mikla ástríðu fyrir starfi sínu og blómstrar í hverju einasta verkefni sem hún tekur sér fyrir hendur.

Falleg viðarinnrétting í ljósum lit í forgrunni

Vel gekk að vinna verkið því hönnunarferlið var skýrt.

„Þar sem skipulagið á íbúðinni var gott þegar við hófum ferlið var engin þörf á að rífa niður veggi. Íbúðin er björt með fallegu útsýni en að öðru leyti þurfti að taka hana alla í gegn," segir Sólveig Andrea.

Hvaða efniviður og litatónar eru í forgrunni?

„Við völdum gullfallega Warm Oak-innréttingu frá BYKO og í framhaldinu ákváðum við að halda áfram með þann við í öðrum innréttingum og halda því sem rauðum þræði gegnumgangandi í allri íbúðinni."

Sólveig Andrea er útsjónarsöm og bætti við sérsmíðuðum innréttingum í stíl við eldhúsinnréttinguna.

„Ég fór með hillu úr eldhúsinnréttingunni á smíðaverkstæðið Fagus og fékk þá til liðs við mig að vinna verkið. Þeir eru snillingar og sérsmíðuðu bæði hurðir, rimla og aðrar innréttingar úr sama viði eftir minni hönnun."

Skapar fallega heild á íbúðinni

Ein leiðin til að létta á rýminu og leyfa útsýni yfir Arnarnesvoginn að njóta sín betur í stofunni var að taka í burtu ofna sem voru við gluggana.

„Allir ofnar voru teknir út og í staðinn settur hiti í gólfið en með því að gera það njóta gluggarnir sín í stofunni margfalt betur," segir Sólveig.

Það má með sanni segja að þar sé lifandi málverk sem breytist dag frá degi og nostalgía fyrir heimilisfólkið að njóta.

Sólveig Andrea hannaði einnig fallega koníaksstofu.

„Ég lét sérsmíða bókahillu á allan vegginn í koníaksstofunni til að hafa bækur, punthluti og lýsingu sem kemur mjög vel út og gerir rýmið áhugavert og fallegt. Þar er einnig gaman að sitja og njóta. Mér finnst þetta setja punktinn yfir i-ið og skapa fallega heild á allri íbúðinni."

Öll lýsing í íbúðinni var endurhönnuð og skipt var yfir í þráðlausa lýsingu sem er í takt við nútímann og er mikill kostur að geta stýrt allri lýsingu beint úr símanum.

„Ég hannaði lýsinguna eins og ég sá hana fyrir mér. Ég vildi taka niður loftið yfir eyjunni til að ramma inn eldhúseyjuna og fá betri vinnulýsingu. Ingi hjá Lumex hjálpaði okkur að finna réttu ljósin sem hentuðu fyrir þetta tiltekna verkefni," segir Sólveig Andrea.

Góð nýting á rými í hjónasvítunni

Hjónasvítan kemur vel út og það er gaman að sjá útfærslu á rennihurðum og góða nýtingu á rýminu.

„Hjónasvítan var með sér baðherbergi sem þurfti að taka í gegn. Við ákváðum því að taka af hurð sem var þar fyrir og setja í staðinn rennihurð svo að plássið nýtist betur. Fagus sá um að sérsmíða rennihurðina ásamt innanstokksmunum, náttborð og skáp eftir minni hönnun. Allt til að halda fallegum heildarsvip á íbúðinni."

Ráðgjöf hjá fagaðilum mikilvæg

Sólveig Andrea er með svörin á hreinu þegar hún er innt eftir því hvað sé mikilvægast þegar ráðist er í stóra framkvæmd eins og þessa.

„Mér finnst mikilvægt að leita aðstoðar hjá fagaðilum, hvort sem um er að ræða heila hæð, hús, eldhús eða baðherbergi. Þeir eru að gera þetta alla daga, vita hvar vörur fást, hvert á leita og hvar úrvalið er gott. Einnig sjá þeir hvað betur má fara og hvernig hægt er að nýta rýmin best, hvernig heildin verður og reyna oftast að halda rauðum þræði í öllu hönnunarferlinu til að fá sem fallegustu heildarmyndina."

Sólveig Andrea bendir jafnframt á að flestir iðnaðarmenn geti útvegað og fengið góða afslætti og sambönd við aðra fagaðila á sínum snærum.

„Það er mjög þægilegt fyrir alla að vera með teymi með sér og við fengum með okkur verktakann G Verk sem sá um verkefnið frá a til ö."

Hægt er að fylgjast með Sólveigu Andreu á Facebook @solveigandreainnanhussarkitekt og Instagram @solveig.innanhussarkitekt

Baðherbergið er rúmgott, hlýlegt og stórglæsilegt.

Í koníaksstofunni er hægt að láta fara vel um sig.

Eldhúsinnréttingin er glæsileg. Yfirbragðið er létt og vinnuaðstaðan góð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hlýlegir og fallegir rimlar setja mikinn svip á íbúðina.

Innanhússarkitektinn Sólveig Andrea Jónsdóttir kann vel til verka.

> **Þessi íbúð er björt, falleg og með geggjað, óhindrað útsýni sem við vildum láta njóta sín. Eins vildum við hanna íbúðina í tímalausum stíl.**

HJÓLABLAÐ

Föstudaginn 23. apríl gefur Fréttablaðið út sérblaðið Hjólablað.

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um allt sem viðkemur hjólreiðum á Íslandi.
Allir sem stunda hjólreiðar að einhverju marki munu finna áhugavert efni í blaðinu.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Stafrænt Suðurland - Verkefnastjóri

Sveitarfélagið Suðurland

Kosið verður um sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps 25. september 2021. Verkefnisheitið er Sveitarfélagið Suðurland.

Verkefnið Stafrænt Suðurland er undirverkefni þess og er markmiðið að undirbúa sveitarfélögin undir veitingu stafrænnar þjónustu og stjórnsýslu með því að móta einskonar stafrænt ráðhús og þjónustuver fyrir Sveitarfélagið Suðurland og ná þannig fram hagræðingu í rekstri, auknu öryggi í vinnslu gagna og meiri sérhæfingu í störfum. Stafrænt ráðhús auðveldar stafræn samskipti við almenning og eykur möguleika á sjálfsafgreiðslu. Auglýst er eftir metnaðarfullum og framsæknum einstaklingi til að leiða verkefnið.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Mótun verkefnisins Stafrænt Suðurland og gerð verkefnisáætlunar
- Stöðumat og greining stafrænna innviða sveitarfélaganna í samstarfi við starfsfólk þeirra
- Verkefnastjórnun og innleiðing á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaganna s.s. við samræmingu upplýsingatæknikerfa og gerð skjalavistunaráætlunar
- Vinna að hagnýtingu þekkingar og lausna er snúa að stafrænni umbreytingu í stjórnsýslu, þjónustu og rekstri
- Gerð fræðsluefnis til að greiða fyrir innleiðingu verkefna og lausna
- Stuðla með virkum hætti að auknu samstarfi sveitarfélaganna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkis á sviði stafrænnar þróunar
- Uppbygging rafræns upplýsingavettvangs fyrir sveitarfélögin sem felur í sér framsetningu efnis, miðlun og deilingu þekkingar, lausna og verkefna fyrir sveitarfélögin
- Uppbygging faglegs verklags fyrir samstarf og sameiginleg verkefni og innleiðing þvert á sveitarfélögin

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Meistarapróf eða reynsla sem nýtist í starfi er kostur
- Þekking og reynsla af faglegri verkefnastjórnun þar sem margir hagaðilar koma að verkefnum er skilyrði
- Færni til að undirbúa, skipuleggja og stýra verkefnum og fylgja þeim eftir
- Þekking og reynsla af upplýsingatækni og stafrænum umbreytingaverkefnum
- Framúrskarandi samskiptahæfni og geta til að koma skoðunum, upplýsingum og röksemdarfærslum frá sér á skýran hátt
- Geta til að byggja upp, hanna og viðhalda vef með faglegri framsetningu upplýsinga og gagna
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Mjög góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti

Verkefnastjóri verður ráðinn tímabundið til eins árs og verður stafrænn leiðtogi sveitarfélaganna og leiðir vinnu við fyrsta áfanga. Verkefnastjóri getur valið megin-starfsstöð á bæjarskrifstofu sveitarfélaganna fimm sem eru aðilar að verkefninu, en mun jafnframt hafa aðgang að starfsaðstöðu í öllum byggðakjörnum svæðisins. Umsóknarfrestur er til og með **3. maí 2021.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólann Austurkór

Leikskólinn Austurkór er í Kórahverfinu í Kópavogi. Skólastarfið einkennist af flæðandi dagskipulagi, námslotum byggðum á gildi skólans, lýðræðislegum starfsaðferðum og útinámi. Aðstoðarskólastjóri er mikilvægur hluti af stjórnendateymi skólans og þarf því að vera faglega sterkur leiðtogi með mikla skipulagshæfni, óvissuþol og samskiptafærni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Framhaldsmenntun í stjórnun
- Reynsla af starfi í leikskóla
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Forystuhæfileikar og góð samskiptahæfni
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2021.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**.

Kópavogsbær

kopavogur.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

Sjúkraliði

Við leitum að sjúkraliða í 80 – 100% starfshlutfall á hjúkrunardeild okkar. Unnið er á þrískiptum vöktum og þriðju og fjórðu hvoru helgi er unnið á 12 tíma vöktum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið starf sem fyrst.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, skipulagshæfileika og góðrar hæfni í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Sjúkraliðafélags Íslands og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið veita Ingibjörg Óskarsdóttir hjúkrunarstjóri í síma 585-2105 netfang; ingibjorgo@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í síma 585-2143, netfang; gudbjorg@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 2. maí 2021.

Umsóknarform má finna á heimasíðu Reykjalundar **www.reykjalundur.is**

MOSFELLSBÆR

Helgafellsskóli haustið 2021

Helgafellsskóli í Mosfellsbæ leitar að öflugu fólki í ýmsar stöður

Helgafellsskóli er samrekinn leik- og grunnskóli sem hóf starfsemi í janúar 2019. Skólaárið 2021-2022 verður 1. – 9. bekkur í grunnskólahlutanum og fimm leikskóladeildir. Starfsfólk vinnur í teymum og mikil áhersla er á fjölbreytta kennsluhætti og góðan starfsanda meðal nemenda og starfsfólks. Leitað er að menntaðarfullum einstaklingum sem hafa áhuga á skólaþróun og vinnu með börnum.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Lausar stöður:

- Deildarstjóri frístundar
- Grunnskólakennarar á öll skólastig
- Deildarstjórar á leikskóladeildir
- Leikskólakennarar
- Tónlistarkennari
- Smíðakennari
- Leiklistarkennari
- Sérkennari/nýbúakennari
- Íþróttakennari
- Stuðningsfulltrúar
- Frístundastarfsfólk
- Þroskaþjálfi í leikskóladeild
- Skólaliðar

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 1. maí 2021

Sækja skal um störfin á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf þar sem finna má nánari upplýsingar um öll störfin. Umsóknum um stöðurnar skal fylgja ferilsskrá og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Rósa Ingvarsdóttir í síma 547-0600. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

PLAY

Við búum okkur undir flugtak

FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS
CHIEF FINANCIAL OFFICER – CFO

PLAY leitar að öflugum og reyndum leiðtoga til að stýra fjármálasviði félagsins. Um er að ræða krefjandi starf í alþjóðlegu umhverfi og hentar það einstaklingi með mikla færni á sviði fjármálastjórnunar og samskipta. Reynsla af skráningu félags á markað eða starfsreynsla í skráðu félagi er kostur. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs vinnur náið með forstjóra félagsins og öðrum framkvæmdastjórum við að ná rekstrarmarkmiðum félagsins.

STARFSSVIÐ

- Dagleg stjórnun og rekstur sviðsins
- Áhættu- og lausafjárstýring
- Sjóðsstýring og innra eftirlit
- Aðkoma að fjármögnun félagsins
- Stýring verkefna við skráningu félagsins á markað
- Ábyrgð á uppgjörum, árshlutareikningum og gerð ársreikninga
- Ábyrgð á áætlanagerð og kostnaðareftirliti
- Ábyrgð á skilum gagna til skattayfirvalda
- Líkanagerð, greiningar og miðlun stjórnendaupplýsinga
- Samskipti við fjármálastofnanir

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði
- Þekking og reynsla af fjármálastjórnun og reikningshaldi
- Þekking á flugrekstri og/eða reynsla af starfi í alþjóðlegu umhverfi er kostur
- Góð þekking á upplýsingatækni og stafrænum lausnum
- Framsýni og góð greiningarhæfni
- Leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, nákvæmni, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hreint sakavottorð

FRAMKVÆMDASTJÓRI SÖLU- OG MARKAÐSSVIÐS
CHIEF COMMERCIAL OFFICER – CCO

PLAY leitar að öflugum og árangursdrifnum leiðtoga til að stýra sölu- og markaðssviði félagsins. Framkvæmdastjóri sviðsins ber ábyrgð á tekjumótun félagsins og vinnur náið með forstjóra og öðrum framkvæmdastjórum við að ná rekstrarmarkmiðum félagsins. Um er að ræða krefjandi starf í alþjóðlegu umhverfi sem hentar vel fyrir einstakling með umfangsmikla og víðtæka reynslu af verkefnum sviðsins.

STARFSSVIÐ

- Dagleg stjórnun og rekstur sviðsins
- Ábyrgð á tekjumótun félagsins, þar með talið tekjustýringu, sölu, dreifingu, markaðsmálum, almannatengslum og hliðartekjum
- Ábyrgð á þjónustustefnu og þjónustumenningu félagsins
- Ábyrgð á stafrænni þróun og hagnýtingu í upplýsingatækni
- Þátttaka í stefnumótun félagsins
- Ábyrgð á gerð áætlana og eftirfylgni þeirra í takt við stefnu og markmið
- Ábyrgð á umbótaverkefnum og þróun til að auka hagkvæmni og skilvirkni

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð stjórnunarreynsla
- Reynsla af störfum í flugrekstri og/eða reynsla af starfi í alþjóðlegu umhverfi
- Víðtæk þekking og reynsla af verkefnum sviðsins
- Sterkur rekstrar-, fjármála- og upplýsingatækniskilningur
- Framsýni og góð greiningarhæfni
- Leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að starfa undir álagi
- Framúrskarandi færni í ensku og íslensku í ræðu og riti
- Frumkvæði og árangursmiðað viðhorf

PLAY er íslenskt lágfargjaldaflugfélag. Undirbúningur að flugrekstri er nú á lokastigi. Við erum með Airbus 321 neo flugvélar, áhafnir og lendingarleyfi. Nýr forstjóri, Birgir Jónsson, hefur gengið til liðs við öflugan hóp starfsfólks og í síðustu viku lauk hlutafjárútboði þar sem fjöldi fjárfesta, einkafjárfestar, lífeyrissjóðir og aðrir stofnanafjárfestar, komu með ríflega 6 milljarða hlutafé. Á næstu vikum og mánuðum er fyrirhugað að bjóða almenningi að fjárfesta í ***PLAY*** samhliða skráningu á verðbréfamarkað First North, leggja lokahönd á öflun flugrekstrarleyfis, hefja sölu flugmiða og að sjálfsögðu — byrja að fljúga. Meira seinna.

Hjá ***PLAY*** verður öryggið alltaf í fyrsta sæti og áhersla verður lögð á stundvísi, einfaldleika, gleði og hagstæð verð. Hjá ***PLAY*** er verið að byggja upp frábæran starfshóp og einstakan starfsanda. Við viljum bæta í þennan hóp jákvæðu og kraftmiklu fólki, sem vill taka þátt í að breyta íslenskri flugsögu.

Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri mannauðssviðs ***PLAY***, í gegnum netfangið ***nina@flyplay.com***.
Tekið er á móti umsóknum á ***flyplay.com/jobs***.

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

FJÁRMÁLAFULLTRÚI

Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 114 fasteignir og er heildarstærð safnsins um 380 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands.

Félagið hefur í gildi jafnlauna- og jafnréttisstefnur ásamt jafnlaunakerfi sem fyrirbyggir beina og óbeina mismun vegna kyns. Við ráðningar er leitast við að jafna hlutföll kynjanna að uppfylltum hæfniskröfum.

Umsóknarfrestur er til og með **26. apríl nk**.
Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**
Nánari upplýsingar veitir Yrsa Þorvaldsdóttir,
yrsa@hagvangur.is

Reginn hf. óskar eftir að ráða fjármálafulltrúa í fjölbreytt skrifstofustarf á fjármálasvið fyrirtækisins. Við leitum að öflugum aðila til að taka þátt í krefjandi og fjölbreyttum verkefnum.

Starfssvið

- Umsjón með innheimtu tekna og greiðslu reikninga
- Samskipti við viðskiptamenn vegna útistandandi krafna
- Aðkoma að ákvörðun um úrlausn vanskilamála og samskipta vegna löginnheimtu
- Umsjón með greiðslu lána og skráðra verðbréfa
- Aðkoma að gerð greiðsluáætlana og ávöxtun lausafjár
- Umsjón með tengdri skýrslugerð og skjalavörslu
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á innheimtu er skilyrði
- Reynsla af gjaldkerastörfum æskileg
- Góð samskipta- og skipulagshæfni
- Nákvæm og ögguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í Excel og Navision fjárhagskerfi er skilyrði

HAGVANGUR

BYGGINGARFULLTRÚI HJÁ SNÆFELLSBÆ

Snæfellsbær er landstærsta sveitarfélagið á Snæfellsnesi með um 1.700 íbúa.
Í Snæfellsbæ er vel tekið á móti nýjum íbúum og þar má finna góða leik- og grunnskóla auk öflugs félags- og íþróttalífs fyrir börn sem fullorðna. Sjávarútvegur er burðarstoð atvinnulífs í Snæfellsbæ auk ferðaþjónustu enda Snæfellsjökull miðdepill sveitarfélagsins og sést víða að.
Í Snæfellsbæ er boðið upp á vinnuaðstöðu fyrir störf án staðsetningar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Launanefndar sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til **3. maí**.
Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á **hagvangur.is**.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Geirlaug Jóhannsdóttir,
geirlaug@hagvangur.is

Snæfellsbær óskar eftir að ráða byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúi starfar á tæknideild Snæfellsbæjar og er hlutverk hans m.a. að tryggja að starfsemi tengd byggingarmálum sé í samræmi við lög og reglugerðir og gildandi fjárhagsáætlun.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Tryggja að lögum um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslögum nr. 123/2010 og öðrum lögum og reglugerðum varðandi byggingarmál í sveitarfélaginu sé framfylgt
- Byggingareftirlit og umsjón með byggingarmálum sveitarfélagsins, þ.m.t. nýframkvæmdum og viðhaldsframkvæmdum
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum
- Móttaka og afgreiðsla umsókna um byggingarlóðir
- Ábyrgð á skráningu mannvirkja og staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga
- Framkvæmd úttekta og útgáfa leyfa
- Ráðgjöf og þjónusta við hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði byggingarmála
- Löggilding sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Góð þekking og reynsla á sviði byggingarmála
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Frumkvæði og nákvæm vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta, ásamt kunnáttu í teikniforritum
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg

HAGVANGUR

Þjónustufulltrúi

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir öflugum þjónustufulltrúa, með mikinn áhuga á mannréttindum, til að bætast í skemmtilegan og fjölbreyttan hóp starfsfólks bandalagsins. Viðkomandi mun sinna fjölbreyttum verkefnum í afgreiðslu sem reyna m.a. á samskiptafærni, þjónustulund og skipulagshæfni. Um fullt starf er að ræða en mögulegt er að ráða tvo einstaklinga í starfið og skiptist þá starfshlutfallið eftir samkomulagi.

Starfssvið:

- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Undirbúningur funda s.s. gögn, veitingar og fundaraðstaða
- Upplýsingagjöf, bréfaskrif og skjalavarsla
- Samskipti við aðildarfélög og ýmsa tengiliði
- Umsjón með skrifstofuvörum, tækjum og búnaði
- Önnur almenn skrifstofustörf í samstarfi við annað starfsfólk

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegum störfum
- Stúdentspróf eða annað nám sem nýtist í starfi er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Þekking á ensku og einu Norðurlandamáli er kostur
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er heildarsamtök hagsmuna og mannréttinda fatlaðs fólks á Íslandi. Bandalagið samanstendur af 42 aðildarfélögum fatlaðs fólks, öryrkja, einstaklinga með langvinna sjúkdóma og aðstandenda þeirra. Aðildarfélögin eru hagsmunasamtök ólíkra fötlunarhópa sem öll starfa á landsvísu. Samanlagður félagafjöldi þeirra er um 30 þúsund manns. Hlutverk ÖBÍ er að vinna að samfélagslegu réttlæti, bættum lífsgæðum og kjörum auk þess að vera stefnumótandi í réttindamálum hagsmunahópsins. Skrifstofa ÖBÍ er í góðu og aðgengilegu húsnæði í Sigtúni 42, Reykjavík. Nánari upplýsingar á **obi.is**

Fatlað fólk og/eða fólk með skerta starfsgetu er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur til og með **26. apr 2021**.

Upplýsingar um starfið veitir Inga S. Arnardóttir, **inga@hagvangur.is**

Umsóknir eru fylltar út á **www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

FORSTÖÐUMAÐUR SKÓLA- OG VELFERÐARÞJÓNUSTU ÁRNESÞINGS

Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs óskar eftir að ráða forstöðumann sem hefur yfirumsjón með og samhæfir störf félagsráðgjafa, deildarstjóra í heimaþjónustu, forstöðumanna þjónustueininga á starfssvæðinu og sérfræðinga skólaþjónustunnar.

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur, stjórnun og eftirlit með framkvæmd þjónustu og ákvarðanatöku nefndarinnar og eftir atvikum ákvarðana sveitarstjórna þegar þess er þörf
- Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar og eftirlit með útgjöldum þeirra aðila sem heyra undir málaflokkinn
- Yfirumsjón með starfsmannamálum
- Fagleg ráðgjöf til starfsfólks
- Ýmis ráðgjöf gagnvart aðildarsveitarfélögum við gerð fjárhagsáætlunar og um önnur mál er snerta rekstur þjónustunnar
- Ábyrgð á góðu samstarfi við að efla faglega þjónustu allra sem starfa í skóla- og velferðarþjónustu
- Skýrslugerð og frágangur skjala og annarra gagna á sviði þeirra málaflokka sem undir hann heyra
- Önnur trúnaðarstörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í félagsráðgjöf eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi
- Framúrskarandi lipurð og færni í samskiptum

Sjö sveitarfélög í Árnessýslu: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus standa sameiginlega að skóla- og velferðarþjónustu. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd sveitarfélaganna markar þjónustunni stefnu í samvinnu við þá sem málið varðar. Lögð er áhersla á heildarsýn í málefnum einstaklinga og fjölskyldna. Skóla- og velferðarþjónustan skiptist í kennsluráðgjöf, sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, barnaverndarmál, málefni eldri borgara og málefni fatlaðs fólks. Á svæðinu eru sjö leikskólar og sjö grunnskólar. Nemendafjöldi er alls um 1.450.

Umsóknir eru fylltar út á **www.hagvangur.is**

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun.

Umsóknarfrestur til og með **5. maí nk.**

Upplýsingar um starfið veita Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is** og Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**

HAGVANGUR

Rafmagnsverkfræðingur (Electrical Engineer)

Össur leitar að metnaðarfullum rafmagnsverkfræðingi til starfa í þróun á rafeindabúnaði í Bionic vörulínu Össurar. Um er að ræða tímabundið starf til 12 mánaða í R&D Bionic Solutions deild með möguleika á fastráðningu að þeim tíma liðnum.

STARFSSVIÐ

- Hönnun, þróun og viðhald á rafeindabúnaði
- Þarfagreining
- Áhættugreining
- Prófanir, áætlunar- og skýrslugerð
- Skjölun á þróunarvinnu og prófunum
- Samskipti við undirverktaka

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í rafmagnsverkfræði, rafmagnstæknifræði eða sambærilegu námi
- Góð þekking á mælitækni og notkun mælitækja
- Reynsla af hönnun tölvubretta
- Reynsla og þekking á framleiðslu rafrása er kostur
- Reynsla af Altium Designer eða sambærilegu hönnunartóli er kostur
- Reynsla af hönnun á prófunarbúnaði er kostur
- Reynsla af þróun rafmagnsmótora er kostur
- Hæfni í forritun (C, VHDL, Python) er kostur
- Mjög góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og samvinnu
- Færni í greiningu og úrlausn vandamála
- Frumkvæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl 2021.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur.

Athugið að velja viðeigandi starf.

For English version, please see the above webpage.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.

Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 26 löndum.

Gildi félagsins eru:

Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki

2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Skólastjóri Grunnskóla Grindavíkur

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

VIRÐING — VELLÍÐAN — VIRKNI

Staða skólastjóra Grunnskóla Grindavíkur er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst næstkomandi.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir víðtækri þekkingu á skólastarfi, hefur sýnt góðan árangur í störfum sínum og hefur getu til að leiða skólann áfram undir merkjum hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar – uppbyggingar sjálfsaga og einkunnarorða skólans um virðingu, vellíðan og virkni.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veitir skólanum faglega forystu og leiðir fjölbreytt og skapandi skólastarf í samræmi við grunnskólalög, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu sveitarfélagsins
- Samvinna við fræðsluyfirvöld í sveitarfélaginu um stefnumótun og ákvarðanatökur
- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi skólans, m.a. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun
- Stuðlar að framförum, árangri, velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks
- Þróar og fylgir eftir framsækinni sýn, stefnu og skólamenningu í samstarfi við starfsfólk, nemendur og foreldra
- Samstarf við aðila skólasamfélagsins í Grindavík

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem kennari, auk kennslu- og stjórnunarreynslu í grunnskóla
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða reynsla sem veitir sérhæfða hæfni, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 95/2019
- Leiðtogahæfni og reynsla af faglegri forystu á sviði skólamála í grunnskóla
- Þekking og reynsla á stjórnsýslu, fjármálastjórn og starfsmannamálum
- Góð þekking á notkun upplýsingatækni í kennslu
- Lipurð í samstarfi og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Grunnskóli Grindavíkur er heildstæður skóli með um 550 nemendur í tveimur skólabyggingum og frístundaheimili fyrir nemendur í 1. - 3. bekk. Verið er að byggja við starfsstöð yngri nemenda til að mæta fjölgun nemenda og bæta allan aðbúnað. Fyrirhugað er að sú viðbygging verði tekin í notkun um næstu áramót. Sveitarfélagið rekur skóla- og félagsþjónustu sem m.a. sinnir skólaþjónustu fyrir Grunnskóla Grindavíkur.

Skólaskrifstofa Grindavíkur fékk nýverið styrk til þriggja ára úr Sprotasjóði til að vinna að innleiðingu hugmyndafræði lærdómssamfélags í skólasamfélaginu og tekur grunnskólinn þátt í því verkefni ásamt öðrum skólum í sveitarfélaginu. Frekari upplýsingar um grunnskólann má finna á vefsíðu skólans: **www.grindavik.is/grunnskolinn**

Umsóknarfrestur er til og með **3. maí 2021.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í stöðu skólastjóra grunnskóla, ásamt afriti af prófskírteinum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Áhugasamir umsækjendur, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225 og Nökkvi Már Jónsson (nmj@grindavik.is), sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs Grindavíkurbæjar, í síma 420 1100.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Lögfræðingur

Kennarasamband Íslands var stofnað 1. janúar árið 2000. Félagsmenn eru ríflega 10.500 og starfa í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum.

Kennarasamband Íslands starfar á landsvísu og innan þess eru átta aðildarfélög. Hlutverk KÍ er að gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna, fara með samningsrétt um kaup og kjör, efla fag- og stéttavitund, efla skólastarf, kennaramenntun og starfsþróun félagsmanna.

Kennarasamband Íslands (KÍ) auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings. Verkefni KÍ eru fjölbreytt og krefjandi. Lögfræðingur heyrir undir sviðsstjóra lögfræðisviðs KÍ. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið:

- Lögfræðileg ráðgjöf til KÍ, aðildarfélaga og sjóða.
- Aðstoð við persónuverndarmál.
- Lögfræðileg ráðgjöf á sviði vinnuréttar til félagsmanna.
- Aðstoð við gerð og túlkun kjarasamninga KÍ.
- Umsagnir lagafrumvarpa og þátttaka í nefndum.
- Samskipti og samstarf við hagsmunaaðila.
- Halda fyrirlestra á vegum KÍ.
- Málflutningur og önnur lögfræðileg störf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Fullnaðarpróf í lögfræði er skilyrði. Lögmannsréttindi æskileg.
- Reynsla sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Þekking á vinnurétti og túlkun kjarasamninga er kostur.
- Þekking á persónuvernd er kostur.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Góð samskiptahæfni, lipurð í mannlegum samskiptum og geta til að vinna sjálfstætt í krefjandi umhverfi.
- Skipulagshæfni, ögun í vinnubrögðum, hæfni til að miðla málum og ná sáttum.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og fram kemur rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Anna Rós Sigmundsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs KÍ, veitir frekari upplýsingar um starfið (annaros@ki.is).

Umsjón með starfinu hafa Audur Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Fyrirliði í stafrænni þjónustu

Landskerfi bókasafna

Landskerfi bókasafna er hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga. Tilgangur þess er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðiþjónustu.

Landskerfið rekur bókasafnakerfið Gegni og leitargáttina leitir.is og þjónustar um 300 bókasöfn. Starfsmenn félagsins eru átta talsins.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.landskerfi.is.

Landskerfi bókasafna leitar að reyndum og metnaðarfullum fyrirliða í kerfisþjónustu við bókasöfn.

Starfið felur í sér innleiðingu og rekstur nýrra skýjalausna auk samskipta við söfn og birgja. Viðkomandi verður hluti af teymi sem leiðir vinnu við endurnýjun á núverandi kerfum þar sem lögð er áhersla á stafræna þjónustu bókasafna, sem felst meðal annars í að tengja þau ytri kerfum t.d. Stafrænu Íslandi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Uppsetning og rekstur nýs bókasafnakerfis og leitargáttar.
- Mótun vinnuferla og prófanir á gögnum.
- Uppsetning stafrænnar þjónustu með þarfir notenda að leiðarljósi.
- Þýðingar á notendaviðmóti.
- Gerð fyrirspurna fyrir skýrslur.
- Þjónusta við söfn.
- Miðlun og kennsla.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking á rafrænu efni háskóla og starfsreynsla af bókasafni er æskileg.
- Þekking eða reynsla af notendamiðaðri uppsetningu vefja.
- Grunnþekking á gagnagrunnum og SQL fyrirspurnarmálinu er kostur.
- Reynsla af kennslu og gerð kennsluefnis.
- Sjálfstæði í starfi og ögun í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund og geta til að vinna í teymi.
- Frumkvæði, drifkraftur og álagsþol.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og mæltu máli.
- Góð almenn tölvufærni.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Audur Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Sviðsstjóri fullnustu- og skiptasviðs

Sýslumaðurinn

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir lausa til umsóknar stöðu sviðsstjóra fullnustu- og skiptasviðs. Sviðsstjóri heyrir undir sýslumann og situr í framkvæmdastjórn embættisins. Sviðsstjóri er ábyrgur fyrir stjórnun mannauðs á sviðinu og ber faglega ábyrgð á verklagi og úrlausn mála innan þess. Leitað er að dugmiklum, faglega sterkum og metnaðarfullum einstaklingi í starfið.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þjónusta, rekstur og mannauðsmál sviðsins
- Dagleg yfirsýn yfir verkefnastöðu og eftirfylgni með markmiðum sviðsins
- Þátttaka í þróun tölvukerfa og þróun á stafrænni þjónustu
- Hefur frumkvæði að þróun á starfsemi og verklagi faghópa
- Vinna að því að efla og þróa þjónustu embættisins
- Samskipti við opinbera aðila og aðra hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Fullnaðarpróf í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi
- Haldgóð þekking og reynsla af málaflokkum fullnustu- og skiptasviðs
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Leiðtogahæfni, yfirsýn og árangursmiðað viðhorf
- Framúrskarandi samskiptahæfni, frumkvæði og rík þjónustulund
- Góð tölvukunnátta, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku í mæltu og rituðu máli

Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi. Í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu búa um 64% landsmanna.

Málaflokkar fullnustu- og skiptasviðs eru m.a. fjárnám, útburðar- og innsetningarmál, lögbannsmál, kyrrsetningar, nauðungarsölur og skiptamál. Nánari upplýsingar um verkefni sýslumanna má finna á **www.syslumenn.is**.

Hjá embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu starfa um 100 manns. Á fullnustu- og skiptasviði eru 17 stöðugildi.

Umsóknarfrestur er til og með **3. maí 2021.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Einnig skal fylgja afrit af prófskírteinum. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Stéttarfélags lögfræðinga. Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisstefnu embættisins.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Verkefnastjóri í stafrænni þróun

Við leitum að öflugum starfsmanni með góða reynslu af verkefnastjórnun. Viðkomandi mun leiða fjölbreytt verkefni innan stafrænnar þróunar og koma að skilgreiningum og þarfagreiningum verkefna og verkþátta.

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Við erum efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni og kannanir sýna að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

Við leitum að einstaklingi með:

› háskólamenntun sem nýtist í starfi
› þekkingu og reynslu af sambærilegum störfum í upplýsingatæknigeiranum
› reynslu af vinnu með Agile aðferðafræðinni og þekkingu á öðrum helstu aðferðafræðum verkefnastjórnunar
› mikla hæfni í mannlegum samskiptum og að leiða verkefni og hópa
› góða færni í að vinna sjálfstætt

Starfið felur meðal annars í sér:

› vinnu við fjölbreytt verkefni sem heyra undir stafræna þróun
› skilgreiningu og þarfagreiningu verkefna
› þjónustu þvert á allar deildir og svið
› greiningu á verkefnum, hagnýtingu gagna og hugmyndavinnu

Nánari upplýsingar veitir Svali Björgvinsson, **svali.bjorgvinsson@sjova.is** eða Ágústa Björg Bjarnadóttir, **agusta.bjarnadottir@sjova.is.**
Umsóknarfrestur er til og með **27. apríl.**
Sótt er um starfið á **sjova.is/starfsumsoknir.**

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Efst tryggingafélaga í Ánægjuvoginni

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2020
Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja

JAFNLAUNAMERKIÐ
Jafnlaunavottun forsætisráðuneytisins





Sjóvá

440 2000

Við leitum að góðu fólki

Hugbúnaðarprófanir (prófari)

Við leitum að öflugum sérfræðingi í hugbúnaðarprófunum, með áherslu á vefprófanir. Um er að ræða spennandi starf sem felur m.a. í sér þátttöku í vinnu þróunarteymis við hugbúnaðarþróun veflausna, allt frá þarfagreiningum til lokaafurðar.

Við leitum að einstaklingi með:

- háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða aðra menntun sem nýtist í starfi
- reynslu af framkvæmd hugbúnaðarprófana, meðal annars sjálfvirkum prófunum
- færni í greiningu og úrlausn vandamála
- mjög góða færni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni
- þekkingu á sviði tryggginga og verkefnastjórnunar (kostur)

Starfið felur meðal annars í sér:

- að tryggja að hugbúnaður Sjóvá uppfylli tæknilegar-, öryggis- og viðskiptakröfur, með áherslu á nytsemi
- samantekt prófunarniðurstaðna og villutilkynninga
- þátttöku í þverfaglegri verkefnavinnu á sviði stafrænnar þróunar

Hugbúnaðarsérfræðingur (forritari)

Við leitum að skapandi og hugmyndaríkum forritara í öflugt teymi sérfræðinga upplýsingatæknideildar. Í boði er áhugavert starf sem felur í sér þátttöku í fjölbreyttum verkefnum á sviði hugbúnaðarþróunar og reksturs upplýsingakerfa.

Við leitum að einstaklingi með:

- háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða aðra menntun sem nýtist í starfi
- a.m.k. tveggja ára reynslu af forritun
- reynslu í .Net eða .Net Core
- reynslu af Azure skýjalausnum, Docker og DevOps
- þekkingu og reynslu af Restful API hugbúnaðarþróun og samþættingu kerfa
- framúrskarandi samskiptahæfileika og hæfni til að vinna í teymum

Starfið felur meðal annars í sér:

- hönnun, þróun og viðhald á API og veflausnum
- samþættingu kerfa með hliðsjón af API
- þátttöku í þverfaglegri verkefnavinnu á sviði stafrænnar þróunar

Hjá upplýsingatæknisviði Sjóvá starfar öflugur og samhentur hópur að fjölbreyttum upplýsingatækniverkefnum og hugbúnaðarþróun tengdri sölu trygginga, afgreiðslu tjóna o.fl. Það eru spennandi tímar í tryggingum þar sem upplýsingatækni gegnir lykilhlutverki og því mikil þróunarvinna framundan. Upplýsingatæknisvið fylgir Agile aðferðafræðinni og beitir Scrum eða Kanban aðferðum við gerð hugbúnaðar.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Pétursson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs, **ingibjorn.petursson@sjova.is.**
Umsóknarfrestur er til og með **27. apríl**.
Sótt er um störfin á **sjova.is/starfsumsoknir.**

Vinnustaðamenningin hjá Sjóvá er jákvæð og árangursdrifin og leggur starfsfólk sig fram um að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Við erum efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni og kannanir sýna að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Efst tryggingafélaga í Ánægjuvoginni

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2020
Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja

JAFNLAUNAMERKIÐ
Jafnlaunavottun forsætisráðuneytisins

SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR AUGLÝSIR

Skipulagsfulltrúi óskast

Sveitarfélagið Skagafjörður óskar eftir að ráða skipulagsfulltrúa til starfa. Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa nýtt starf á traustum grunni. Helstu verkefni eru samkvæmt skipulagslögum og samþykktum sveitarfélagsins hverju sinni á sviði skipulagsmála, samgöngu- og umhverfismála. Starfshlutfall er 100%. Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst.

STARFSSVIÐ:

- Yfirumsjón með skipulagsmálum í sveitarfélaginu.
- Ábyrgð á að framfylgja stefnu sveitarfélagsins í málaflokkum sem undir hann heyra.
- Framkvæmd skipulagsmála og ráðgjöf við m.a. íbúa, kjörna fulltrúa, hönnuði og verktaka um skipulagsmál.
- Áætlanagerð og eftirfylgni. Útsetningar lóða. Skráning lands/lóða.
- Undirbúningur funda skipulagsnefndar, lögformleg afgreiðsla erinda og eftirfylgni mála.
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar sem sinna verkefnum á sviði skipulagsmála.
- Önnur verkefni.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun og sérhæfing skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Þekking og reynsla á þeim málaflokkum sem falla undir sviðið er skilyrði.
- Þekking og reynsla af stjórnun og áætlanagerð æskileg.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs og samskiptahæfileikar.
- Góð almenn tölvukunnátta. Þekking á OneSystems og hönnunarforritum er kostur.
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti á íslensku. Önnur tungumálakunnátta er kostur.

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ VEITA:

- **Sigfús Ingi Sigfússon**, sveitarstjóri, í síma 455-6000, netfang > sigfus@skagafjordur.is
- **Rúnar Guðmundsson**, skipulagsfulltrúi, í síma 455-6000, netfang > runargu@skagafjordur.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2021

Umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is (laus störf).

Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá, prófskírteini og stutt kynningarbréf þar sem fram kemur hvers vegna sótt er um starfið og hvernig viðkomandi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til þess. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

www.skagafjordur.is

Skagafjörður

SPORÐABLIK

Matreiðslumaður í veiðihús Laxá í Leirársveit

Matreiðslumaður óskast í veiðihús Laxá í Leirársveit í sumar.

Sporðablik ehf leitar eftir matreiðslumanni í veiðihús við Laxá í Leirársveit fyrir tímabilið frá 19. júní til 16. september. Til greina kemur að ráða tvo í starfið sem gætu skipt með sér sumrinu. Leitað er eftir starfsmanni með reynslu, áreiðanleika og þjónustulund.

Laxá í Leirársveit er 7 stanga laxveiðiá, sem er um 40 mínútur frá Reykjavik. Í veiðihúsinu er boðið uppá fyrsta flokks mat og gistingu, þar sem 10-14 manna hópar eru yfirleitt í tvo daga í senn. Matseðill fyrir hópa er nokkuð staðlaður og í veiðihúsinu eru um tvö og hálft stöðugildi sem sjá um rekstur hússins.

Umsóknir sendist til ooj@ojk.is

---

job

Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

Benchmark® Genetics Iceland

Aðstoðarstöðvarstjóri

Benchmark Genetics Iceland hf. leitar að fjölhæfum starfsmanni í stöðu aðstoðarstöðvarstjóra á starfsstöð okkar í Vogunum. Í boði er spennandi og fjölbreytt starf hjá framsæknu fyrirtæki í örum vexti sem hefur að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Helstu verkefni

- Aðstoðarstöðvarstjóri aðstoðar stöðvarstjóra við daglegan rekstur viðkomandi eldisstöðvar
- Ber ábyrgð á rekstri og öryggi stöðvarinnar í fjarveru stöðvarstjóra
- Vinnur með stöðvarstjóra að gerð áætlana og skipulagningu
- Í samvinnu við stöðvarstjóra, ber aðstoðarstöðvarstjóri ábyrgð á birgðahaldi stöðvarinnar og tryggir að rekstur hennar sé í samræmi við gæðakerfi fyrirtækisins
- Aðstoðarstöðvarstjóri hefur umsjón með daglegri vinnu eldismanna stöðvarinnar og sinnir öllum almennum störfum á stöðinni þegar þess er þörf

Hæfniskröfur

- Menntun í fiskeldisfræðum eða sambærilegu er æskileg
- Reynsla af fiskeldi er nauðsynleg
- Þekking á rekstri eldisstöðva
- Skipulögð og ögguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku og enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl næstkomandi.
Umsóknir og fyrirspurnir sendist á heida.heidarsdottir@bmkgenetics.com

Við hvetjum alla til að sækja um, óháð kyni.

Eftirfarandi kennarastöður eru lausar til umsóknar hjá Tækniskólanum

- Kennari í tréiðngreinum
- Kennari í byggingagreinum
- Kennari í gull- og silfursmíði
- Kennari í stærðfræði
- Kennari í bókbandi
- Kennari í prentun
- Kennari í grafískri miðlun/prentsmíð
- Kennari í rafiðngreinum
- Kennari í véltæknigreinum
- Kennari í stálsmíði
- Kennari í eðlisfræði
- Kennari í efnafræði

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Skólastjóri
óskast í Þingeyjarsveit

Þingeyjarsveit auglýsir starf skólastjóra Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit laust til umsóknar. Í Þingeyjarsveit eru reknir tveir grunnskólar, Stórutjarnaskóli og Þingeyjarskóli. Þeir eru samreknir leik- grunn- og tónlistarskólar.
Stórutjarnaskóli er samfélag um 60 nemenda og starfsmanna, þar sem lögð er áhersla á markvisst skólastarf, skapandi og sveigjanlegt nám þar sem velferð og þroski nemenda er höfð í fyrirrúmi. Stórutjarnaskóli er heilsueflandi og umhverfisvænn skóli og starfar undir merki Grænfánans. Hann er staðsettur í Ljósavatnsskarði við Ljósavatn þar sem umhverfið er ægifagurt og spennandi til útivistar.
Leitað er eftir metnaðarfullum, framsæknum einstaklingi sem hefur góða þekkingu á skólastarfi og er tilbúinn að leiða skapandi skólastarf og virkja þátttöku skólans í samfélagslegum nýsköpunarverkefnum í anda sjálfbærrar þróunar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar, færni í samskiptum.
- Leyfisbréf kennara og kennslureynsla.
- Hæfni og reynsla á sviði stjórnunar, stefnumótunar, áætlanagerðar og þróunar skólastarfs æskileg.
- Áhugi á skólaþróun og framsæknu skólastarfi er skilyrði.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða menntunarfræða er kostur.

Meginverkefni og ábyrgð

- Leiða starf í framsæknu skólasamfélagi sem nýtir styrkleika sem felast í fjölbreyttri náttúru og sterku samfélagi
- Leiða samstarf innan skólasamfélagsins
- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs í samræmi við skólastefnu Þingeyjarsveitar, aðalnámskrá grunnskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí nk.

Nánari upplýsingar á vefnum www.thingeyjarsveit.is

Umsóknum skal skila á netfangið dagbjort@thingeyjarsveit.is merkt „Skólastjóri Stórutjarnaskóla“ Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá, nöfn tveggja umsagnaraðila og stutt kynning á umsækjanda, ásamt sýn á það hvernig starfsemi Stórutjarnaskóla mun þróast á næstu árum. Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2021
Nánari upplýsingar veitir Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri í síma 862 0025,
einnig er hægt að senda fyrirspurnir á dagbjort@thingeyjarsveit.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Ríkáhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Viðgerðamenn
Vélamenn
Verkstjóra
Verkamenn

Suðurverk hf óskar eftir að ráða starfsfólk vegna framkvæmda fyrirtækisins:

Vélamenn með vinnuvélaréttindi og reynslu

Verkstjóra með reynslu af verkstjórn í jarðvinnu

Verkamenn við uppsetningu á snjóflóðagarði á Patreksfirði

Viðgerðamenn vana vinnuvéla viðgerðum

Upplýsingar veittar hjá Dofra í síma 892-0067.

Umsóknir skulu berast á skrifstofu okkar að Hlíðasmára 6 eða sendar á netfangið sudurverk@sudurverk.is

SUÐURVERK

ÍSAFJARÐARBÆR

Laus störf á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins.

Í Ísafjarðarbæ búa um 4000 íbúar og þar eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

Ísafjarðarbær auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

Grunnskólinn á Ísafirði
- Umsjónarkennarar á öllum stigum 80-100%
- Íþróttakennari 100%

Grunnskólinn á Suðureyri
- Grunnskólakennari 70%

Grunnskóli Önundarfjarðar
- Grunnskólakennari 50-90%

Grunnskólinn á Þingeyri
- Íþróttakennari 70-100%
- Grunnskólakennari 70-100%

Leikskólinn Grænigarður Flateyri
- Leikskólakennarar 100%

Heilsuleikskólinn Laufás Þingeyri
- Leikskólakennari 100%

Leikskólinn Sólborg Ísafirði
- Deildarstjórar 100%
- Leikskólakennarar 100%

Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri
- Leikskólakennari 100%

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 28. apríl 2021. Frekari upplýsingar um störfin má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar (www.isafjordur.is) undir „Laus störf“. Við hvetjum áhugasama, óháð kyni til að sækja um starfið. Vakin er athygli á markmiði mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreina og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

-Við þjónum með gleði til gagns-

Vélvirkjameistari - vélvirki

vanur vélaviðgerðum

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma óska eftir að ráða starfsmann á vélaverkstæði.

Viðkomandi þarf að vera liðtækur í viðgerðum smávéla og stærri tækja og kunna góð skil á málmsmíði.

Umsókn um starfið skal skila á netfangið: kari@kirkjugardar.is fyrir 4. maí næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Kári Aðalsteinsson í síma 620-4745 eða kari@kirkjugardar.is

Upplýsingar um Kirkjugarðana má nálgast á netinu:

www.kirkjugardar.is

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Viltu vinnu í fallegu umhverfi með góðu og skapandi fólki?

Fjarðabyggð auglýsir eftir skólastjórnendum í eftirtaldar skólastjórnendastöður

Skólastjóri við Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla
Breiðdals og Stöðvarfjarðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli með tæplega 60 nemendur. Tónlistarskóli og bókasafn eru í sama húsnæði og íþróttahús við hlið skólahúsnæðisins.

Aðstoðarskólastjóri við Nesskóla
Nesskóli er 230 nemenda skóli í Neskaupstað. Skólinn er staðsettur í nýlegu húsnæði þar sem einnig eru tónlistarskóli og bókasafn bæjarins. Leikskólinn Eyrarvellir er í næsta nágrenni við skólann sem og íþróttahús staðarins.

Fjarðabyggð auglýsir eftir umsóknum í eftirtaldar stöður við leikskólana í Fjarðabyggð

Leikskólinn Dalborg Eskifirði:
Deildarstjóri, leikskólakennarar
Leikskólinn Kærabær Fáskrúðsfirði: Leikskólakennarar
Leikskólinn Lyngholt Reyðarfirði: Deildarstjóri, leikskólakennarar og stuðningsfulltrúi
Leikskólinn Eyrarvellir Norðfirði: Leikskólakennarar
Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli: Þroskaþjálfi

við grunnskólana í Fjarðabyggð

Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar:
Umsjónarkennari, grunnskólakennari
Grunnskóli Reyðarfjarðar: Umsjónarkennari, raungreinakennari og almenn kennsla
Eskifjarðarskóli: Umsjónarkennarar

við tónlistarskólana í Fjarðabyggð

Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar:
Tónlistarkennari, kennslugreinar fiðla, selló og píanó.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is laus störf

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.
Umsóknarfrestur er til 3. maí 2021.

Sótt er rafrænt um starfið á ráðningarvef Fjarðabyggðar - starf.fjardabyggd.is

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu

Velferðarsvið Hornafjarðar leitar eftir metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf forstöðumanns yfir Stuðnings- og virkniþjónustu. Forstöðumaður hefur yfirumsjón með stjórnun og rekstri félagslegrar heimaþjónustu, virkni og starfsendurhæfingu. Undanfarin ár hefur mikil þróunarvinna átt sér stað innan félagslegrar heimaþjónustu með samþættingu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar ásamt velferðartækni. Framundan eru spennandi verkefni við þróun og innleiðingu starfsendurhæfingar- og virkniúrræða. Um fullt starf til framtíðar er að ræða og er þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni
- Ábyrgð á stjórnun og rekstri.
- Ábyrgð á uppbyggingu heildstæðrar þjónustu með áherslu á þverfaglega teymisvinnu.
- Ber ábyrgð á starfsmannamálum.
- Ábyrgð á stjórn og eftirliti með faglegu starfi.
- Stýrir matsnefnd vegna umsókna um félagslega heimaþjónustu.
- Regluleg áætlana- og skýrslugerð.
- Kemur að stefnumótun í málefnum fólks með fötlun og aldraða.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf á sviði félags og/eða heilbrigðisvísinda.
- Meistaraprófs sem nýtist í starfi er kostur.
- Góð þekking á málaflokkum velferðarþjónustu.
- Reynsla af stjórnun félagsþjónustu og/eða öldrunarþjónustu.
- Reynsla af mannaforráðum og starfsmannastjórnun.
- Reynsla og þekking á endurhæfingu og mikilvægi valdeflingar.
- Framúrskarandi samskiptafærni og leiðtogahæfni.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, samviskusemi og frumkvæði í starfi.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög er varða málaflokka starfseminnar.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir skulu sendar á netfangið erlab@hornafjordur.is. Nánari upplýsingar veitir Erla Björg Sigurðardóttir sviðsstjóri velferðarsviðs í síma 470-8000, netfang: erlab@hornafjordur.is. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.
Umsóknarfrestur framlengdur til og með 25.04.2021.

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir lausa til umsóknar stöðu sviðstjóra fræðslu- og frístundasviðs. Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með málefnum skóla, frístunda og íþrótta hjá sveitarfélaginu og er starfsmaður fræðslu- og tómstundanefndar. Sveitarfélagið rekur tvo grunnskóla, tvo leikskóla, tónskóla, sundlaug og önnur íþróttamannvirki auk þess sem undir sviðið heyrir félagsmiðstöð, vinnuskóli og Vöruhúsið / FabLab.
Sviðsstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun sviðsins, þ.m.t. fjármálum þess. Hann hefur yfirumsjón með stefnumótun, eftirlit með rekstri og faglegu starfi sviðsins. Sviðsstjóri ber jafnframt ábyrgð á að stuðla að góðri samvinnu við önnur svið og einingar innan sveitafélagsins.
Um er að ræða krefjandi starf fyrir öflugan stjórnanda sem mun leiða og veita faglega forystu í fræðslumálum sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið
- Yfirumsjón með fræðslu-, íþrótta- og frístundamálum í sveitarfélaginu
- Ber ábyrgð á stefnumótun í málaflokkum sviðsins
- Umsjón með rekstri sviðsins, gerð og eftirlit með fjárhagsáætlun þess
- Áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu í skólum í samvinnu við skólastjórnendur
- Tryggir eftirfylgni með lögum um leik-, grunn- og tónskóla, æskulýðslög og viðeigandi reglugerðir
- Eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs í samvinnu við skólastjórnendur
- Tengiliður skóla við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga
- Stuðningur og ráðgjöf við skólastjórnendur og aðra forstöðumenn sem undir sviðið heyra
- Hefur umsjón með aðkeyptri sérfræðiþjónustu og viðeigandi samningagerð
- Situr sviðsstjórafundi sem og fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar ef þörf er talin á

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur
- Reynsla af stjórnun skólamála nauðsynleg
- Þekking á stefnumótun og rekstri innan opinberrar stjórnsýslu æskileg
- Góð þekking á lögum tengdum málaflokkum starfsins nauðsynleg
- Framúrskarandi samskiptafærni og leiðtogahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, samviskusemi og frumkvæði í starfi
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á upplýsingatæknimálum og vilji til að bæta við sig þekkingu á því sviði

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2021
Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir skulu sendar Matthildi Ásmundardóttur, bæjarstjóra, á netfangið matthildur@hornafjordur.is, en hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í síma 470-8000. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.



Hornafjörður er blómstrandi 2400 manna samfélag sem byggir á sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Öflugt menningar- og félagslíf er í sveitarfélaginu. Fjölbreytt íþróttastarf fyrir börn og ungmenni. Nýheimar þekkingarsetur er mennta- og fræðastofnun þar sem koma saman Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Náttúrustofa Suðausturlands, Framhaldsskóli, Hornafjarðarsöfn, Matís og Fræðslunet Suðurlands. Stuðningur við frumkvöðla, t.d. FAB LAB smiðja er í Vöruhúsi.Öll almenn þjónusta er til staðar í sveitarfélaginu og þar má nefna tónskóla, líkamsrækt, knatthús, sundlaug og heilbrigðisstofnun. Samgöngur til Hafnar eru greiðar, beint flug og strætó.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Leikskólastjóri í leikskólann Arnarsmára

Leikskólinn Arnarsmári er 5 deilda leikskóli sem stendur á Nónhæð. Í leikskólanum er starfað samkvæmt Uppbyggingarstefnunni og einkunnarorð hans eru frumkvæði, vinátta og gleði. Mikil og virk útikennsla einkennir Arnarsmára, sem og áhersla á dyggðir, stærðfræði, læsi og virðingu fyrir umhverfinu.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi í sínum skóla, veita faglega forystu og búa yfir hæfni og frumkvæði til að skipuleggja skapandi leikskólastarf í samvinnu við starfsmenn, forráðamenn og leikskóladeild.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða Diplóma að lágmarki) á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 3. maí 2021.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningavef Kópavogsbæjar.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
SJÁLFSTÆÐI · METNAÐUR · SAMKENND

Óskum eftir kennurum fyrir skólaárið 2021-2022

Grunnskóli Snæfellsbæjar er þriggja starfstöðva grunnskóli með um 230 nemendur. Starfstöðvar hans eru í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsu.
Nánari upplýsingar um skólann eru á heimasíðu hans, á slóðinni http://www.gsnb.is/

Auglýst er eftir
Umsjónarkennara í 1. - 7. bekk.
Kennara í heimilisfræði, í 50% starf.
Tímabundna stöðu íþróttakennara í 50% starf, í eitt ár.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leyfisbréf.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir skipulagshæfileikar.
- Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.
Í samræmi við jafnréttisstefnu Snæfellsbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Umsóknir sendist fyrir 30. apríl 2021 til skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ennisbraut 11, 355 Snæfellsbæ eða á netfangið hilmara@gsnb.is.
Í þeim skulu koma fram upplýsingar um menntun, réttindi og starfsreynslu.

Frekari upplýsingar veitir Hilmar Már Arason
í síma 894 9903 eða hilmara@gsnb.is.

Sumarstörf í heimahjúkrun

Hjúkrunarfræðingar – Hjúkrunarnemar
Sjúkraliðar – Sjúkraliðanemar – Læknanemar

Reykjavíkurborg veitir heilbrigðisþjónustu í heimahjúkrun. Enn eru laus spennandi og gefandi sumarstörf á starfstöðunum. Leitað er eftir hjúkrunarfræðingum, hjúkrunarnemum, sjúkraliðum, sjúkraliðanemum og læknanemum til starfa.

Fjölbreytt störf í vaktavinnu við heilbrigðisþjónustu inni á heimilum þjónustuþega.

Um er að ræða eftirtalda vinnustaði:

Heimahjúkrun Efstaleiti 1, heimahjúkrun Lindargötu 59 og heimahjúkrun Hraunbæ 119.

Upplýsingar veita eftirtaldir aðilar:

Heimahjúkrun Hraunbæ 119 – Ragnheiður Þórisdóttir s. 696-7716
Ragnheidur.Thorisdottir@reykjavik.is

Heimahjúkrun Lindargata 59 – Kristín s. 411-9650
Kristin.Blondal@reykjavik.is

Heimahjúkrun Efstaleiti 1 – Ragna Lilja s. 411-1590
ragna.l.gardarsdottir@reykjavik.is

Hægt er að sækja um störfin á vef Reykjavíkurborgar:
https://jobs.50skills.com/reykjavik/is

Reykjavíkurborg
VELFERÐARSVIÐ

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

Sálfræðingur

Laust er til umsóknar starf sálfræðings hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Um er að ræða 100% stöðu. Æskilegt er að viðkomandi gæti hafið störf 1. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi.

Hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem vinnur í þverfaglegu samstarfi um málefni einstaklinga og hópa. Sjö sveitarfélög reka Skóla- og velferðarþjónustuna sem hefur starfsstöð í Hveragerði. Á svæðinu eru sjö leikskólar, sex grunnskólar og tveir leik- og grunnskólar.

Starfssvið sálfræðings
- Ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Forvarnastarf með áherslu á snemmtæka íhlutun.
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum og unglingum, ráðgjöf og eftirfylgd mála.
- Fræðsla og ráðgjöf vegna mála einstaklinga eða hópa.
- Viðtöl við nemendur m.a. vegna tilfinninga- og hegðunarvanda.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Löggilding til starfa sem sálfræðingur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipulagshæfileikar og rík færni í samskiptum.
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi.

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í áframhaldandi þróun þjónustunnar og samstarfi við aðra sem koma að málefnum barna og ungmenna.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2021.
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Umsóknir sendist rafrænt á netfangið ragnheidur@arnesthing.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá og skal þar geta umsagnaraðila.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ragnheidur@arnesthing.is og Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennsluráðgjafi hrafnhildur@arnesthing.is

Góð störf hjá Eykt

Verkefnastjórar

Eykt ehf. leitar eftir verkefnisstjórum til starfa við stjórnun framkvæmda á vegum félagsins. Verkefnisstjórar eru hluti af stjórnendateymi Eyktar.

Helstu verkefni:

- Samningagerð við undirverktaka og birgja, og stjórn innkaupa
- Gerð og eftirfylgni verk- og kostnaðaráætlana
- Reikningagerð og uppgjör verka
- Tilboðsgerð

Menntun og hæfni:

- Byggingaverkfræðingur/byggingatæknifræðingur/byggingafræðingur
- Hæfni í notkun helstu stjórntækja við áætlanagerð
- Hæfni til samvinnu og jákvæðra samskipta

Tekið er við umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu á skrifstofu Eyktar á Stórhöfða 34–40 eða með tölvupósti á palld@eykt.is. Upplýsingar um starfið veitir Páll Daníel Sigurðsson, framkvæmdastjóri, á skrifstofu Eyktar.

Hlutverk Eyktar er að byggja vönduð mannvirki sem umgjörð um daglegt líf og atvinnurekstur.

Eykt ehf. / Stórhöfða 34–40 / 110 Reykjavík / Sími 595 4400 / eykt.is

Verkstjóri

Eykt vill einnig ráða í starf verkstjóra.

Helstu verkefni:

- Dagleg verkstjórn og skipulag verkefna á byggingasvæðum Eyktar
- Starfsmannahald og skipulag aðfanga í samráði við verkefnisstjóra
- Eftirfylgni með gæðakerfi Eyktar

Menntun og hæfni:

- Hæfni til samvinnu og jákvæðra samskipta
- Meistararéttindi í húsasmíði kostur
- Skipulag og agi í vinnubrögðum

EYKT©

Þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði frá 1986

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra við nýjan leikskóla við Bríetartún

Reykjavíkurborg vinnur nú að opnun nýs ungbarnaleikskóla við Bríetartún 11. Opnun leikskólans er hluti af uppbyggingaráformum borgarinnar við að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Staðsetning leikskólans er óvenjuleg en hann verður á jarðhæð nýs fjölbýlishúss í grónu hverfi miðborgarinnar, steinsnar frá almenningssamgöngum til allra átta. Leikskólinn verður fjögurra deilda og er ætlaður fyrir 60 börn á aldrinum 12 mánaða til 3 ára en slíkur sérhæfður leikskóli hefur ekki verið starfræktur á vegum borgarinnar frá árinu 2011. Í leikskólanum verður lögð áhersla á gæðastarf þar sem horft verður til nýjustu hugmynda og rannsókna um getu og hæfni barna á þessum aldri. Borgin stefnir á opnun annars sambærilegs leikskóla á Kirkjusandi á árinu 2022/2023 og gera má ráð fyrir að leikskólastjóra Bríetartúns verði einnig falið að stýra þeirri einingu eða allt í allt 120 barna ungbarnaleikskóla þegar þar að kemur.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að þróa og leiða metnaðarfullt gæðastarf fyrir yngstu leikskólabörnin.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, „Látum draumana rætast", þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, aukið samstarf og fagmennska.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 15. júní 2021. **Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2021.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Fjölbrautaskólinn við Ármúla auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar

Kennari í **ensku** í 50% starf
Kennari í **hjúkrunargreinum** í 50% starf
Kennari í **kvikmyndagerð** í 100% starf (á haustönn)
Kennari á **sérnámsbraut** í 100% starf
Kennari í **stærðfræði** í 50% starf
Félags- og forvarnarfulltrúi í 50% starf
Umsjónarmaður fasteigna í 100% starf

Í umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um menntun, staðfest afrit af prófskírteinum, afrit af leyfisbréfi til að nota starfsheitið kennari (þar sem það á við), upplýsingar um fyrri störf og meðmælendur. Kynningabréf er æskilegt.

Vakin er athygli umsækjenda á að áður en að ráðningu kemur þarf að liggja fyrir hreint sakavottorð.

Allar frekari upplýsingar um hvert og eitt starf má finna á Starfatorgi, www.starfatorg.is.

Umsókn skal senda til Kristrúnar Birgisdóttir, aðstoðarskólameistara sem einnig veitir nánari upplýsingar um starfið (sími 525 8800), netfang: kristrun.birgisdottir@fa.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Á heimasíðunni www.fa.is er að finna helstu upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um störfin.

Magnús Ingvason
Skólameistari FÁ

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli
- Umsjónarkennari á yngsta stigi

Garðaskóli
- Dönskukennari
- Sérkennari
- Samfélagsgreinakennari
- Textílkennari – 50% staða

Urriðaholtsskóli
- Deildarstjóri á leikskólastigi
- Íþróttakennari á grunnskólastigi

Leikskólinn Akrar
- Deildarstjóri

Leikskólinn Holtakot
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Íþróttamiðstöðvar Garðabæjar
- Starfsmenn

Miðskógar – heimili fatlaðs fólks
- Starfsmaður í sumarafleysingar

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

VILT ÞÚ RITSTÝRA EINUM STÆRSTA FRÉTTAMIÐLI LANDSINS?

Torg ehf. auglýsir eftir ritstjóra DV. Starfið er umfangsmikið og krefjandi á skemmtilegum vinnustað. DV er hluti af Torgi ehf. sem á og rekur m.a. Fréttablaðið, frettabladid.is. Markaðinn og sjónvarpsstöðina Hringbraut.

Verkefni ritstjóra eru m.a.

- Leiða þróun DV
- Stýra fréttafundum
- Rýna fréttaefni og efnistök
- Efnisöflun og skrif
- Samskipti við ljósmyndara, umbrot og verktaka

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Þekking og reynsla af fjölmiðlum
- Reynsla af stjórnunarstarfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Þekking á samfélagsmiðlum

Umsóknir skal senda til Elísabetu Salvarsdóttur á netfangið elisabet@torg.is fyrir 28. apríl 2021.

Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi, þekkja vel til málefna líðandi stundar, vera fær verkefnastjóri og vel tengdur inn í íslenskt samfélag.

TORG

Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík
Sími 550 5000

SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR AUGLÝSIR

Skipulagsfulltrúi óskast

Sveitarfélagið Skagafjörður óskar eftir að ráða skipulagsfulltrúa til starfa. Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa nýtt starf á traustum grunni. Helstu verkefni eru samkvæmt skipulagslögum og samþykktum sveitarfélagsins hverju sinni á sviði skipulagsmála, samgöngu- og umhverfismála. Starfshlutfall er 100%. Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst.

STARFSSVIÐ:

- Yfirumsjón með skipulagsmálum í sveitarfélaginu.
- Ábyrgð á að framfylgja stefnu sveitarfélagsins í málaflokkum sem undir hann heyra.
- Framkvæmd skipulagsmála og ráðgjöf við m.a. íbúa, kjörna fulltrúa, hönnuði og verktaka um skipulagsmál.
- Áætlanagerð og eftirfylgni. Útsetningar lóða. Skráning lands/lóða.
- Undirbúningur funda skipulagsnefndar, lögformleg afgreiðsla erinda og eftirfylgni mála.
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar sem sinna verkefnum á sviði skipulagsmála.
- Önnur verkefni.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun og sérhæfing skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Þekking og reynsla á þeim málaflokkum sem falla undir sviðið er skilyrði.
- Þekking og reynsla af stjórnun og áætlanagerð æskileg.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs og samskiptahæfileikar.
- Góð almenn tölvukunnátta. Þekking á OneSystems og hönnunarforritum er kostur.
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti á íslensku. Önnur tungumálakunnátta er kostur.

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ VEITA:

- **Sigfús Ingi Sigfússon**, sveitarstjóri, í síma 455-6000, netfang > sigfus@skagafjordur.is
- **Rúnar Guðmundsson**, skipulagsfulltrúi, í síma 455-6000, netfang > runargu@skagafjordur.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2021

Umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is (laus störf).

Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá, prófskírteini og stutt kynningarbréf þar sem fram kemur hvers vegna sótt er um starfið og hvernig viðkomandi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til þess. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

www.skagafjordur.is

Skagafjörður

SELTJARNARNESBÆR

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Á SELTJARNARNESI

Breyting á deiliskipulagi Bakkahverfis - breyting vegna Melabrautar 20 og Valhúsabrautar 19.

Breyting á deiliskipulagi Bakkahverfis - breyting vegna Melabrautar 20 og Valhúsabrautar 19.

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 24. mars 2021 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna Melabraut 20 og Valhúsabraut 19 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Bakkahverfis.

Melabraut 20: Í deiliskipulagsbreytingunni felst að rífa núverandi hús sem er með tveimur íbúðum, núv. deiliskipulag gerir ráð fyrir 3 íbúðum og byggja í staðinn hús með fjórum íbúðum. Hámarks byggingarmagn fer úr 550 m² í 600 m² og hámarks nýtingarhlutfall fer úr 0,6 í 0,65.

Valhúsabraut 19: Í deiliskipulagsbreytingunni felst að rífa núverandi hús sem er einbýlishús með auka íbúð, núv. deiliskipulag gerir ráð fyrir 2 íbúðum og byggja í staðinn hús með fjórum íbúðum. Hámarks byggingarmagn fer úr 483 m² í 571 m² og hámarks nýtingarhlutfall fer úr 0,55 í 0,65.

Varðandi nánari upplýsingar um tillöguna er vísað til kynningargagna. Ofangreinda tillögu og gögn er hægt að kynna sér á vef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er hægt að senda fyrirspurn á skipulagsfulltrúa Seltjarnarnesbæjar á netfangið postur@seltjarnarnes.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsfulltrúa Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, Seltjarnarnesi eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is, eigi síðar en 7. júní 2021.

Umhverfis- og skipulagssvið Seltjarnarnesbæjar,
Einar Már Steingrímsson, skipulagsfulltrúi.

NÁMSKEIÐ Í HNÍFAGERÐ

Tveggja daga námskeið
24. – 25. apríl og 1. – 2. maí*

- **Smíða hníf og slíður fyrir hann.**
- **Val um þrjár stærðir af hnífsblöðum.**
- **Öll tæki og tól á staðnum.**
- **Hádegisverður innifalinn báða dagana.**

Tími: 10:00 til 16:00 báða dagana.
Hámarksfjöldi: 8 persónur.
Þátttökugjald: 30.000 kr.

*Ef næg þátttaka fæst.



knifemaker.is

Nánari upplýsingar:
Email: palli@knifemaker.is
Sími: 899 6903
Heimasíða: knifemaker.is

---

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Gangstéttaviðgerðir 2021,** útboð nr. 15175.

Nánari upplýsingar er að finna á
www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

NORÐURORKA
RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 60 · 602 AKUREYRI

ÚTBOÐ

Norðurorka óskar eftir tilboði í að byggja 295 m² dælustöð, undirstöður fyrir 133 m² loftskilju ásamt 48 m² lokahúsi við Arnarholt á Hjalteyri við Eyjafjörð.

Verktími er frá maí 2021 til 15. nóvember 2021.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	**980 m³**
Steypumót	**2.224 m²**
Steypustyrktarstál	**18.800 kg**
Steinsteypa	**418 m³**
Hljóðdeyfiloft	**218 m²**
Málun gólfa	**246 m²**
Malbik	**1.080 m²**

Ósk um afhendingu rafrænna útboðsgagna skal senda á netfangið avh@avh.is og verða þau afhent frá og með 20.04.2021.

Tilboð skulu berast rafrænt á netfangið haraldur.josefsson@no.is fyrir kl. 13:00 **þriðjudaginn 11.05.2021.** og verða tilboðin opnuð á fjarfundi kl. 13:30 sama dag.

Útboð

Ný útboð í auglýsingu

Grasæfingasvæði í Kaplakrika
Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í framkvæmdir í tengslum við nýtt grasæfingasvæði í Kaplakrika í Hafnarfirði. Um er að ræða jarðvinnu vegna lagna og útjöfnun á drenmöl og sandi. Tilboð verða opnuð **4. maí kl. 11**.

Vökvunarkerfi fyrir grasæfingasvæði
Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í vökvunarkerfi fyrir nýtt grasæfingasvæði í Kaplakrika í Hafnarfirði. Útboðið nær til allra þátta við að fullgera vökvunarkerfi fyrir svæðið auk hönnunar á kerfinu og tengingu við núverandi kerfi í Knattspyrnuhúsinu Skessunni. Undanskilið í útboðinu er jarðvinna vegna lagna. Tilboð verða opnuð **4. maí kl. 11**.

Nánar á:
hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

ÚTBOÐ

Álfhólsskóli Hjalli, Álfhólsvegi 120

– Endurnýjun þaks og loftaklæðningar

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í endurnýjun þaks og loftaklæðninga í Álfhólsskóla Hjalla. Um er að ræða opið útboð. Verkið felst í endurnýjun þaks úti, loftaklæðninga inni, rafmagns og lýsingar í lofti.

Verkinu skal að fullu lokið 20. ágúst 2021.

Útboðsgögn verð afhent rafrænt og skulu þeir, sem óska eftir útboðsgögnum fyrir verk þetta, senda tölvupóst á netfangið utbod@kopavogur.is, frá og með þriðjudeginum 20. apríl nk. Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðs vegna útboðsins, símanúmer, netfang og nafn fyrirtækis.

Eiginlegur opnunarfundur með bjóðendum verður ekki haldinn, tilboðum ásamt nauðsynlegum gögnum skal skila rafrænt (tölvupóstur) á póstfangið utbod@kopavogur.is fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 4.maí 2021.

Niðurstöður opnunar verða sendar þeim aðilum sem skila inn tilboðum.

Kópavogsbær
kopavogur.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

HESTHÚSALÓÐIR Í GARÐABÆ

Garðabær auglýsir lausar til úthlutunar hesthúsalóðir á Kjóavöllum, við göturnar Sunnuvelli og Æsuvelli. Alls er um að ræða um 20 lóðir. Einstaklingar sem og lögaðilar geta sótt um hesthúsalóðirnar. Á Kjóavöllum er hesthúsahverfi og athafnasvæði hestamannafélagsins Spretts með reiðhöll og íþróttaleikvangi fyrir hestaíþróttir.

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí 2021, upplýsingar, gögn og úthlutunarskilmála má nálgast á vef Garðabæjar, **gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Guesthouse Flúðir til sölu

Frábært tækifæri í ferðaþjónustu á ört vaxandi stað. Rekstur sem hefur gengið vel á undanförum árum og eru framtíðarhorfur mjög góðar.



Fasteignir: Alls **676,9 fm** auk mögulegrar stækkunar um 764 fm.

A. **328,9 fm**, veitingasalur, eldhús, íbúð, 5 herbergi og setustofa.

B. **348 fm**, ný bygging með 11 herbergjum.

C. **Möguleg stækkun** um 764 fm.

Herbergin: Eru vel búin og eru fullbúin rúm **fyrir samtals 36 gesti**.

Veitingasalur: Er fullbúin og rúmar **45 manns** í sæti **og 20** á útisvæði.

Eldhús: Er **fullbúið** góðum tækjum.

Staðsetning: **Frábær staðsetning** og aðkoma mjög góð. Stórt og gott bílastæði. Flúðir hefur verið að byggjast upp og er í dag einn vinsælasti staðurinn á Gullna hringnum.

Nánari upplýsingar veitir:

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

MIKLABORG | Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

---

EIGNAMIÐLUN

GRENSÁSVEGUR 11 | SÍMI 588 9090 | WWW.EIGNAMIDLUN.IS

FUNAHÖFÐI

TIL SÖLU ATVINNUHÚSNÆÐI

Um er að ræða nokkrar fasteignir við Funahöfða. Eignirnar eru samtals um 2.000 fm.
Allar eignirnar eru í útleigu.

Óskað er eftir tilboði í eignirnar.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Guðlaugur Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 5464

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

520 9595

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur

Hafdís Fasteignasali	Sigurður Fasteignasali	Dórothea Fasteignasali	Þorsteinn Fasteignasali	Jóhanna Kristín Fasteignasali	Sigríður Fasteignasali	Berglind Fasteignasali	Jón Gunnar Fasteignasali	Helgi Fasteignasali	Hrönn Fasteignasali	Hólmgeir Lögmaður	Þóra Fasteignasali	Þorgeir Fasteignasali	Hafliði Fasteignasali	Ragnar Fasteignasali	Darri Örn Sölufulltrúi	Elka Fasteignasali	Unnur Svava Sölufulltrúi
820 2222	898 6106	898 3326	694 4700	837 8889	699 4610	694 4000	848 7099	780 2700	692 3344	520 9595	822 2225	696 6580	846 4960	844 6516	767 0000	863 8813	623 8889

Sogavegur 73-77
108 Reykjavík

Dæmi um íbúð:
Sogavegur 75
íbúð 204
Stærð: 127,3
Herb. 4
Verð: 73.500.000

OPIÐ HÚS sunnudaginn 18. apríl kl. 14:00-15:00

AÐEINS 12 ÍBÚÐIR EFTIR: NÝ FJÖLBÝLI MIÐSVÆÐIS - ÖLL HELSTA ÞJÓNUSTA Í NÁGRENNINU - GÖNGUFÆRI Í GRUNDARGERÐISGARÐINN!

Sogavegur 73-75 er á tveimur hæðum með 19 3ja-4ra herb. íbúðum í tveimur lyftu/stigahúsum en Sogavegur 77 er á 3 hæðum með 26 íbúðum, 3ja og 4ra herbergja, og þremur lyftu/stigahúsum. Bílageymsla í kjallara beggja húsanna. Sameiginlegur garður. .

Jóhanna Kristín Fasteignasali
837 8889
johanna@fstorg.is

Þorgeir Fasteignasali
696 6580
thorgeir@fstorg.is

Bláhamrar 11 — 112 Reykjavík — 52.900.000



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 20. apríl kl. 17.30-18.00

Herbergi: 3 **Stærð:** 96,6 m²

Björt og vel skipulögð 96,6 fm þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð með sérinngang við Bláhamra 11 í Reykjavík. Eignin skiptist í anddyri, eldhús, borðstofu og stofu, geymslu á fyrstu hæð ca 4 fm sem ekki er skráð í heildar fm tölu eignarinnar, tvö svefnherbergi og baðherbergi með þvottaaðstöðu. Grunn- og leikskóli er í næstu götu. Sérmerkt bílastæði fylgir eigninni. **Upplýsingar veitir Þorgeir fasteignasali í gsm:** 696 6580

Bæjarholt 3 — 220 Hafnarfjörður — 44.900.000



OPIÐ HÚS sunnudaginn 18. apríl kl. 16.00-16.30

Herbergi: 3 **Stærð:** 94,2 m²

Falleg 94,2 fm þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð (efstu hæð) með góðu útsýni við Bæjarholt 3 í 220 Hafnarfirði. Eignin skiptist í anddyri, eldhús, borðstofu og stofu, svalir, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús.
Upplýsingar veitir Þorgeir fasteignasali í gsm: 696 6580

Selvað 5 — 110 Reykjavík — 44.900.000

OPIÐ HÚS mánudaginn 18. apríl kl. 13:00 -13:30
Vinsamlegast bókið skoðun á opið hús á elka@fstorg.is

Fjölbýlishús **Herbergi:** 2 **Stærð:** 80,8 m²

Mjög falleg, björt og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð í góðu lyftuhúsi með stæði í bílageymslu. Um er að ræða 80,8 fm íbúð sem er á 2. hæð með rúmgóðum 10,5 fm svölum. Húsið er vel staðsett í þessu rólega og góða hverfi.
Upplýsingar veitir Elka fasteignasali í gsm: 863 8813

Lynggata 1, *íb. 202* — 210 Garðabær — 44.900.000

OPIÐ HÚS sunnudaginn 18. apríl kl. 13:00-13:30
Vinsamlegast bókið skoðun!

Herbergi: 2 **Stærð:** 69,9 m²

Mjög falleg tveggja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi við Lynggötu 1 í Urriðaholti. Eignin er skráð 69,6 fm og skiptist anddyri, stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og sér geymslu í sameign. Úr stofu er gegnið út á 6,1 fm svalir sem snúa í suð-vestur. **Uppl. veitir Darri aðst.maður fasteignasala í gsm:** 767 0000

Naustabryggja 17 — 110 Reykjavík — 53.900.000



OPIÐ HÚS mánudaginn 19. apríl kl. 17:30-18:00

Herbergi: 3 **Stærð:** 96 m²

Björt og vel skipulögð íbúð á fyrstu hæð í góðu fjölbýlishúsi með stæði í bílageymslu. Eignin skiptist í anddyri, alrými með eldhúsi, borðstofu, stofu, þvotta hús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og geymslu í sameign.
Upplýsingar veitir Þorgeir fasteignasali í gsm: 696 6580

Kópubraut 26 — 260 Reykjanesbær — 85.000.000

OPIÐ HÚS sunnudaginn18. apríl kl.14.30-15.00

Herbergi: 5 **Stærð:** 199 m² Verönd Bílskúr

Stórglæsilegt einbýlishús á einni hæð á frábærum stað í Innri Njarðvík. Sérlega mikið er lagt í húsið og er það fullbúið að innan sem utan og frágengið á glæsilegan hátt. Í eigninni eru 4 góð svefnherbergi, stórt alrými með eldhúsi, stofu og borðstofu, tvö baðherbergi bæði með baðaðstöðu, gott þvottaherbergi með mikilli innréttingu og rúmgóður bílskúr. Húsið er einangrað að utan og klætt með flísakerfi. Bílaplanið er steypt með stæði fyrir fjóra bíla og snjóbræðslu. Innan eignar er gólfhiti í öllum rýmum og falleg innfelld lýsing að hluta í loftum. Búið er að leggja lagnaleið fyrir heitan pott.

Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000

Álfhólsvegur 147 — 201 Kópavogur — 72.900.000

OPIÐ HÚS mánudaginn 19. apríl kl. 17.30-18.00

Herbergi: 6 **Stærð:** 200,5 m²

Björt, rúmgóð og vel skipulögð 6 herbergja hæð með innangengum bílskúr á fjölskylduvænum stað í Kópavogi þar sem stutt er í skóla og leikskóla. Eignin er skráð skv fmr 200,5fm og þar af er bílskúr23,5fm. Svefnherbergi eru fjögur (voru fimm) Húsið var málað að utan þ.e. steyptir fletir og gluggar efri hæðar 2019, eldhús uppgert 2016 og 2021 var aðalbaðherbergi endurnýjað. Mögulegt er að leigja út herbergi með salerni á neðri hæð.

Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222

Naustavör 44-50 — 200 Kópavogur

BÓKIÐ SKOÐUN

Herbergi: 2-4 **Stærð:** 80,6-138,6 m²

Naustavör 44-50 er 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu við Naustavör í Kópavogi staðsett örstutt frá smábátahöfninni, með glæsilegu sjávarútsýni úr flestum íbúðunum.

Vandaðar innréttingar frá Brúnás og AEG eldhústæki. Flísar á baðherbergjum og þvottahúsi að öðru leyti skilast íbúðirnar án gólfefna. Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum. Bílageymsla er upphituð, sérgeymslur eru í kjallara. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum.

Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610

EIGNAMIÐLUN

SÍÐAN 1957 | 588 9090 | GRENSÁSVEGUR 11



VERÐ: 155 mkr

BORGARTÚN 28A, 105 RVK

- Stærð: 201 m²
- 5 herbergja
- 167 m² svalir
- Tvö sérmerkt bílastæði í bílageymslu fylgja

BÓKIÐ SKOÐUN

Ólafur H. Guðgeirsson
Löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
s. 663 2508

EIGNAMIÐLUN

SÍÐAN 1957 | 588 9090 | GRENSÁSVEGUR 11



Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949, gudbjorg@trausti.is

Verð: Tilboð



RJÚPNASALIR 12
201 KÓPAVOGI

Kristján
S: 867-3040

Hallgrímur
s: 896-6020

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 20. APRÍL KL. 17:00 – 17:30
Falleg og björt 94 fm. hæð í með fallegu útsýni til suðurs og lokuðum stórum svölum á góðum stað í vinsælu hverfi.
Nánari uppl. veita Kristján lgf. s. 867-3040, kristjan@trausti.is og Hallgrímur s. 896-6020, hallgrimur@trausti.is

Verð: 52,9 millj.



LAUT 16
240 GRINDAVÍK

Guðlaug
S: 661-2363

Garðar Hólm
S: 899-8811

HLUTDEILDARLÁN Í BOÐI
OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 20. APRÍL KL. 17:00 – 17:30
Mikið endurnýjuð 4ra herbergja 107,9 fm. íbúð með sérinngangi á 1. hæð. Töluverðar endurbætur hafa farið fram á eigninni og er hún laus við kaupsamning. **Nánari uppl. veita Guðlaug Jóna lgf. s. 661-2363, gulla@trausti.is og Garðar Hólm lgf. s. 899-8811, gardar@trausti.is**

Verð: 38,9 millj.

KEILUGRANDI 8
107 REYKJAVÍK

Einar Örn
S: 823-4969

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 20. APRÍL KL. 17:30 – 18:30
Mikið endurnýjuð, björt og snyrtileg 112,3 fm. fimm herbergja íbúð á 4. hæð við Keilugranda í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er 85,5 fm. á tveim hæðum og stæði í bílageymslu 26,8 fm. **Nánari uppl. veitir Einar Örn lgf. s. 823-4969, einar@trausti.is**

Verð: 49,9 millj.

FAXABRAUT 27
230 REYKJANESBÆ

Guðbjörg G.
S: 899-5949

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 21. APRÍL KL. 17:00 – 17:30
Rúmgóð og björt 3ja herbergja 78,7 fm. íbúð á 1. hæð með sérafnotareit í klæddu fjölbýli við Faxabraut í Keflavík. Ein íbúð á hæðinni.
Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949, gudbjorg@trausti.is

Verð: 24,5 millj.

SKYGGNISBRAUT 6
113 REYKJAVÍK

Garðar B.
S: 898-0255

Falleg 101,5 fm., 4ra herbergja íbúð á fyrstu hæð auk bílastæðis í bílakjallara í nýlegu lyftuhúsi á góðum stað í Úlfarsárdal.

Verð: 56 millj.

Út fyrir kassann

Sigmundur Ernir Rúnarsson

Óttinn við að vera öðruvísi

Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

Ég var á röltinu heim úr vinnu um daginn, svo til vanalega utan við mig á spranginu eftir vestanverðri Lækjargötu, þegar ég taldi mig, óforvarandis, sjá yngstu stelpuna mína á vappi framan við Kvennaskólann, en þangað sækir hún menntun sína daglega. Ég veifaði höndum yfir götuna og sparaði hvorki brosið né landskunnar handahreyfingar mínar, en allt kom þó fyrir ekki; það var eins og hún tæki ekki eftir karlinum þar sem hann spaðjarkaði í fjarska – og hvað þá að hún gerði sér far um að heilsa honum á móti.

Auðvitað varð ég svolítið sár, enda viðkvæmt ljóðskáld að eðlisfari – og heldur nærgeðja sveimhugi þegar ákveðnum fréttamanninum sleppir, en leiddi þetta svo hjá mér, smám saman, taldi mér trú um að sautján ára stelpum þætti ekkert vera hallærislegra en karlskröggur á mínum aldri sem þekkir ekki muninn á Billie Eilish og DMX – og kann aukin heldur ekki á fjarstýringuna heima hjá sér.

Karlhimpi eru náttúrlega það síðasta sem unglingsstúlkur eiga að taka eftir. Og það er aldrei brýnt fyrir þeim nógu oft.

En feðrum getur þó sárnað.

Jafnvel sextugum pöbbum.

Svo atvikaðist þetta aftur. Nokkrum dögum seinna. Þá taldi ég mig sjá hana í hópi skólasystra sinna á stjákli á milli skólabygginganna á bökkum Tjarnarinnar – og ósjálfrátt kastaði ég kveðju á glaðhlakkalegar stöllurnar, vingjarnlegur á svipinn og gott ef ekki manngæskan uppmáluð, en viðbrögðin létu þó á sér standa sem fyrr, því ekkert nema fálætið mætti mér.

Það var eins og ég væri ekki til.

Karltetrið sjálft.

> KANNSKI ER BARA ALLT EINS GOTT AÐ VERA EINS OG NÆSTI MAÐUR. KANNSKI ER ÞAÐ BÆÐI ÞÆGILEGRA OG ÖRUGGARA – OG SÍÐUR FALLIÐ TIL STRÍÐNI OG ATHUGASEMDA.

Svo herti ég mig upp við matarborðið eitthvert kvöldið heima á Laufásveginum. Ég segi ekki að ég hafi barið í borðið, enda hæverskur að upplagi og almennilega uppalinn af akureyrsku mannkostafólki, en hafði á því orð helst til gáttaður að stelpan mín væri hætt að heilsa pabba sínum úti á götu, hverju það sætti, hvað væri að?

Stúlkan horfði á mig í forundran. Sagði ekki orð, svo ég endurtók aðfinnslurnar, heldur hægar en í fyrra skiptið – og þá fyrst djarfaði fyrir svari á vörum telpunnar, þetta hefði ekki verið hún, svo sannarlega ekki, hún hefði aldrei rekist á mig úti á götu í grennd við skólann sinn, ég væri að taka feil á henni og einhverjum stallsystra hennar.

Og ég sat eftir með kjöltufylli af þegjanda.

Svo fattaði ég heila málið á næstu dögum. Ég segi ekki að ég hafi lagst í rannsóknir, það er sennilega ofsagt, en ég fór að skoða betur mannlífsflóru Kvennskælinga, háttalag þeirra og útlit, eða eins og það heitir á seinni tíma íslensku, ég fór að taka inn umhverfið, dvelja betur í stundinni, fara ekki á undan mér, heldur vera til staðar.

Allt saman er það gott og vel.

Og niðurstaðan varð mér undrun og léttir í senn.

Stelpur á sama reki og dóttir mín eru allar eins. Það er ekki nokkur einasti munur á þeim. Þær eru allar með sama slegna hárið aftur á mjóbak, klæddar sömu dúnúlpunni, í nákvæmlega sömu buxunum og allar ofan í gaumgæfilega sömu skónum, hvítum á lit.

Allar eins. Ganga eins. Fara um eins. Stundum einar, stundum í flokkum, en allar eins.

Gott og vel. Margt í lífi barna okkar er betra og vísast viturlegra en við foreldrarnir þekkjum úr eigin æsku. Miklu betra. Og margt í venjum þeirra er langsamlega meira móðins og merkilegra en afar þeirra og ömmur þurftu að sætta sig við á öldum áður.

En óttinn við að vera öðruvísi sækir á. Hann er að verða yfirþyrmandi. Það sést á götunum í kringum Kvennaskólann. Það sést á götunum í kringum hvaða framhaldsskóla sem er, hvort heldur er í Reykjavík eða hringinn í kringum landið.

Og krafan um einsleitni rís að sama skapi, sú síðari tíma heimting að falla inn í hópinn, vera ekki á skjön við mannskapinn í kring.

Kannski er þetta allt í lagi. Kannski er þetta skárra en sundurleitnin í klæðaburði fyrri tíma menntskælinga. Og kannski hefur þetta alltaf verið svona á einn eða annan hátt. Að breyttu breytanda.

Og þó.

Ég held ég hafi örugglega verið einn um það að ganga um í sömu slitnu prjónapeysunni innan undir gömlu góðu gæruskinnsúlpunni á öllum mínum menntaskólaárum frammi á brekkubrúninni á Akureyri, með stóra og litríka Palestínuklútinn reyrðan um hálsinn, íklæddur sandölum á báðum fótum, hvernig svo sem viðraði að vetri jafnt sem vori.

Já, ég þótti skrýtinn. Ef ekki í klæðnaði, þá í háttum. Og kærði mig kollóttan um það. Því gott ef það var ekki ígildi uppsteyts og egningar að vera forpokalega klæddur á þessum árum kaldra stríða þegar maður gat allt eins farist í kjarnorkustríði daginn eftir.

Og svei mér þá ef búningarnir og fötin á þessum árum voru ekki beinlínis notuð til að skera sig úr, segja hver maður var, eða öllu heldur taldi sig vera, vildi vera; þau voru jafngildi sjálfstæðisyfirlýsingar: Svona er ég – og ég er ekki eins og fólk er flest.

Þetta hefur breyst. Á því er ekki nokkur vafi. En það er ekki þar með sagt að nútímabörnunum líði eitthvað verr en okkur síðtímahippunum á áttunda áratug síðustu aldar. Og sennilega ekki. Vissulega finna þau sér skjól, allsendis ólíkt okkur, í þeirri dæmalaust miklu einsleitni að vera sniðin í sama mót, svo ekki sér mun á nokkurri manneskju, enda öll af sömu fataslánni, en kannski er það bara öruggara en gamli gleiðgosahátturinn sem var við lýði á mótunarárum foreldra þeirra þegar sérlæti og stertimennska var ofar öllu.

Kannski er bara allt eins gott að vera eins og næsti maður. Kannski er það bæði þægilegra og öruggara – og síður fallið til stríðni og athugasemda.

Kannski fer nefnilega best á því að þekkjast ekki úti á götu.

RÝMINGARSALA

GALLERI 17 SMÁRALIND

VINSÆL VÖRUMERKI Í FATNAÐI
OG SKÓM Á ALLT AÐ **70% AFSLÆTTI**

carhartt® MOSS REYKJAVIK NA-KD LACOSTE
NEO NOIR SAMSØE SAMSØE DIESEL Herschel
JUST FEMALE Calvin Klein Matinique minimum envii

*AUK ANNARRA ÞEKKTRA MERKJA

OPNUM NÝJA OG GLÆSILEGA

GALLERI 17 VERSLUN Í SMÁRALIND Á 2.HÆÐ Í LOK APRÍL

Nýjar vörur í Galleri 17 Kringlunni gallerisautjan galleri17 ntc.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

17. APRÍL 2021 LAUGARDAGUR

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Ragnarsson

Hlynsölum 5,

lést á Líknardeild Landspítalans 29. mars 2021. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd fjölskyldu,
Ingibjörg Erla Ásgeirsdóttir

†

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Eggert Bogason

Litlakrika 2a, Mosfellsbæ,

lést á Landakotsspítala laugardaginn 10. apríl.
Jarðað verður í kyrrþey að ósk hins látna.

Þórhildur Kristjánsdóttir
Kristín G. Friðbjörnsdóttir — **Grétar Magnússon**
Þorvarður Friðbjörnsson — **Guðrún Oddsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.

Hampa Eyrarrósarhafanum

Eyrarrósin er viðurkenning sem frá 2005 hefur árlega verið veitt verðugu menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins. Að baki henni standa Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Icelandair. Nú hefur fyrirkomulaginu verið breytt þannig að Eyrarrósin verður veitt annað hvert ár og að auki þrenn 750 þúsund króna hvatningarverðlaun til nýrri verkefna.

„Við viljum hampa Eyrarrósarhafanum meira en hingað til. Við aukum verðlaunaféð úr tveimur milljónum í tvær og hálfa og styðjum Eyrarrósarhafa í að standa að viðburði á aðaldagskrá Listahátíðar í Reykjavík árið eftir. Sá viðburður getur farið fram hvar sem er á landinu," segir Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar.

Breytingarnar segir Vigdís hafa spunnist út frá reynslunni. „Eyrarrósin hefur verið veitt sextán sinnum og endurtekningar farið að gæta í umsóknum. Hún er veitt verkefnum sem hafa sannað gildi sitt og fest sig varanlega í sessi. Þessi sextán verkefni eru öll við lýði, að einu undanskildu, sem segir sitt um gæði þeirra. Hvatningarverðlaunin nýju eru beint svar við þeim fjölda umsókna sem við fáum ár hvert fyrir spennandi verkefni sem eru samt ekki komin á þann stað að verðskulda sjálfa Eyrarrósina. 750 þúsund krónur geta haft verulega þýðingu fyrir verkefni í þróun, svo er aldrei að vita nema eitthvert þeirra verði efni í Eyrarrósarhafa síðar meir."

Vigdís Jakobsdóttir er listrænn stjórnandi Listahátíðar. MYND/AÐSEND

Vigdís minnir á að umsóknarfresturinn í ár renni út 26. apríl og frekari upplýsingar um Eyrarrósina og umsóknareyðublað megi finna á vefsíðu Listahátíðar, www.listahatid.is

gun@frettabladid.is

Ástkær móðir okkar, systir, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Birna Hannesdóttir

tónlistarkennari,

varð bráðkvödd að heimili sínu, Bólstaðarhlíð 50, Reykjavík miðvikudaginn 14. apríl. Útför auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigrún Sigurðardóttir
Jóhann Sigurðarson — **Guðrún Sesselja Arnardóttir**
Ólöf Sigurðardóttir — **Stígur Snæsson**
Þorsteinn Gauti Sigurðsson

Móðir okkar, amma og langamma,

Sesselja Laxdal Jóhannesdóttir

áður að Skálagerði 15, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund 6. apríl sl. Útförin fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 21. apríl kl. 13.00. Vegna fjöldatakmarkana fá einungis að mæta nánir ættingjar og vinir.

Jóhannes L. Harðarson — **Haukur S. Harðarson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Stefanía Sveinbjörnsdóttir

Miðvangi 4, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 31. mars. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 20. apríl klukkan 13. Innilegar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Grundar fyrir umhyggju og hlýju í hennar garð. Vegna samkomutakmarkana eru aðrir en nánasta fjölskylda beðnir að hafa samband við aðstandendur óski þeir eftir að vera viðstaddir jarðarförina.

Anna María Flygenring — **Tryggvi Steinarsson**
Súsanna S. Flygenring
Sigurður Flygenring
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Bernharðsson

Grænukinn 22, Hafnarfirði,

lést á Landakoti 24. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Landakots fyrir góða umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðbjörg Guðmundsdóttir — **Jón Gunnar Kristjánsson**
Bernharður Guðmundsson — **Eygló Ingadóttir**
Gísli Valgeir Gonzales — **Auður Björg Jónsdóttir**
og barnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Bryndís Alma Brynjólfsdóttir

lést á Hrafnistu Hraunvangi þriðjudaginn 13. apríl. Útför hennar fer fram í Árbæjarkirkju þriðjudaginn 20. apríl kl. 13.00. Athöfninni verður streymt á skjaskot.is/bryndis Fjölskyldan sendir sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaka umhyggju og hjartahlýju í hennar garð.

Ása Oddsdóttir
Axel Oddsson
Laufey Oddsdóttir — **Bogi Jónsson**
Díana Oddsdóttir — **Gunnar Hrólfsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Þyri Kap Árnadóttir

Leirutanga 16, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum laugardaginn 27. mars. Hún verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 20. apríl kl. 15. Streymt verður frá athöfninni á: https://youtu.be/tLl28zy15uc

Trausti Leósson
Silja Traustadóttir — **Florian Zink**
Tumi Traustason — **Jennifer Arsenau**
Sindri Traustason — **Sarah Gørtz**
barnabörn.

Elskulegi maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Trausti Ó. Lárusson

fv. framkvæmdastjóri,

lést á Líknardeild Landspítalans 12. apríl. Í ljósi Covid verður tilhögun jarðarfarar auglýst síðar.

Hanna M. Kjeld
Auður Traustadóttir **Guðmundur Á. Tryggvason**
Anna Kristín Traustadóttir
Sigrún Traustadóttir
Elín Ósk Guðmundsdóttir **Ómar Bendtsen**
Trausti Guðmundsson **Ása Bergsdóttir Sandholt**
Svava Dís Guðmundsdóttir **Friðjón Ástmundsson**
Bjarni Guðmundsson **Vaka Dagsdóttir**
og langafabörn.

Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Reynir Ásberg Níelsson

lést mánudaginn 12. apríl í Brákarhlíð Borgarnesi. Útförin verður auglýst síðar.

Kristján Ásberg Reynisson **Jakobine Á. Reynisson**
Þórdís Mjöll Reynisdóttir **Gísli J. Jósepsson**
Kristín G. Björk Reynisdóttir **Kristóbert Ó. Heiðarsson**
Sturla Gunnar Eðvarðsson
Þorleifur J. Ásberg Reynisson **Guðbjörg Hjaltadóttir**
Karl L. Ásberg Reynisson **Aina R. Ásberg**
afabörn og langafabörn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónu Guðnýjar Jónsdóttur

Álftamýri 26.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild B6, Landspítala Fossvogi.

Aðalheiður Benediktsdóttir **Hörður Árnason**
Jón Ágúst Benediktsson **Jónína Sigurðardóttir**
Guðrún Þóra Benediktsdóttir **Hjörtur Erlendsson**
Þórður Benediktsson **Kristín Unnur Þórarinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og barnabarn,

Brynjar Gunnarsson

andaðist fimmtudaginn 1. apríl. Útförin fer fram mánudaginn 19. apríl kl. 13. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánasta fjölskylda og vinir viðstödd athöfnina en streymt verður frá henni á eftirfarandi slóð: https://youtu.be/FaHv84a0PGg
Þeim sem vilja styrkja litlu fjölskylduna er bent á söfnunarreikning: 0370-22-017567 – kt. 240586-6229.

Stefanía Rafnsdóttir **Máni Brynjarsson**
Ína Salóme Hallgrímsdóttir **Gunnar Bogi Borgarsson**
Kristín Gunnarsdóttir **Bjarki Páll Eysteinsson**
Elísabet Katrín Jósefsdóttir **Rafn Þorsteinsson**
Bryndís Gunnarsdóttir **Sigurður Jónsson**

Síðbúnar þakkir og kveðjur sendum við ættingjum, vinum og sveitungum sem sýndu okkur hlýhug og stuðning við andlát og útför okkar ástkæra

Guðmundar Ísaks Pálssonar

í Sunnuhlíð.

Það var ómetanlegt að eiga ykkur að. Sérstakar þakkir færum við þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu við aðhlynningu hans síðustu árin, bæði einstaklingum og stofnunum, ekki síst starfsfólki í Laugarási, Lundi og á Fossheimum.

Guðrún Emilsdóttir
Eyrún Guðmundsdóttir **Guðmundur Þór Guðmundsson**
Margrét Guðmundsdóttir **Friðrik Magnússon**
Páll Guðmundsson **Alma Jenný Sigurðardóttir**
Karl, Vilhjálmur, Snæfríður, Guðrún, Kolbeinn, Guðmundur Ísak, Ingibjörg Bára, Matthildur Sif, Sigurður Emil og Hrafnhildur Eyja



Ástkær eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,

Hafþór Jónsson

Brekkulæk 4,

verður jarðsunginn frá Áskirkju þriðjudaginn 20. apríl klukkan 13. Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins hans nánustu við útförina. Útförinni verður streymt á slóðinni https://youtu.be/gKCanjki8Iw

Lilja Hjördís Halldórsdóttir
Tómas Bolli Hafþórsson **Edward Duncan Subben**
og aðrir ástvinir.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín Þórdís Elísdóttir

Mýrarvegi 113, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 9. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 23. apríl kl. 10.00. Allir velkomnir og athöfninni verður streymt á Facebooksíðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju – beinar útsendingar. Aðstandendur afþakka blóm og kransa en þeim sem vilja minnast hennar er bent á SAK eða Krabbameinsfélag Akureyrar.

Kristín Kolbeinsdóttir **Grettir Hjörleifsson**
Jóhanna Valborg Kolbeinsdóttir **Reynir Stefánsson**
Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir **Jón Jakobsson**
ömmu og langömmubörn.

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Ragnhildur Einarsdóttir

Ragna frá Holtakotum, Grænumörk 5,

lengst af til heimilis að Heiðarvegi 11 Selfossi verður jarðsungin frá Selfosskirkju mánudaginn 19. apríl kl. 13.30. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánasta fjölskylda og vinir viðstaddir. Athöfninni verður streymt á selfosskirkja.is.

Elfa Bryndís Þorleifsdóttir **Örn Sigurðarson**
Þórmar Ragnarsson **Jónína María Kristjánsdóttir**
Heiðveig Ragnarsdóttir **Henning Frederiksen**
Jóhanna Ragnarsdóttir **Bjarni Halldórsson**
Eyrún Ragnarsdóttir **Sigurður Már Guðmundsson**
Einar Jónas Ragnarsson **Petra Vijn**
og fjölskyldur.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Torfason

lést á hjúkrunarheimilinu Höfða Akranesi, mánudaginn 29. mars síðastliðinn. Útförin fer fram mánudaginn 19. apríl kl. 13.00 frá Akraneskirkju. Henni verður streymt á vef kirkjunnar www.akraneskirkja.is.

Halldóra Kristín Guðmundsdóttir **Sveinn Rafn Ingason**
Torfi Guðmundsson **Lilja Birkisdóttir**
Brynja Guðmundsdóttir **Lárus Skúli Guðmundsson**
Anton Guðmundsson **Guðbjörg Jakobsdóttir**
María Hrund Guðmundsdóttir **Þórir Valdimar Indriðason**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts okkar ástkæra

Gests Friðriks Guðmundssonar

myndlistarmanns og framhaldsskólakennara, Breiðabóli, Eyrarbakka.

Sylvía Kristjánsdóttir
Helga Gestsdóttir **Hjörvar Jónsson**
Guðmundur Helgi Gestsson **Ásta Bjarndís Bjarnadóttir**
Óskar Atli Gestsson **Adda Þóra Bjarnadóttir**
Anna Guðmundsdóttir **Logi Egilsson**
Bryndís Helgadóttir **Kristján Andrésson**
og barnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gróa Jóhanna Friðriksdóttir

Hraunbæ 103, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 4. apríl á Landspítala, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 21. apríl kl. 13. Allir sem vilja heiðra minningu móður okkar eru velkomnir. Börnum hennar þætti vænt um að fá símaskilaboð frá þeim sem sjá sér fært að vera viðstaddir athöfnina svo fjöldatakmarkanir verði virtar. Streymt verður frá athöfninni á: youtu.be/OUYziyWkYSs

Auðbjörg Bergsveinsdóttir **Jón Baldur Þorbjörnsson**
Friðrik Már Bergsveinsson **Júlíana Sóley Gunnarsdóttir**
Berglind Bergsveinsdóttir **Guðjón Grétar Engilbertsson**
Árni Örn Bergsveinsson **Sólrún Axelsdóttir**
ömmu- og langömmubörn.

Útför elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

Ingu Kristjönu Halldórsdóttur

fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 19. apríl klukkan 15. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir. Útförinni verður streymt á www.exton.is/streymi Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimilið Grund.

Þórunn Liv Kvaran
Halldór Kvaran **Kristín Gísladóttir**
Hildur Hrefna Kvaran **Sigurjón Gunnsteinsson**
Hörður Kvaran **Edda Herdís Guðmundsdóttir**
Gunnar Kvaran
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg eiginkona mín, dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristjana Vilborg Árnadóttir

lést á Landspítalanum mánudaginn 5. apríl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Hannes Björn Friðsteinsson
Ásdís Ásgeirsdóttir
Árni Jóhannes Bragason **Helena Dröfn Jónsdóttir**
Friðsteinn G. Hannesson **Hildur Björg Birnisdóttir**
Sólrún Lilja Hannesdóttir **Jens Kristjánsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristínar Bjarnadóttur

Sléttuvegi 19,

sem lést á Dvalarheimilinu Grund 28. febrúar sl. Fjölskyldan þakkar starfsfólki Grundar fyrir einstaka alúð og umhyggju í hennar garð.

Guðrún Guðmundsdóttir **Grétar J. Unnsteinsson**
Hafsteinn Guðmundsson **Helga Gylfadóttir**
Erna Guðmundsdóttir **Kristján Viggósson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Kristinn Reinholt Alexandersson

lést á heimili sínu föstudaginn 26. mars. Útförin verður í Dómkirkjunni 21. apríl kl. 15.00. Einnig verður henni streymt á slóðinni: beint.is/streymi/kristinnalexandersson

Sigríður Jónsdóttir
Heiðar Kristinsson **Pálína Ósk Hjaltadóttir**
Marta Kristinsdóttir
Guðrún Jóna Sæmundsdóttir **Grétar Jónsson**
Kristinn Þór Steingrímsson **Hulda Hjartardóttir**
Jón Ómar, Alexander, Guðjón Ingi, Ágúst Hrafn, Óliver Máni og Sigurbjörn Snær

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

TÆKNIMINJASAFN

F	A	R	A	L	D	U	R	I	N	N		Ú		F		S		Ó	
Ú		E		O		N		N		E	I	T	U	R	S	N	Á	K	A
L	A	G	A	S	A	G	A	N		Y		B		É		O		V	
L		N		T		B		V	E	Ð	U	R	S	T	Ö	Ð	V	A	R
Y	N	D	I	S	V	A	K	A		A		O		T		L		L	
N		R		Æ		R		X		R	Ó	T	N	A	G	A	Ð	I	R
D	R	O	L	L	U	N	N	I		S		U		M		M		N	
I		P		A		I		N	A	K	I	N	K	E	M	B	U	N	A
S	T	A	U	R	A	Ð	A	N		O		U		N			N		
L			M		R		L	I	S	T	A	M	Ö	N	N	U	N	U	M
E	I	N	B	E	I	T	T		Ó		F		F		O		U		A
G			R		N		A	F	T	E	K	N	U		T		S		T
U			O		D		R		R		L		G	R	A	U	T	U	M
R	Y	Ð	T	J	Ó	N	I		A		Æ		U		Ð		U		Ö
	R		A		M		S	A	F	N	D	A	G	A	R		K		N
A	Ð	A	L	F	U	N	D		T		D		G	L	A	P	I	N	N
	I		I		R		Ú	T	S	A	U	M	A	R			N		U
S	N	A	T	R	I		K		I			Æ		Æ	R	U	D	Ó	M
	G		L		N		A	L	N	Ð	F	N	U	M			U		
H	A	F	A	R	N	A	R		S			I		T	V	Í	R	Á	Ð

LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist fugl (14). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „17. apríl“.

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Í landi annarra eftir Leila Slimani** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hallfríður Frímannsdóttir, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Það er heilmikil vinna að flytja svona hirslu (13)
11 Óttast að stórveldi gangi af þeim dauðum vegna skorts á grænmeti (8)
12 Þessi geymsluaðferð virkar bara ef ólga berst að ofan (9)
13 Bjóðum voðir gegn góðum hvílum næstu dægrin (12)
14 Á þessi vísbending við a) blandara, b) fjarlægar slóðir? (9)
15 Setja mót úr skorðum strax á fyrstu stigum (11)
16 Hér segir af einni sem fylgt var og annarri sem dregin var af henni (9)
17 Hvíla fyrir þau sem hvíla sig og geta ekki annað (12)
24 Ljótt af Gunnari að koma Gunnu í uppnám (8)
29 Munuð þið kveikja á þessum bjöllum fyrir jarðarförina? (9)
30 Kann að meta látlausan blæ reyksins (8)
31 Set pening í hagsmunasamtök um hreint haf (5)
32 Einu gildir hvort ég ók mér afturábak eða áfram (5)
33 Kíkir núna lítið kast úr kerlu poka/talað mál og tóna blíða/tekur með sér langt og víða (10)
34 Flyt þessa skepnu úr landi ef rétt verð fæst (5)
37 Lygalaupar eru víst hreiður sem falskir fuglar nota (8)
40 Panta pláss undir Arnald og Ísfólkið (9)
41 Pússum gler með réttum grejum (11)
43 Greiðir skattinn, gegnir Víði/grillmeistarans stolt og prýði (9)
44 Verður fljót milli fossa og rauna (6)
45 Miða ber skotið við skífuna (8)
46 Fínt korn fyrir fríðar dömur (6)
47 Suddaleg leysi ég sóda án frekari orðaskipta (8)

LÓÐRÉTT

1 Snúa óbreytta borgara niður á hinum hvassa kletti (9)
2 Hreinsa rústrauð og hálfónýt haustlauf af stígnum (9)
3 Það er aur í besta kostinum í þessum tilteknu kosningum (9)
4 Roskin og róttæk elska þau sína tómata (9)
5 Hræddur um að þú ásakir mig ef þessir KR-lindar fara í vitleysu (8)
6 Maulum okkar lífræna snakk og kvörtum undan rotvörðum verksmiðjuvarningi (8)
7 Engja-Gráni lifir helst á hárprúðu grasi í ræktuðu landi (8)
8 Hann var fljótur að flytja sinn afla en hún var líka rösk (8)
9 Hér mun ég klippa hið heila en þó tætta tó (8)
10 Lýsisbrunnur bjargar blankri og orkulausri þjóð (8)
18 Það er jafn freistandi og það er langsótt að kalla klipptar greinar rigningarskúrir (9)
19 Þegar hún er ekki bundin þessum fugli verður allt frjálslegra (7)
20 Þoli illa hótfyndnu hanana sem vilja bara kjúkling (7)
21 Sá þar klár þúsund hefðarkvenna og meyja (7)
22 Svona kroppandi sníkjudýr kroppa helst í hár og skinn (6)
23 Ef greinist hlaup um gil og mel/og greiðan angar nokkuð vel/þá flétta skaltu lim við leg/og lyktin verður dásamleg (6)
25 Grillar bugaða menn og meidda (12)
26 Menn taki klaufdýr, tré, klettabrún og svolitla hreyfingu og sjá, blómið rís á ný! (12)
27 Glóðarskotið er hinn framúrskarandi leiðari sem verndar gegn of mikilli spennu (12)
28 Utan á en þó nær kjarna þeirrar sem hrundi (12)
35 Skáru gullregn fyrir grafíkverk (8)
36 Eftir aðra yfirferð var ákveðið að bjóða upp á helsingja í forrétt (8)
38 Brenglið filtruð fjarskipti (7)
39 Læt maurana um að rugla risana í ríminu (7)
42 Er skip halda til hafs er komið að kveðjustund (5)

LÉTT

7								3
		6			9	2		
1		8						9
	2	9		1		7	3	
3			7		6		9	
5	6			3		1		4
		1		5				7
	8		3	4				
6			2			8		

MIÐLUNGS

				9	4			5
		1			8	4	9	
		6		2		7	3	
		4	2		6			
5	6	2		8			4	
1								9
4						9		
						5	7	2
		5	9	3		1	8	

ÞUNG

					3			
2				5	6		1	
3			7				8	4
7		2			4			5
9			3	7				
			9			4	6	
		3			8	5		
4			1			6		
		9			2			8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

8	3	2	6	4	7	5	1	9
9	4	5	1	2	3	8	6	7
1	6	7	8	5	9	2	3	4
2	5	8	9	6	4	1	7	3
3	7	9	2	8	1	6	4	5
6	1	4	3	7	5	9	8	2
4	2	6	5	3	8	7	9	1
5	9	3	7	1	6	4	2	8
7	8	1	4	9	2	3	5	6

8	9	5	1	3	6	2	4	7
4	1	6	8	2	7	3	5	9
2	3	7	4	9	5	8	6	1
5	4	8	2	7	1	6	9	3
3	6	9	5	8	4	1	7	2
7	2	1	9	6	3	4	8	5
6	8	3	7	5	2	9	1	4
9	7	4	3	1	8	5	2	6
1	5	2	6	4	9	7	3	8

9	2	1	5	7	3	6	8	4
6	4	7	2	8	9	5	1	3
8	3	5	1	4	6	7	2	9
2	5	6	3	9	7	8	4	1
4	1	3	8	5	2	9	7	6
7	8	9	4	6	1	2	3	5
1	6	8	9	2	4	3	5	7
5	7	4	6	3	8	1	9	2
3	9	2	7	1	5	4	6	8

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Tarrasch átti leik gegn Beratende í Napólí árið 1914.

1. Bc7!! Hxc7 2. Db7+! Hxb7 3. Hxc5# 1-0. Landsliðsflokkur Íslandsmótsins í skák hefst á sumardaginn fyrsta í Kópavogi. Flestir sterkustu skákmenn landsins meðal þátttakenda.

www.skak.is: Íslandsmótið í skák.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Naumur sigur

Um páskana fór fram sveita- og tvímenningskeppni á netforritinu RealBridge. Sveitakeppnin var háð með þátttöku 10 sveita dagana 3.-5. apríl og tvímenningurinn fór fram 2. apríl. Sveitakeppnin var mjög spennandi og úrslit réðust ekki fyrr en í síðasta spili. Sveit VIP-Travel hafði sigur í þeirri keppni (Valgarð Blöndal, Karl Grétar Karlsson, Gunnlaugur Sævarsson, Kristján Már Gunnarsson, Kristján Blöndal og Ómar Olgeirsson). Sveitin fékk 127.03 stig, en sveit Strengs, sem endaði í öðru sæti, fékk 124,12 stig. Áhorfendur gátu fylgst með spilamennsku í mótinu á netinu. Þegar einu spili var ólokið, var sveit Strengs með nauma forystu. Í síðasta spilinu í leik VIP-Travel við ML-sveitina var vestur gjafari og enginn á hættu.

Norður
♠ 64
♥ Á42
♦ G1098
♣ D965

Vestur
♠ 1053
♥ G83
♦ ÁD632
♣ 72

Austur
♠ ÁDG972
♥ K76
♦ 4
♣ G103

Suður
♠ K8
♥ D1095
♦ K75
♣ ÁK84

Á öðru borðanna í leiknum sátu Karl Grétar og Valgarð Blöndal í NS. Austur ákvað að opna á fjórum spöðum (eftir pass vesturs og norðurs), sem suður doblaði, sem varð lokasögnin. Suður tók tvo fyrstu slagina á lauf og spilaði hjartatíu. Norður drap á ás og spilaði meira hjarta. Sagnhafi hleypti og suður fékk slaginn á drottningu. Til viðbótar fékkst slagur á trompkónginn. Talan 300 í dálk NS. Forvitnilegt hvað hefði gerst í sögnum ef austur hefði opnað á þremur spöðum og suður doblað og hvernig spilið hefði endað. Á hinu borðinu voru Kristján og Ómar í AV og Kristján hafnaði í þremur spöðum eftir sagnbaráttu um lokasamninginn og eins spaða opnun. Vörnin tók bara einn slag á lauf og spilaði hjartatíu, sem var hleypt yfir á kóng. Kristján Blöndal svínaði tíguldrottningu og þegar það heppnaðist, hvarf eitt hjarta í tígulásinn. Kristján gaf þrjá slagi til viðbótar, á trompkóng, hjarta og lauf og stóð sitt spil (140). Það var 10 impa gróði til sveitar VIP-Travel, sem nægði til sigurs í keppninni.

BAUHAUS®

bauhaus.is

Kjarakaup

FRØSLEV

Pallaefni grænt, rásað
Bæði hægt að nota rásuðu hliðina og sléttu hliðina upp. Gagnvarin fura. A/B vottað.
Kemur í 2 stærðum.

20% afsláttur

GV 6201014A
FM 27 X 120 mm X 3,00 m
675 kr. stk
~~855.-~~

GV 6201015A
FM 27 X 120 mm X 3,60 m
810 kr. stk
~~1.026.-~~

126 stk. af 3,6 m lengdinni gera u.þ.b 56 fm2 pall.

Verð pr/m.
225 kr./m.
~~285.-~~

Verðdæmi

102.060 kr./56 fm2

Kjarakaup

I·B·T 2-LAGS BETON

Steyptar hellur

30 x 30 x 5 cm. Verð á m2. Gráar

IBF hellur með 2ja laga steypu er þitt öryggi fyrir öflugu og endingargóðu undirlagi. IBF steinninn er mótaður í 2 lögum; svoleiðis að það er gróf steypa í botninum og fín steypa á yfirborðinu.

- **Sérstaklega fráhrindandi fyrir óhreinindur**
- **Þétt og fínt yfirborð**

3.688.-
~~4610.-~~

Komdu til okkar í vöruhúsið og sjáðu mismuninn.

3.916.-
~~4.895.-~~

Bonde-steinn, grár
Með fösuðum köntum. Þríhyrningsmerktur. Stærð 14 x 21 x 5 cm. Þarf 34 stk. á m². Vinsamlega athugið að það þarf að borga tryggingu fyrir brettinu. Verð á m².

KIRKEDAL

Pallaefni komposit massiv
Kirkedal Solid pallaefni í komposit efni. Fæst í svörtu, gráu, eik og harðviði. 18/20 x 130/200 x 4000/6000 mm. Pr. m. VERÐ FRÁ.

1.495.-

VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.
Tilboðin gilda aðeins frá fimmtudeginum 7. apríl til og með 28. apríl meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Sumarvöndur
Blómavals

29%

Margar litasamsetningar í boði

Sumarvöndur
10001050
4.990kr
~~6.990kr~~

Pottaplöntur
25% afsláttur
Ný sending í hverri viku

26%

Hawaii rós
13 cm pottur.
2.790kr
~~3.790kr~~

26%

Orkidea
12 cm pottur.
1.990kr
~~2.690kr~~

50%

Pottarós
10,5 cm pottur.
999kr
~~1.990kr~~

25%

Stofuaskur
12 cm pottur.
1.499kr
~~1.990kr~~

Nú er rétti tíminn

Ráðgjöf í hekk- og trjáklippingum

Laugardag og sunnudag, kl. 13-17 í Skútuvogi

Vilmundur Hansen,garðyrkju-fræðingur gefur góð ráð varðandi klippingar og önnur vorverk í garðinum.

20%

OUTBACK

Gasgrill Omega 200
Grillflötur: 50x36 cm, tvískiptur brennari, grillgrind, hliðarborð, þrýstijafnari 6,2 Kw. 3000225
23.990kr
~~29.990kr~~

20%

NÝTT

OUTBACK

Gasgrill Tango 4B
Ryðfrítt með stórum grillflöt: 70x42 cm, fjórir ryðfríir brennarar. 3000229
51.990kr
~~64.990kr~~

20%

NÝTT

NEXGRILL

Gasgrill Evolution
Grillflötur: 63x43,8 cm, með 4 ryðfríum brennurum. Auka grillplötum. 3000150
63.990kr
~~79.990kr~~

30%

BLACK+DECKER

Borvél + 100 fylgihlutir
12V, rafhlaða 1.5Ah Li-ion, 2 stk., hersla 25Nm,10 mm patróna. 5245566
14.995kr
~~21.495kr~~

Flott í úti-pottana

Sýpris
1.990kr

20%

Nilfisk
Háþrýsti-dæla
125 bör, 5 m slanga, þyngd 6.4 kg. 5254250
17.995kr
~~22.495kr~~

Nú er rétti tíminn til að klippa

IKRA mögatec

Rafmagnshekkklippur
550W, 45 cm blað, klippigeta 16 mm. 5083754
7.995kr

20%

BLACK+DECKER

Rafmagnshekkklippur
500W, 50 cm blað, klippigeta 22 mm, sagar allt að 35 mm greinar. 5083646
13.595kr
~~16.995kr~~

IKRA mögatec

Rafmagnskeðjusög
2200W, 40 cm blað. 5083731
15.995kr

21%

GROHE

Handlaugartæki
Grohe Feel, stærð-L. Króm. 7910803
20.990kr
~~26.685kr~~

Parket og flísar
25% afsláttur

Electrolux

Þvottavél
1400 sn., 8 kg
8 kg 1400 sn., orkunýting D, kolalaus mótor. 1860470
79.990kr
~~89.990kr~~

Barnahjólin eru komin Einnig á husa.is

Fyrir 2-4 ára
Reiðhjól 12" Orient Rookie
Hjálpardekk, 6,5 kg. 3901266-68
27.900kr

Fyrir 6-9 ára
Reiðhjól 20" Orient Snake
6 gíra, 12,6 kg. 3901269-71
35.900kr

ORIENT

Rafmagns-hlaupahjól

enox. enjoy life
ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Rafmagnshlaupahjól ES200
3 hraðastillingar, hámarksþyngd notanda 100 kg, LCD skjár fyrir hraða. 3903102
39.900kr

Nýttu þér pallareiknivélina

Pallareiknivélin á **husa.is** sýnir þér áætlað magn og kostnað við pallinn. Þú getur svo áframsent útreikning á sölumann sem gefur endanlegt tilboð.

Pallaefni úr sjálfbærum skógum

FSC FORESTS FOR ALL FOREVER

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Litaráðgjöf í dag

Maja Ben veitir LADY litaráðgjöf í dag **kl. 12-15** í Skútuvogi

LADY málning og litaprufur

25% afsláttur

Gildir alla helgina

Litagleði

í Húsasmiðjunni um helgina

Einstök litaupplifun

LADY eru leiðandi í litahönnun. Sjáðu ótrúlegt úrval lita.

Litakort 2021

Heitustu og fallegustu lita-samsetningarnar frá LADY

Litakort Sir Arnars Gauta

Litakort Sir Arnars Gauta er í Húsasmiðjunni

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

KRAKKAR



Konráð 450 og félagar á ferð og flugi

„Hér er skrítin þraut,“ sagði Lísaloppa og horfði á alla þessa hringi. „Spurt er hvor rauði hringurinn skyldi nú vera stærri, A eða B,“ bætti hún við hugsi. „Er það ekki augljóst?“ sagði Kata. Lísaloppa horfði nokkra stund á rauðu hringina. „Nei, ég er ekki alveg viss,“ sagði Lísaloppa og það mátti næstum heyra hana brjóta heilann. „Þetta er kannski einhver sjónhverfing,“ bætti hún við. „Hu, sjónhverfing,“ hnussaði í Kötu. „Alltaf verið að rugla í manni endalaust.“ En núna var hún líka orðin forvitin og horfði hugsi á rauðu hringina. Svo leit hún á Lísuloppu. „Það er verið að plata okkur, er það ekki?“ Lísaloppa svaraði ekki, hún var djúpt hugsi.

Sérð þú hvor rauði hringurinn er stærri, A eða B?

Listaverkið

Eldgosið í Geldingadölum heldur áfram að heilla þjóðina, þar á meðal unga myndlistarmenn. **Arnas Rimsa** málaði þessa mynd.

Máni æfir á básúnu og þykir mest gaman að spila lagið When the Saints.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Langar að verða björgunarsveitarmaður

Hann eru níu ára, heitir Máni Hafnfjörð og er Óskarsson. Máni Hafnfjörð hljómar eins og nafn á skáldi svo fyrsta spurningin er:

Ertu skáld? Nei, reyndar ekki.

Hefur þú prófað að búa til vísur? Já, í skólanum.

Hvert er uppáhaldsfagið þitt í skólanum? Íþróttir og heimilisfræði. Mér finnst skemmtilegast að baka kökur í heimilisfræði.

Finnst þér gaman að teikna? Já, ég teikna yfirleitt alls konar hús og bíla.

Hver er besta bók sem þú hefur lesið? Ég veit það ekki en ég les oft Andrésblöð og bækur.

Ævir þú eitthvað utan skólans? Já, á básúnu, uppáhalds lagið mitt á básúnu er When the Saints af því að það er skemmtilegt að spila það og það er flott lag.

En er einhver í íþróttaheiminum sem þú lítur upp til? Nei, ég fylgist ekki mikið með íþróttum.

Hvernig leikur þú þér helst? Með legó og bíla. Ég á marga mjög flotta bíla. Ég á appelsínugulan Corvette og gylltan Lamborghini.

Uppáhaldsleikirnir mínir eru Roblox og Farming simulator þar sem maður getur keyrt alls konar trukka og traktora.

Ertu stundum í tölvuleikjum? Já, uppáhaldsleikirnir mínir eru Roblox og Farming simulator þar sem maður getur keyrt alls konar trukka og traktora.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Pylsur og pabba-pítsa.

Hvaða fugla þekkir þú? Dúfur, krumma, álftir, lunda, gæsir. Mér finnst lundinn flottastur af því hann er með svo litríkan gogg.

Hvernig brenndi drekinn sig á hendinni? Hann hélt fyrir munninn þegar hann geispaði.

Hvað langar þig mest að verða þegar þú verður stór? Björgunarsveitarmaður af því þeir fá að gera svo mikið skemmtilegt eins og að keyra vélsleða og fjórhjól.

Ertu búinn að sjá eldgosið? Já, ég fór með bróður mínum, frænda mínum, frænku minni og pabba. Mér fannst smá erfitt að ganga þangað en við vorum með fullt af nesti svo það var gott. Það var mjög gaman að sjá gosið, það var svo flott. Flottast fannst mér að sjá það spýtast upp í loftið. Ég tók smá hraunmola með heim.

Lausn á gátunni

Rauðu hringirnir á og B eru jafn stórir; þetta er sjónhverfing

AMSTERDAM dream • create
van Gogh The Quality Brand
REMBRANDT The Professional Choice
Liquitex
Conté à Paris DEPUIS 1795
LEFRANC BOURGEOIS PARIS
2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 8 ↑	5 °C | 9 ↑	8 °C | 6 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
7 °C | 5 ↑	7 °C | 4 ↖	1 °C | 13 ↑

Sunnan 8-13 en lægir á landinu síðdegis og í kvöld er útlit fyrir rigningu í flestum landshlutum. Kólnar smám saman í veðri, hiti 3 til 8 stig.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	6 °C | 7 ↗	4 °C | 3 ↗	3 °C | 3 ↘	6 °C | 2 ↘	9 °C | 3 ↑
Ísafjörður	5 °C | 10 ↗	1 °C | 2 ↘	3 °C | 2 ↗	5 °C | 3 ↑	9 °C | 2 ↑
Akureyri	5 °C | 16 ↗	6 °C | 5 ↗	5 °C | 0 ○	7 °C | 0 ○	8 °C | 1 ↖
Egilsstaðir	6 °C | 9 →	7 °C | 5 ↗	4 °C | 4 ↘	6 °C | 2 ↗	7 °C | 2 ↑
Kirkjubæjarklaustur	6 °C | 7 ↗	6 °C | 2 ↑	5 °C | 5 ↘	8 °C | 3 ↘	7 °C | 4 ↖
Hveravellir	-1 °C | 7 ↑	-2 °C | 7 ↑	-4 °C | 5 ↘	0 °C | 2 ↗	2 °C | 4 ↑

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

PIER

Loftljós frá 12.990.-

Nipas skápur m/1 skúffu
149.900.-

Muka vasi
20.990.-

Borðlampi
20.990.-

Mocu skápur
139.900.-

Stóll, til í þremur litum
22.990.-

Borðstofuborð
Ø140x76cm 149.900.-

NÝJAR VÖRUR

20% afsláttur af sófum

Púðar frá 1.990.-

Geneve hægindastóll
124.990 .-

Soho einingasófi, hver eining 185.000.-

Lampi án skerms 19.990.-
Skermar frá 8.990.-

Espita skápur 199.900.-

Sófaborð svart/antíkbrons 114.990.-

Skemill, kúaskinn
49.990.-

Leðurpullur frá 38.990.-

Stálbekkur 119.900.-

PIER KORPUTORGI | SÍMI 5227870 | OPIÐ: VIRKA DAGA 11-18:30 LAU OG SUN 12-20 | PIER.IS

EXTRA

Kemur með Costco til þín...

SUMAR
LEIKFÖNG

SWINGBALL
ALL SURFACE PRO
8999
KR/PK

MITRE
FÓTBOLTI
STÆRÐ 5
2699
KR/PK

WILLSON
BADMINTON
SETT
9999
KR/PK

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík • Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ

BÍLAR

Ytra byrði EQS er hannað sem ein lína (One Bow Design) sem veldur því að bíllinn er mjög straumlínulagaður með loftmótstöðugildið 0,20 Cd sem er það lægsta í fjöldaframleiddum fólksbíl í dag.

Hátæknivæddi lúxusrafbíllinn Mercedes-Benz EQS frumsýndur

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Mercedes-EQ frumsýndi lúxusbílinn EQS í stafrænni heimsfrumsýningu síðastliðinn fimmtudag. Nýr EQS er hreinn rafbíll og einn tæknivæddasti bíll heims.

Mercedes-Benz EQS er rafdrifið flaggskip í fólksbílaflota Mercedes-Benz og er tímamótabíll. EQS er fyrsta módelið sem byggir á nýjum arkitektúr fyrir rafknúna lúxusbíla sem kallast EVA. EQS veitir ökumanni og farþegum upplifun með samvinnu tækni, hönnunar, virkni og tenginga. Með framsýni á þessum sviðum mun EQS koma til með að auðvelda daglegt líf ökumanns og farþega með stuðningi gervigreindar.

EQS verður boðinn með framhjóla- og aldrifi. Tvær tegundir rafhlaða verða í boði, 108 kWst og 90 kWst, og talsverður fjöldi uppstillinga á drifrásum. Stærri rafhlaðan skilar yfir 700 km drægi skv. WLTP og í ákveðinni útfærslu má ná allt að 770 km. Minni rafhlaðan mun skila 640 km samkvæmt WLTP staðlinum. Öflugri gerðin verður 523 hestafla með hámarkstog alls 855 Nm. Minni rafhlaðan skilar 333 hestöflum og 568 Nm í hámarkstogi. Framdrifsútfærsla á EQS með stærri rafhlöðunni er 6,3 sekúndur 0-100 km hraða og í aldrifsútfærslunni aðeins 4,3 sekúndur 0-100 km hraða. Mercedes-Benz EQS er með 22 kWst þriggja fasa hleðslugetu sem hleður bílinn frá 10-80% á innan við 4 klst. Hraðhleðslugeta bílsins verður 200 kW, sem þýðir að hægt verður að ná 300 km drægni á aðeins 15 mínútum með stærri rafhlöðunni.

EQS er með nýjustu útgáfuna af MBUX margmiðlunarkerfinu ásamt Burmeister hljóðkerfi með 15 hátölurum víðsvegar um innanrými bílsins.

EVA undirvagninn hyggst Mercedes-Benz nota í mörgum öðrum tegundum rafbíla sinna á næstunni m.a. EQE sem er væntanlegur fljótlega. EQS er fyrsti EQ bíll þýska lúxusbílaframleiðandans sem byggir á þessum nýjum EVA undirvagni sem er stækkanlegur og liggur flatur undir bílnum líkt og hjólabretti. EQS mun einnig koma í AMG útfærslu á næstunni en sá bíll verður rúmlega 600 hestöfl og fer úr kyrrstöðu í hundraðið á aðeins 3,5 sekúndum.

Hyundai kynnir Santa Cruz pallbílinn fyrir Ameríkumarkað

Hyundai hefur kynnt til sögunnar pallbíl sem keppa á við bíla eins og Ford Ranger. Er um sportlegan bíl að ræða sem hugsaður er fyrir Bandaríkjamarkað til að byrja með.

Að sögn Hyundai mun bíllinn brjóta blað á þessum markaði með því að blanda saman hönnun jepplinga, pallbíla og blendingsbíla. Bíllinn fer í sölu í sumar og verður framleiddur í verksmiðju Hyundai í Alabama.

Er bíllinn hugsaður fyrir borgarfólk sem hefði betri not fyrir bíl með opið flutningsrými. Pallurinn sjálfur er 1.270 mm á lengd og verður með læsanlegri yfirbreiðslu, ásamt geymslurýmum í gólfi.

Bíllinn er svipaður í meðförum og meðal jepplingur en vélin er 2,5 lítra, 190 hestafla bensínvél. Einnig verður hægt að fá hann með 275 hestafla vél með forþjöppu. Átta þrepa sjálfskipting verður staðalbúnaður ásamt fjórhjóladrifi. Dráttargeta verður 1.600 kg með minni vélinni en 2.300 kg með þeirri stærri. Eins og sjá má eru líkindi með Santa Cruz og nýjum Tucson, sérstaklega að framan. Sjá má undirakstursvörn að framan sem tilvísun í meiri torfærueiginleika, ásamt stærri hjólskálum fyrir 20 tommu álfelgurnar.

Í Hyundai Santa Cruz er um nokkurs konar pallbílsjeppling að ræða.

Veglegur aukapakki!

Nú er rétti tíminn til að kaupa nýjan Hyundai KONA því honum fylgir veglegur aukapakki að verðmæti 302.000 kr. – **hleðslustöð með snúru, vetrardekk og skottmotta.**

Þessi fagurmótaði jepplingur er 100% rafdrifinn og hefur **eina mestu drægni bíla í sama stærðarflokki eða 449 km** samkvæmt nýjum WLTP mælingum.

Verið velkomin, við bjóðum upp á rafmagnaðan reynsluakstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

Hyundai KONA Comfort 39kWh. Verð: 5.290.000 kr.
Hyundai KONA Premium 64kWh. Verð: 6.190.000 kr.

7 ÁRA ÁBYRGÐ FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM0055476

Samtal Elínar og Gunnhildar

Samtal er samsýning Elínar Þ. Rafnsdóttur og Gunnhildar Ólafsdóttur sem verður opnuð í sal Íslenskrar grafíkur á Tryggvagötu í dag, laugardaginn 17. apríl, kl. 14-17. Sýningin stendur til 2. maí.

Elín og Gunnhildur eiga það sameiginlegt að náttúran hefur verið innblástur í verkum þeirra þó að útfærslan sé ólík. Báðar vinna þær í krossviðarplötur, Elín með tölvustýrða fræsivél og resin en Gunnhildur vinnur með trérístuverkfærum og solarplate.

» ELÍN OG GUNNHILDUR EIGA ÞAÐ SAMEIGINLEGT AÐ NÁTTÚRAN HEFUR VERIÐ INNBLÁSTUR Í VERKUM ÞEIRRA.

Hnúkaþeyr verður í Breiðholtskirkju.

Ólíkir heimar í Breiðholtskirkju

Hnúkaþeyr stendur fyrir tónleikum í 15:15 tónleikasyrpunni í Breiðholtskirkju í dag, laugardaginn 17. apríl, klukkan 15.15. Þar verður teflt fram norrænni tónlist fyrir blásarakvintett ásamt tónlist frá Bretlandi og Ungverjalandi. Tónlistin er litrík enda samin fyrir fimm nokkuð ólík hljóðfæri, flautu, óbó, klarínett, horn og fagott.

Hnúkaþeyr er að þessu sinni skipaður fimm hljóðfæraleikurum, þeim Berglindi Stefánsdóttur á flautu, Eydísi Franzdóttur á óbó, Ármanni Helgasyni á klarínettu, Önnu Sigurbjörnsdóttur á horn og Kristínu Mjöll Jakobsdóttur á fagott.

Miðasala á tónleikana er á tix.is en tónleikunum verður einnig streymt á vef 15:15 tónleikasyrpunnar á 1515.is/streymi.



Ljósmyndasafn Reykjavíkur
1981–2021

Sigurhans Vignir
Hið þögla en göfuga mál

06.03.–19.09.2021

www.borgarsogusafn.is

ICEWEAR ICELAND

SALEWA Ultra Train 18 BP
Kr. 12.990.-

ELÍ Flíspeysa
Kr. 11.990.-

KLETTUR Húfa
Kr. 2.490.-

SALEWA
WS MTN Trainer Shoes
Kr. 28.990.-

Þín útivist - þín ánægja
ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

SALKA
Göngubuxur
Kr. 9.990.-

FUNI Dúnúlpa
Kr. 33.990.-

LYNG Ullarsokkar
Kr. 1.590.-

ASOLO
Angle GV
Kr. 25.990.-

GRÍMSEY Hanskar
Kr. 2.990.-

HVÍTANES
Merínó lambhúshetta
Kr. 4.990.-

REYNISFJARA
Göngustafir
Kr. 9.990.-

Vinir fá sérkjör
Skráning á icewear.is

Þórarinn og Sigrún hafa gert þrettán bækur saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leggja ríka áherslu á að hlutirnir séu ekki í ólestri

Þórarinn og Sigrún Eldjárn senda frá sér Rím og roms, nýja ljóðabók handa börnum. Sigrún myndskreytir og lagði áherslu á að hafa bókina glaðlega. Algengt að börn læri ljóðin utan að.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Rím og roms er ný ljóðabók handa börnum eftir Þórarin Eldjárn, með myndum eftir Sigrúnu Eldjárn. „Þetta er níunda bókin þar sem ég yrki fyrst ljóðin og Sigrún myndskreytir þau síðan en svo höfum við líka gert alls fjórar bækur þar sem hún gerir myndirnar fyrst og ég ljóðskreyti. Samtals eru þetta því þrettán bækur," segir Þórarinn. Þær hafa allar notið mikilla vinsælda og það mun örugglega einnig eiga við um þessa nýju bók.

Um tilurð bókarinnar segir Þórarinn: „Þetta gerðist nú bara á þann alkunna máta að ljóð urðu til sem smátt og smátt hlóðu utan um og ofan á sig þar til ljóst varð að stefndi í bók. Þá bættust við fleiri til að fylla upp í heildarmynd sem ég var óljóst með í höfðinu og jafnframt fór Sigrún að fá send frá mér ljóð, yfirleitt nokkur saman," segir Þórarinn og bætir við: „Þessi bók er þó ekki frekar en fyrri bækur okkar hugsuð sem einhver órofa heild, þetta eru ljóð af ýmsu tagi, þulur og romsur, sumt kannski stílað upp á yngstu börnin.

„Mér finnst reyndar ljóðin vera fyrir alla, gjörsamlega óháð aldri," bætir Sigrún við.

Hér má sjá mynd Sigrúnar af fröken Fix sem er ekkert núll og nix.

Mikilvægi bóka

Spurður hvað hann hafi í huga þegar hann yrkir fyrir börn svarar hann: „Hvað sem er getur kveikt ljóð, það getur verið rím sem manni dettur í hug og líka eitthvert efnisatriði. Ljóðin fjalla flest um manneskjur en náttúrustemningar koma líka fyrir."

„Þarna eru líka ljóð um bækur og lestur, sumarlestur og vetrarlestur," segir Sigrún. „Það er aldrei of oft hamrað á mikilvægi bóka!"

„Já, ég er með stanslausan áróður um mikilvægi þess að lesa. Við viljum ekki að hlutirnir séu í ólestri," segir Þórarinn. Hann segir það vera mjög svipað að yrkja fyrir börn og fullorðna. „Ég hef ort háttbundin ljóð jafnt sem óbundin fyrir fullorðna en barnaljóðin eru öll rímuð og stuðluð og það er vegna þess að taktur og rím höfða mjög til barna."

Sigrún bætir við: „Það eru svo margir sem tala um það að börnin vilji heyra ljóðin hans Þórarins aftur og aftur og læri þau mjög auðveldlega utan að, jafnvel þriggja til fjögurra ára gömul."

„Það besta sem maður getur hugsað sér er ef börn læra hlutina utan að óvart en ekki af því að þeim sé skipað það," segir Þórarinn.

Glaðleg bók

Spurð hvað hún hafi haft í huga við gerð myndanna svarar Sigrún: „Þetta er vorbók og þess vegna alveg tilvalin sumargjöf. Þarna eru sól og blóm og skærir litir. Fuglar og fiskar og hoppandi krakkar. Ég lagði áherslu á að hafa bókina glaðlega því okkur veitir ekkert af upplyftingu. Þegar ljóðin koma til mín frá Þórarni fæ ég yfirleitt mjög fljótt hugmynd um hvers konar mynd passar við hvert þeirra. Svo bæti ég oft einhverju inn í sem ekki er í ljóðinu."

Dæmi um slíkar viðbætur eru litlu krakkarnir tveir á bókarkápunni sem eru að lesa Rím og roms. Þessa sömu krakka má síðan finna á hverri opnu bókarinnar. „Það er vinsælt trix í barnabókum og aukaskemmtun fyrir lesendur að leita á síðunum og í þessu tilfelli að reyna að koma auga á krakkana," segir Sigrún.

Systkinin eru með fleiri verkefni í smíðum sitt í hvoru lagi. Þórarinn er að ganga frá smásagnasafni og vinnur að ljóðabókum fyrir fullorðna. Sigrún kemur með jólasögu þegar jólin fara að nálgast enn á ný. Þar að auki er hún með ýmislegt í bígerð fyrir næsta ár ... og þarnæsta.

Callum Innes sýnir í i8

Sýning Callum Innes tært land stendur yfir í i8. Þar sýnir listamaðurinn fimmtíu vatnslitamyndir sem í heild sinni eru eitt verk. Tært land er sýnd sameiginlega í i8 og OSL contemporary; en þetta verður jafnframt þriðja einkasýning hans í hvoru galleríi fyrir sig. Sýningin í i8 stendur til 29. maí, en áður var sama sýning í Osló dagana 19. febrúar til 27. mars.

Við gerð vatnslitaverkanna afmarkar Callum ferhyrning á hvítri örk og ber á hann einn lit með breiðum pensli. Þegar sá litur er að þorna bætir hann öðrum lit á þann fyrsta og í framhaldinu hefst ferli þar sem hann fjarlægir og bætir við lit í samsetninguna. Útkoman eru verk sem eru nær einlit, en þó gætir ákveðins litaskala í blæbrigðum litarins og þar sem enn má merkja pensilför listamannsins.

Í febrúar kom út bókin tært land í tilefni af sýningunum tveimur. Í bókinni eru vatnslitamyndirnar fimmtíu saman komnar en auk þess nýtt ljóð eftir skáldið Thomas A. Clark sem samið er undir hughrifum af verkum Callum Innes.

CALLUM INNES ER EINN MIKILVÆGASTI ABSTRAKTMÁLARI SINNAR KYNSLÓÐAR.

Callum Innes (fæddur 1962 í Edinborg) er einn mikilvægasti abstraktmálari sinnar kynslóðar. Verk hans má finna í opinberum söfnum um allan heim. Callum Innes býr og starfar bæði í Edinborg og Osló.

Vatnslitamyndir Callum Innes.

Vinna að tónlist fyrir Rómeó og Júlíu.

Vinna lög fyrir Rómeó og Júlíu

Ebba Katrín Finnsdóttir og Sturla Atlas, sem fara með hlutverk elskendanna Rómeós og Júlíu í uppsetningu Þorleifs Arnarssonar, hafa undanfarnar vikur unnið hvort í sínu lagi tónlist sem verður grunnur að hljóðheimi verksins. Með Ebbu Katrínu er tónlistarkonan Salka Valsdóttir en Sturlu fylgir tónlistarmaðurinn Auður. Æfingar á verkinu standa yfir.

Verk eftir Maríu Gísladóttur.

María í Gallerí Gróttu

Að vera vera nefnist sýning sem nú stendur yfir í Galleríi Gróttu og lýkur 15. maí. Þar sýnir myndlistarkonan María Gísladóttir verk sín. María stundaði nám á listasviði við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og síðar við Myndlistarskólann í Reykjavík. Hún hefur tekið þátt í samsýningum hérlendis og í Finnlandi árið 2018.

Gola á tónleikum

Jazzfjelag Suðurnesja býður til tónleika með sveitinni Golu miðvikudaginn 21. apríl í Bókasafni Sandgerðis. Gola leikur djassskotna standarda, fönk og heimstónlist. Aðgangur er ókeypis. Panta þarf sæti fyrir fram með því að senda tölvupóst á jazzfjelag@trommari.is.

Sveitina Golu skipa þeir Jóhann Ásmundsson (bassi), Sigurgeir Sigmundsson (gítar), Haukur Arnórsson (píanó, hljómborð) og Halldór Lárusson (trommur).



DAGSKRÁ

Laugardagur

HRINGBRAUT

20.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Heima er bezt (e) er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
21.00 Hin rámu regindjúp (e) Fræðsluþættir úr smiðju Jóns Hermannssonar og Guðmundar E. Sigvaldasonar um eldvirknina undir fótum okkar.
21.30 Saga og samfélag (e) er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Rán - Rún
07.21 Poppý kisukló
07.32 Lundaklettur
07.39 Tölukubbar
07.44 Eðlukrúttin
07.55 Bubbi byggir
08.06 Millý spyr
08.13 Unnar og vinur
08.35 Stuðboltarnir
08.46 Hvolpasveitin
09.09 Grettir
09.21 Stundin okkar
09.45 Húllumhæ
10.00 Gettu betur - Bransastríð
11.05 Vikan með Gísla Marteini
11.50 Poirot - Poirot og læknirinn
13.30 Ísland. Bióland Rödd í heimskór kvikmynda.
14.30 Landinn. Landinn 4. apríl 2021
15.00 Slóvenía - Ísland Bein útsending frá fyrri leik í umspili um laust sæti á HM kvenna í handbolta.
17.15 Kveikur
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.29 Herra Bean
18.40 Hjá dýralæknum
18.45 Landakort Syngja eftir nótum frá miðöldum.
18.53 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Alla leið Lögin sem valin voru til þátttöku í Eurovision, Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, sem haldin verður í Rotterdam í Hollandi í ár, skoðuð frá öllum hliðum.
21.00 Íslensku tónlistarverðlaunin
22.35 Bíóást. The People VS. Larry Flynt
22.40 Ákæruvaldið gegn Larry Flynt. The People VS. Larry Flynt
01.00 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.25 LPGA Tour 2021 Útsending frá LOTTE Championship.
11.30 European Tour 2021 Bein útsending frá Austrian Golf Open.
16.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center
16.20 PGA Special. Arnold Palmer Network
17.00 PGA Tour 2021 Bein útsending frá RBC Heritage.
22.05 PGA Special. One Shot Away
22.25 PGA Special. This is Mackenzie Tour
22.45 PGA Special. Arnold Palmer Special
23.00 LPGA Tour 2021 Bein útsending frá LOTTE Championship.

SJÓNVARP SÍMANS

11.15 The Block
12.20 Með Loga
13.30 Wolves - Sheff. Utd. Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.10 The King of Queens
16.30 Everybody Loves Raymond
16.55 The Bachelor
18.20 For the People Dramatískur þáttur um unga lögfræðinga sem takast á í réttarsalnum. Það gengur á ýmsu hjá lögfræðingunum, bæði í vinnunni og einkalífinu. Framleiðandi þáttanna er Shonda Rhimes sem einnig gerir Grey's Anatomy, Scandal og Station 19.
19.05 The Block
20.10 How to Lose a Guy in 10 Days
22.05 Patriots Day Kvikmynd frá 2016 með Mark Wahlberg í aðalhlutverki.
00.15 Seeking a Friend for the End of the World Smástirni nálgast jörðu og mun skella á henni eftir þrjár vikur. Endalok lífsins eru framundan. Hvað gera menn?
01.55 The Longest Week
03.20 The Walking Dead
04.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Vínill vikunnar
08.00 Morgunfréttir
08.05 Ástir gömlu meistaranna Richard Wagner.
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Orðin sem við skiljum ekki Tungumálið.
11.00 Fréttir
11.03 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Heimskviður
13.15 Gestaboð
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Fjöllin hafa vakað Hrikaleg ægifegurð fjalla.
17.00 Tónlist frá A til Ö
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Tríó Red Garland, Kvartett Pepper Adams og Sextett Red Rodney.
20.45 Fólk og fræði Með fingurna í moldinni.
21.15 Bók vikunnar Tungusól og nokkrir dagar í maí.
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.15 Litla flugan Fröken, tvær bokkur af blandi.
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.45 Goosebumps 2. Haunted Halloween
12.15 Honey. Rise Up and Dance
13.50 Parenthood
15.50 Goosebumps 2. Haunted Halloween
17.20 Honey. Rise Up and Dance
18.55 Parenthood Frábær gamanmynd frá 1989 þar sem Steve Martin fer á kostum ásamt góðu leikarateymi.
21.00 Bridget Jones. The Edge of Reason
22.45 Old Man and the Gun
00.15 Life and Death of John Gotti
02.00 Bridget Jones. The Edge of Reason

STÖÐ 2

08.00 Laugardagssögur
08.02 Sögur af svöngum björnum
08.05 Hopster Jam
08.10 Ég er kynlegt kvikyndi
08.14 Örstutt ævintýri
08.15 Greinda Brenda
08.18 Börn sem bjarga heiminum
08.20 Hérinn og skjaldbakan
08.24 Vanda og geimveran
08.30 Monsurnar
08.45 Tappi mús
08.55 Víkingurinn Viggó
09.05 Heiða
09.25 Latibær
09.40 Blíða og Blær
10.00 Leikfélag Esóps
10.10 Mía og ég
10.35 Lína langsokkur
10.55 Angry Birds, Stella
11.05 Angelo ræður
11.10 Hunter Street
11.40 Friends
12.00 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.50 Modern Family
14.10 Modern Family
14.35 Almost Friends
16.10 Heimsókn
16.40 Skítamix
17.20 The Masked Singer
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.53 Lottó
18.55 Blindur bakstur
19.20 August Creek
20.50 Richard Jewell
23.00 How To Be a Latin Lover
00.55 Prometheus
02.50 Friends
03.20 The Masked Singer
04.25 Hunter Street

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 Simpson-fjölskyldan
21.40 Bob's Burgers
22.05 Gentleman Jack
23.10 The Tunnel. Vengeance
23.55 True Blood
00.50 True Blood
01.40 Friends
02.05 Friends
02.25 The Office

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Valur - Haukar Útsending frá leik í Olís deild karla.
10.15 FH - Selfoss
11.40 ÍR - Fram
12.50 Seinni bylgjan - karla
14.15 Breiðablik - Valur Útsending frá leik í Domino's deild kvenna.
15.40 Domino's Körfuboltakvöld - kvenna
16.20 Þór Þ. - Keflavík Útsending frá leik í Domino's deild karla.
17.55 Tindastóll - KR
19.25 Domino's tilþrifin 13. umferð
20.20 Haukar - Njarðvík
21.45 Valur - ÍR
23.05 Domino's körfuboltakvöld

STÖÐ 2 SPORT 2

07.50 PSG - Bayern München
09.30 Chelsea - Porto
11.10 Liverpool - Real Madrid
12.55 Sampdoria - Hellas Verona Bein útsending.
14.55 Inside Serie A
15.20 Evrópudeildarmörkin
16.20 Chelsea - Manchester City Bein útsending frá leik í FA Cup.
18.25 Dortmund - Manchester City
20.05 Inside Serie A
20.30 Los Angeles Lakers - Utah Jazz Bein útsending.
23.20 Valencia Basket Club - Monbus Obradorio

DAGSKRÁ

Sunnudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
21.00 Leiðtoginn með Jóni G. Haukssyni er viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.
21.30 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Refurinn Pablo
07.21 Hið mikla Bé
07.44 Poppý kisukló
07.55 Kúlugúbbarnir
08.18 Lautarferð með köku
08.24 Hæ, Sámur
08.31 Kúlugúbbarnir
08.53 Hrúturinn Hreinn
09.00 Múmínálfarnir
09.22 Robbi og Skrímsli
09.44 Eldhugar
09.48 Sjóræningjarnir í næsta húsi
10.00 Ævar vísindamaður
10.30 Andrar á flandri Wales.
11.00 Silfrið
12.10 Alla leið
13.20 Lagið um hatrið Þriðji hluti.
13.50 Íslensku tónlistarverðlaunin
15.25 Fullkomin pláneta
16.25 Stamið stöðvað
17.35 Landakort Talað við sjómennina er þeir börðust fyrir lífi sínu.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Söguspilið
18.25 Menningin - samantekt
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.45 Landinn
20.20 Ísland. Bióland - Tími Íslensku kvikmyndasamsteypunnar
21.20 Djöflaeyjan Biómynd eftir Friðrik Þór Friðriksson frá 1996 byggð á sögu Einars Kárasonar um skrautlegar persónur í braggahverfi í Reykjavík upp úr miðri síðustu öld.
23.00 Tvöfalt líf Veróniku. La double vie de Véronique
00.35 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.25 LPGA Tour 2021 Útsending frá LOTTE Championship.
11.30 European Tour 2021 Bein útsending frá Austrian Golf Open.
16.00 PGA Special. One Shot Away
16.20 PGA Special. One Shot Away
17.00 PGA Tour 2021 Bein útsending frá RBC Heritage.
22.05 European Tour 2021

SJÓNVARP SÍMANS

11.15 The Block
12.20 Dr. Phil
13.05 Dr. Phil
13.50 Dr. Phil
14.35 Dr. Phil
15.20 Dr. Phil
16.10 The King of Queens
16.30 Everybody Loves Raymond
16.55 The Bachelor
18.25 The Block
19.30 This Is Us
20.20 Systrabönd
21.05 Roadkill
22.00 The Good Lord Bird
22.50 The Walking Dead
23.35 Love Island
00.30 Ray Donovan Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna.
01.20 The Rookie
02.05 Blue Bloods
02.50 Mayans M.C.
03.45 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Hringsól Um Andalúsíu.
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á tónsviðinu
09.00 Fréttir
09.03 Svona er þetta
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bók vikunnar Rotturnar.
11.00 Guðsþjónusta í Víðistaðakirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Sögur af landi
14.00 Víðsjá
15.00 Lestin
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Úr tónlistarlífinu. Ljóðatónleikar í Salnum
17.25 Orð af orði
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Orðin sem við skiljum ekki
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óskastundin
19.40 Ástir gömlu meistaranna Richard Wagner.
20.35 Gestaboð
21.30 Úr gullkistunni Gunnlaugur Scheving segir frá.
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Á reki með KK
23.10 Frjálsar hendur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.55 Scooby-Doo! and the Curse of the 13th Ghost
13.15 The Kindergarten Teacher
14.50 Every Day
16.25 Scooby-Doo! and the Curse of the 13th Ghost
17.45 The Kindergarten Teacher
19.20 Every Day
21.00 Angel of Mine Spennandi ráðgáta frá 2019 með Noomi Rapace og Luke Evans í aðalhlutverkum.
22.40 Hurricane
00.25 The Hunter's Prayer
01.55 Angel of Mine

STÖÐ 2

08.00 Uppskriftir fyrir svanga birni
08.00 Laugardagsklúbburinn
08.00 Rita og krókódíll
08.05 Veira, vertu blessuð
08.10 Ég er fiskur
08.13 Örstutt ævintýri
08.16 BLM lag
08.17 Víkingurinn Viggó
08.25 Adda klóka
08.50 Blíða og Blær
09.10 Mía og ég
09.35 Lína langsokkur
09.55 Lukku láki
10.20 Ævintýri Tinna
10.45 It's Pony
11.15 Angry Birds, Stella
11.20 Top 20 Funniest
12.05 Nágrannar
13.30 Nágrannar
13.50 Um land allt
14.10 Friends
14.30 The Office
14.55 Dagbók urriða
15.20 Blindur bakstur
15.50 Grand Designs
16.50 60 Minutes
17.35 Víglínan
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.50 Ísland í dag
19.05 Skítamix
19.35 Vegferð
20.15 We Are Who We Are
21.05 Tell Me Your Secrets
21.55 Prodigal Son 2
22.40 Shameless
23.40 Warrior
00.30 Warrior
01.20 Empire
02.00 Empire
02.45 Um land allt
03.00 Grand Designs
03.45 Friends
04.10 The Office

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 Punky Brewster
21.40 True Blood
22.35 True Blood
23.25 Ríkið
23.55 Friends
00.15 Friends
00.40 Last Man Standing
01.00 The Office

STÖÐ 2 SPORT

07.45 Grindavík - Þór Þ.
09.10 KR - Valur
10.40 Domino's tilþrifin 14. umferð
11.25 Stjarnan - Þór Ak.
12.45 Njarðvík - Tindastóll
14.25 Domino's körfubolta.
15.55 Þór Þ. - Stjarnan
17.20 Valur - Tindastóll
18.55 Getafe - Real Madrid Bein útsending.
21.00 Domino's tilþrifin 15. umferð
21.50 Keflavík - Njarðvík
23.10 Domino's körfuboltakvöld

STÖÐ 2 SPORT 2

08.35 Chelsea - Manch. City
10.20 UCAM Mucia CB - MoraBanc Andorra Bein útsending.
12.10 Sampdoria - Hellas Verona
14.10 Atlético Madrid - Eibar Bein útsending.
16.35 Cristiano Ronaldo Meets Piers Morgan
17.20 Leicester - Southampton Bein útsending frá leik í FA Cup.
19.25 Los Angeles Lakers - Utah Jazz
21.25 Bologna - Spezia
23.05 Real Betis - Valencia

Mánudagur

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Leiðtoginn (e) með Jóni G. Haukssyni er viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.
19.30 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.00 Atvinnulífið Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits
21.30 Karlmennskan (e) Femínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.

RÚV SJÓNVARP

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Silfrið
12.15 Ísland. Bióland. Tími Íslensku kvikmyndasamsteypunnar
13.15 Perlur og svín
14.40 Landinn
15.15 Gleðin í garðinum
15.45 Merkisdagar - Skírn
16.15 Agatha rannsakar málið - Galdrakarlinn í Evesham
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Loðmundur
18.08 Skotti og Fló
18.15 Lestrarhvutti
18.22 Stuðboltarnir
18.33 Nellý og Nóra
18.40 Sammi brunavörður
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Hvað getum við gert? Hræðslufræðsla.
20.10 Fullkomin pláneta. Perfect Planet
21.10 Sáttasemjarinn. Peacemaker
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Útrás. Exit
22.55 Afdrifarík kynni af R. Kelly. Surviving R. Kelly Heimildaþáttaröð í sex hlutum um ofbeldi tónlistarmannsins R. Kelly gegn konum. Í þáttunum stígur fjöldi fórnarlamba R. Kellys fram og segir sína sögu, auk þess sem fjölskylda tónlistarmannsins varpar ljósi á bakgrunn hans. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.40 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour 2021 Frá RBC Heritage.
11.00 PGA Tour 2021
14.00 PGA Tour 2021
19.00 PGA Highlights 2021
19.55 PGA Tour 2021 Frá RBC Heritage.

SJÓNVARP SÍMANS

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Zoey's Extraordinary Playlist
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back
21.00 The Rookie
21.50 Blue Bloods
22.35 Mayans M.C.
23.30 The Late Late Show
00.15 Love Island
01.10 Ray Donovan
02.00 FBI
02.45 We Hunt Together
03.30 Fosse/Verdon
04.30 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Ómar Óskarsson og tónlist hans.
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti.
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Hringsól Um Andalúsíu.
15.00 Fréttir
15.03 Fjöllin hafa vakað Hið eldspúandi fjall.
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakiljan
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.39 Kvöldsagan. Eyrbyggja saga (15 af 26)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.30 Apollo 11
12.05 Holy Lands
13.40 The Five-Year Engagement
15.45 Apollo 11
17.20 Holy Lands
18.55 The Five-Year Engagement
21.00 A Simple Favor
22.50 Alpha. Frábær ævintýramynd sem gerist fyrir 20 þúsund árum, einhvers staðar á meginlandi Evrópu.
00.25 Loving Pablo
02.25 A Simple Favor

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 The Goldbergs
10.25 Life and Birth
11.15 Lodgers For Codgers
12.00 Golfarinn
12.35 Nágrannar
12.55 Modern Family
13.15 Last Man Standing
13.35 Hálendisvaktin
14.05 MasterChef Junior
14.50 Manifest
15.35 Ísskápastríð
16.00 Friends
16.25 First Dates
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Grand Designs
19.55 Ofsóknir
20.30 McDonald and Dodds
22.00 Shameless
23.00 60 Minutes
23.50 Magnum P.I.
00.35 Chernobyl
01.35 A Black Lady Sketch Show
02.05 Veronica Mars
02.45 The O.C.
03.25 The Goldbergs

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 Last Man Standing
21.35 Killing Eve
22.20 Cheat
23.10 Castle Rock
23.55 The Bold Type
00.35 Friends
01.00 Friends
01.20 The Office

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Haukar - Þór Ak.
10.20 Fram - Valur Útsending frá leik 2 á milli í úrslitum Olís deildar kvenna árið 2018.
11.40 Stjarnan - Haukar
13.00 Valur - Fram Útsending frá leik 3 á milli í úrslitum Olís deildar kvenna árið 2018.
14.15 Njarðvík - Valur
15.45 Fram - Valur Útsending frá leik 4 á milli í úrslitum Olís deildar kvenna árið 2018.
17.00 Domino's tilþrifin 16. umferð
17.55 Grindavík - Keflavík
19.25 Domino's körfuboltakvöld
20.50 Selfoss - Hrunamenn
22.30 Njarðvík - ÍR Útsending frá leik í 1. deild kvenna í körfubolta.

STÖÐ 2 SPORT 2

08.55 UCAM Mucia CB - MoraBanc Andorra
10.30 Leicester - Southampton Frá leik í FA Cup.
12.10 Ítölsku mörkin
13.00 AC Milan - Genoa
14.40 Football League Show
15.05 Atalanta - Juventus
16.45 Ensku bikarmörkin
17.15 Lazio - Benevento
19.00 Fréttaþáttur EM
19.30 Eskilstuna United - Kristianstad
21.10 Miami Heat - Brooklyn Nets
23.10 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
23.35 Atlético Madrid - Eibar

Margs er að minnast frá dásamlegri fortíð

Cocoa Puffs og Lucky Charms eru að hverfa á öskuhauga minninganna þar sem fyrir eru blár Ópal, kisutyggjó, Spur Cola, Mangó sopi, og ódrepandi ryksugur. Allt er í heiminum hverfult, en huggun harmi gegn að um 16.000 hafa nú sameinast um ljúfar minningar á Facebook.

Facebook-hópurinn Ég man eftir... telur um 16.000 manns og hlýtur að teljast með þeim virkari á samfélagsmiðlinum enda margs að minnast og sakna frá þeim tíma sem heimurinn og lífið voru einfaldari. Og nammið miklu betra.

Yfirlýstur tilgangur hópsins er að rifja upp „hluti úr fortíðinni sem eru að gleymast“ en hópurinn er opinn og öllum frjálst að draga aðföng í þessa rafrænu höll minninganna. „Hér er ekki verið að selja neitt, bara skiptast á skemmtilegum minningum.“

Nostalgíuherinn í hópnum fer enda um víðan völl og þar er þess meðal annars minnst þegar allt var lokað á föstudaginn langa, nema BSÍ. Þegar krakkar léku sér í fallin spýta, yfir og þrautakóngi og þegar 5 bættist fyrir framan öll símanúmer og þau urðu sjö stafa.

„Man þegar börn gátu fengið heilahimnubólgu ef þau voru með blautt hár úti í kulda,“ segir einn á meðan annar man eftir „lostafullum sögum í Tígulgosanum og Bósa og seinna meir í Bláu nunnunni, eitthvað sem spennandi og forboðið var að stelast í hérna í den.“

Þeir eru fleiri og ekki allir jafn forboðnir ávextirnir sem fólk minnist með eftirsjá, en líklega trónir blár Ópal á toppnum og í raun má koma fyrir í einum litlum Ópal pakka öllum þeim tilfinningum og fortíðarþránni sem þarna birtist.

„Ég elskaði bláan Ópal og geri enn,“ er yfirlýsing sem kjarnar þetta ágætlega og kórinn er fjölmennur sem kyrjar sálminn um hið goðsagnakennda sælgæti sem var kryddað með klóróformi.

„Er til ennþá blár Ópal?“ „Ó, vildi að blár Ópal væri enn framleiddur.“ „Eitthvert efni í bláum Opal olli því að það var ekki framleitt áfram. Ekki man ég hvort það var efni sem talið var óhæft til neyslu eða eitthvað annað sem olli.“

„Já pottþétt besti Ópallinn. Væri til í að þetta væri ennþá til.“

„Sá allra besti, sakn...“ „Hætti árið áður en ég fæddist.. skellur.“ „Klóróform var efnið sem var bannað. „Mér fannst hann aldrei góður. Trúi því varla að ég hafi verið ein um það?“ **toti@frettabladid.is**

Nostalgían kemst fyrir í litlum bláum Ópal pakka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég man eftir ...

Donkey Kong

Nintendo-tölvuspilin með eilífri endurtekningu hins sama hjá bræðrunum Mario og Luigi voru alger bylting á sínum tíma og sjálfsagt muna enn margir eftir sigurvímunni þegar þeir unnu sér inn aukakall eða náðu blikkandi bónus.

„Ég átti svona.“

„Ég á mitt enn.“

„Mig langar til að spila þetta aftur – ég held ég hafi ekki þekkingu á neinu öðru flóknara.“

„Á mitt enn og í notkun.“

„Elskaði þennan leik.“

„Ég sýndi syni mínum þetta spil fyrir nokkrum árum. Beið eftir að heyra frá honum hvað þetta væri skemmtilegt spil. Nei, nei. Hann segir: Biddu, hvenær fer maður svo í næsta borð?“

„Ég átti nákvæmlega svona og sé eftir því að láta það fara, ég hefði átt að geyma það.“

Ég man eftir ...

bumbubananum

Bumbubaninn sem Sjónvarpsmarkaðurinn mokaði út á sínum tíma er kannski ekki jafn goðsagnakenndur og Clairol- fótanuddtækið en skemmilegur er hann og ógleymanlegur flestum sem komust í kynni við hann.

Nema vitaskuld þeim sem eru að reyna að gleyma honum.

„Sjónvarpsmarkaðurinn góði sem var sýndur á Stöð 2 back in the 90's. Hann seldi meðal annars bumbubanann sem eflaust var til á flestum heimilum ásamt Orbitrek-æfingahjólunum sem breyttust i varanlegt fatahengi eftir eina viku í réttri notkun. Það var allavega eitt svona Orbitrek inni í herbergi hjá foreldrum mínum sem var einungis notað sem fataslá, sennilega í eitthvað í kringum 10 ár, hahaha.“

„Gleymi aldrei þegar konan sá svona heima hjá pabba. Hann hafði geymt það undir rúmi (algengt fyrir ýmsa ónothæfa hluti).

Einu sinni voru allir í Kínaskóm sem segja má að hafi leyst gömlu gúmmískóna af hólmi á seinni hluta áttunda áratugarins og fram á þann níunda.

Þau eru mörg í nostalgíuhópnum á Facebook sem sakna Spur Cola sem mun tæpast gleymast á meðan Sódóma Reykjavík flokkast til klassíkur í íslenskri kvikmyndasögu. Mesta furða samt að tekist hafi að brugga brúklegan landa síðan Spurið hvarf.

Svarta kisutyggjóið er löngu horfið af sjónarsviðinu sem gerir það að sjálfsögðu ennþá betra í minningunni. Þetta er blái Ópalinn í tyggjóinu.

Ég man eftir...

sterkbyggðum raftækjum

Fólk á besta aldri man enn þá tíð þegar raftæki voru gerð þannig að þau entust von úr viti og hægt var að framlengja líftíma þeirra út í hið óendanlega með viðgerðum.

Gamla Nilfisk tunnuryksugan er líklega frægasti fulltrúi raftækjanna af gamla skólanum enda hermt að hún sé víða enn í fullu fjöri og sjúgi ryk eins og enginn sé morgundagurinn.

„Ég man eftir þegar þú keyptir raftæki og þú gast átt þau í ágætis tíma, ekki einungis 4-5 ár líkt og nú til dags.

Dæmi er fyrsta Nilfisk-ryksugan sem var framleidd fyrir heimili en það var árið 1958.

Amma átti eina svona, síðan var ein svona notuð á mínu heimili. Minnir að foreldrar mínir hafi skipt henni út fyrir nýja um aldamótin 2000. Þessar ryksugur eru ennþá til í dag inni á heimilum fólks.“

Ég man eftir...

kassettu og blýanti

Níundi áratugurinn og tónlist hans eru í brennidepli þessi misserin. Þau sem voru ung þá geta nú ornað sér við minningarnar og hlustað fyrirhafnarlaust á Spotify á lögin sem þeir þurftu áður að sitja um og taka upp úr útvarpinu á segulbandsspólur.

Í þá daga þurfti oft að grípa til blýantsins til þess að vinda upp flæktar kassettur sem fyrir krökkum í dag er næsti bær við að slá saman steinum til þess að kveikja eld.

„Börn nú til dags munu aldrei skilja þetta vesen.“

„Óþolandi vesen, þá kom blýanturinn sér vel.“

„Ég var sko orðin sérfræðingur að laga svona spólur.“

„Man hvað það pirraði mig þegar svona fór í flækju.“

„Já og panikkið ef þetta gerðist þegar þú varst akkúrat á upphalds laginu þínu.“

Nostalgísk heilaleikfimi

Jóhann er ekki fastur í fortíðinni en virkur í Star Wars-hópnum sem kennir sig við 501 herdeildina.

„Fyrir mér er þetta ákveðin heilaleikfimi sem hjálpar mér í minni vegferð,“ segir Jóhann Waage, sem er frekur til fjörsins í Facebook-hópnum Ég man eftir ... þar sem hann dustar rykið af alls konar gersemum úr fortíðinni sem oftar en ekki kalla fram óstjórnlega þrá eftir fortíðinni þegar allt var skemmtilegra og betra.

„Ég lifi rosalega mikið í núinu eftir hastarleg veikindi fyrir nokkrum árum síðan. Fyrir mér er nostalgían bara skemmtilegur partur af lífinu. Ég er langt frá því að vera þjakaður af fortíðarþrá en vegna veikinda minna þá fór skammtímaminnið út og suður en ég man eftir ótrúlegustu hlutum frá barnæskunni,“ segir Jóhann sem fékk heilablæðingu 2017.

„Fyrir mér eru bara rosalega skemmtileg heilabrot að rifja upp og muna eftir áhugaverðum hlutum, hvort sem þeir voru matarkyns, fatnaður, tónlist, sjónvarpsefni, kvikmyndir eða annað,“ segir Jóhann og leggur áherslu á að söknuðurinn sé þó í algeru lágmarki. Hann segir ýmislegt þó rifjast upp við að kíkja á hópinn í það minnsta einu sinni á dag og fá skammtinn sinn frá öðrum sem eru í sama fortíðargír. „Þá lýstur venjulega einhverju skemmtilegu niður í kollinn á mér.“

Þegar Jóhann er beðinn um að nefna eitthvað sem hann væri til í að fá aftur til samtíðar nefnir hann fyrstan bláa Ópalinn. Þá væri hann alveg til í að fá eins og einn sítrónu Svala til hátíðabrigða og væri alveg til í að fá sjö, níu og ellefu bíó aftur. Morgunkornið Trix kemur líka upp, en sennilega misráðið að syrgja það þar sem sá harmur er bara að þyngjast með brotthvarfi Cocoa Puffs og Lucky Charms.

Rými mætir framúrskarandi tækni.

Nýr Kia Sorento Plug-in Hybrid.

Movement that inspires

Við kynnum nýja kynslóð Kia Sorento. Nú fáanlegur sem Plug-in Hybrid með allt að 57 km drægi. Ríkulegt pláss fyrir 7 manns, glæsileiki og þægindi. Upplifðu meiri þægindi fyrir þá sem skipta máli.

Það er opið í dag frá kl. 12-16 hjá Kia á Krókhálsi 13.

Kíktu við eða pantaðu reynsluakstur á kia.is eða í síma 590 2100.
Við tökum vel á móti þér.

Kia Sorento Plug-in Hybrid verð frá:

8.590.777 kr.

1.6 T-GDi + rafmótor, fjórhjóladrifinn,
6 þrepa sjálfskipting, 7 manna, 265 hö.

Afborgun á mánuði 59.718 kr.**

Askja · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir heimila.
Nánar á hledslulausnir.askja.is

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

**m.v. 50% innborgun og lán til 84 mán. Vextir 4,10%. Heildargreiðsla láns er 4.344.765 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 4,77%

Lífið í vikunni

11.04.21-
17.04.21

KVENLEGUR HARMLEIKUR

Sjónvarpsþáttaröðin Systrabönd nýtur mikilla vinsælda í Sjónvarpi Símans og hefur fengið fína dóma. Meðal annars fjórar stjörnur í Fréttablaðinu þar sem persónusköpun þótti til stakrar fyrirmyndar. Heldur vandræðalegt, í ljósi þess að Kristín Eiríksdóttir hefur stigið fram með alvarlegar ásakanir um að höfundarnir hafi tekið margt ófrjálsri hendi úr leikriti hennar Hystory.

LÆKNANEMAR ÁN LANDAMÆRA

Vinkonurnar Edda Þórunn og Ólöf Kristín eru í læknanámi í Slóvakíu en byrjuðu með hlaðvarpið Læknaspjallið í fjarnámstímanum á Íslandi. Það er beintengt Instagraminu Íslenskir læknanemar, þar sem kynntir eru möguleikar á læknanámi í útlöndum.

TÓNLISTIN HENNAR JÚLÍU

Tónlistarfólkið Salka Valsdóttir og Auður eru hvort í sínu horni að semja tónlistina fyrir uppsetningu Þjóðleikhússins á Rómeó og Júlíu. Auður sinnir Rómeó á meðan Salka segist sæta færis til þess að dýpka persónu Júlíu með tónlistinni.

SJÖTÍU ÁR, SAMA RÖDDIN

Björgin Halldórsson, hinn eini sanni Bó, varð sjötugur í gær og fagnaði tímamótunum með tónleikum sem var streymt var frá Borgarleikhúsinu. Þar komu saman vinir, vandamenn og samstarfsfólk í gegnum tíðina og tóku lagið með Bjögga, sem hefur auðvitað engu gleymt og sagði hann án þess að blikna við Fréttablaðið fyrir tónleikana að nú „kikkaði“ reynslan inn.

DORMA
Láttu drauminn rætast
TAX
ÖLL HEILSURÚM*
FREE

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum heilsurúmum nema frá Simba. Afslátturinn er af dýnum, botnum og fótum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Jóhanna blandar saman tónlist og málningu og tjáningin getur orðið býsna djössuð á striganum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vorflug í veiruvímu

Hrúturinn **Jóhanna V. Þórhallsdóttir** setti undir sig hornin í veiruvímunni og fagnar afmæli sínu með málverkasýningu á sunnudaginn þegar hún getur sungið „When I'm sixty four“ með réttu.

Myndlistar- og söngkonan Jóhanna V. Þórhallsdóttir opnar málverkasýninguna Vorflug á veirutímum í Gallerí Göngum við Háteigskirkju á sunnudaginn. Yfirskrift sýningarinnar er ekki úr lausu lofti þar sem hún segist vera mikil vorkona. Enda fædd í hrútsmerkinu og á einmitt afmæli á opnunardeginum 18. apríl.

„Maður lifnar alltaf við á vorin. Það er náttúrlega þannig og maður er bara að vonast til þess að komast á eitthvert flug eftir þessa veiruvímu,“ sagði Jóhanna eldhress í óðaönn við að hengja upp myndir sínar í Gallerí Göngum þar sem hún hefur ráðið ríkjum og stjórnað sýningum frá 2018.

„Ég læt ekkert deigan síga. Maður bara heldur áfram og verður alltaf að setja undir sig hornin, setja sér smá markmið og kýla á þetta svo maður drepist ekki úr leiðindum. Ég nenni því ekki.“

Litræn tjáning

Jóhanna er ekki síður þekkt sem söngkona og hún segir tónlistina vega þungt þegar hún er að mála og verkin á sýningunni eru mörg hver unnin við alls konar tónlist, klassík og djass.

„Maður fer inn í hugarheim með tónlistinni og það er bara svolítið svipað að syngja og mála. Maður er að tjá sig með litum,“ segir Jóhanna og bætir við að segja megi að myndlist hennar sé expressjónísk og að stemningin í þessum verkum sé nokkuð djössuð.

Vorflug á veirutímum er sjöunda einkasýning Jóhönnu á Íslandi og verkin á henni eru ný eða nýleg og mörg máluð í faraldrinum. „Elstu verkin eru reyndar máluð úti í Þýskalandi þegar ég komst þangað. Ég hef ekki sýnt þau hér en þau voru á sýningu þar í lok árs 2019,“ segir Jóhanna, sem þá tók þátt í samsýningu í Bad Reichenhall í Suður-Þýskalandi.

Geðlæknir í sálgæslu

„Þetta eru nokkrar, frekar stórar myndir og svo minni með og síðan er ég með nokkrar svarthvítar myndir af fjallasýn úr bókinni hans Óttars, mannsins míns, Sturlungu geðlæknisins,“ segir Jóhanna og á þar vitaskuld við Óttar Guðmundsson geðlækni.

Já, þú náttúrlega ert alltaf með geðlæknirinn í sálgæslu?

„Já, já. Hann er rosalega erfiður,“ segir Jóhanna og hlær þegar hún bætir við að þeim Óttari hafi þótt fyndið að setning úr síðustu Bakþönkum hans í Fréttablaðinu hafi ratað í fréttafyrirsögnina Eiginkona Óttars geðlæknis: „Þér finnst þú vera miðpunktur alheimsins, á Hringbraut.is þar sem haft var eftir Óttari að Jóhanna segði hann vera orðinn jafn sjálfhverfan og Snorra Sturluson.

> ÉG LÆT EKKERT DEIGAN SÍGA. MAÐUR BARA HELDUR ÁFRAM OG VERÐUR ALLTAF AÐ SETJA UNDIR SIG HORNIN.

Blessuð sóttvarnahólf

Jóhanna er eins og áður segir alvöru hrútur og á afmæli 18. apríl, þannig að þau tímamót renna saman við sýningaropnunina sem stendur frá 14 til 17 á sunnudaginn.

„Já, já. Maður er náttúrlega að halda upp á að loksins er maður að verða sixty four og getur sungið það með réttu. Það er bara þannig,“ segir Jóhanna og leggur áherslu á að vitaskuld verði allar sóttvarnareglur virtar í Gallerí Göngum.

„Ég reyni að hafa þetta löglegt. Það eru tuttugu í holli og það eru nokkur hólf þarna í kirkjunni sem maður getur reddað sér með, þannig að það er sko ómögulegt að mæta ekki.“

Vorflug a veirutímum stendur í mánuð og lýkur 18. maí. Sýningin er opin á virkum dögum milli klukkan 10 og 16 og eftir samkomulagi um helgar og þá auglýst sérstaklega á Facebook og heimasíðu kirkjunnar www.hateigskirkja.is.

toti@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrimsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Handan við hornið

Ljóst er að óvissa með sóttvarnareglur næstu vikna er enn mikil. Vegna stærðar og umfangs sýningarinnar Níu líf, bæði hvað varðar listamenn á sviði og keyrsluteymi baksviðs hefur verið ákveðið að færa söngleikinn til hausts.

Við hefjum sýningar á ný á afmæli Reykjavíkurborgar þann 18. ágúst, þegar samfélagið verður komið á þann stað að við getum kát og hress opnað dyr okkar fyrir nægilegum fjölda gesta og hægt verður að njóta kraftsins og gleðinnar til fullnustu. Það skiptir okkur höfuðmáli að upplifun ykkar sé sú sem hún á að vera – stór, kröftug og heit!

Athugið að allir miðahafar munu fá senda nýja miða.
Við þökkum innilega fyrir skilninginn og hlökkum til
að taka á móti ykkur í Borgarleikhúsinu.

borgarleikhus.is Miðasala: **568 8000**

BYKO

25% afsláttur af öllum flísum

Tilboðsverð

Gólfflísar

Fallegar gólfflísar frá Ítalíu.
Stærð: 60x60cm. Litur: grá
Frostþolin og skorin hornrétt.
Hálkustuðull R10.

4.197 kr./m²

17900210

Almennt verð: 5.594kr./m²

SINTESI

Tilboðsverð

Gólfflísar

Fallegar gólfflísar frá Ítalíu.
Stærð: 30x60cm. Litur: grá
Frostþolin og skorin hornrétt.
Hálkustuðull R10.

4.194 kr./m²

17900211

Almennt verð: 5.594kr./m²

SINTESI

Tilboðsverð

Gólfflísar

Fallegar gólf- og veggflísar
frá Ítalíu. Stærð: 15x60cm.
Litur: Viðarlíki, grábrún.
Hálkustuðull R9.

4.122 kr./m²

18088561

Almennt verð: 5.500kr./m²

CERAMICA EURO

Tilboðsverð

Gólfflísar

Fallegar gólf- og veggflísar
frá Ítalíu. Stærð: 15x60cm.
Litur: Viðarlíki, grátt.
Hálkustuðull R9.

4.122 kr./m²

18088560

Almennt verð: 5.500kr./m²

CERAMICA EURO

VIKING

Tilboðsverð

Day gönguskór

Léttir og þægilegir karl- og kvenmannsskór sem hentar vel til daglegra starfa sem og í útivistina. GORE-TEX filma veitir 100% vatnsvörn ásamt góðri öndun.
Stærðir 36-47

16.796

50147441-47/536-41

Almennt verð: 20.995

20%

Vistvænt

CAT

Tilboðsverð

Síðar nærbuxur

Síðar thermo nærbuxur frá CAT, til í stærðunum M-2XL.

2.796

92202310

Almennt verð: 3.495

20%

Snickers WORKWEAR

Tilboðsverð

Beanie húfa

úr mjúku og teygjanlegu efni.

2.588

93445112

Almennt verð: 3.235

20%

CAT

Tilboðsverð

Vinnusokkar

3 pör í pakka. Þægilegir vinnusokkar. Innihald:
75% bómull, 22% Polyester,
3% Eleastine. Stærðir 41-45.

1.516

92202021-6

Almennt verð: 1.895

20%

20%

Vistvænt

CAT

Tilboðsverð

Nærbolur

Thermo langerma nærbolur frá CAT, til í stærðunum M-2XL.

2.796

92202311

Almennt verð: 3.495

COFRA BORN TO WORK

Tilboðsverð

Vetrarjakki IGARKA

Vetrarvinnujakki úr 100% endurunnu polyster efni.
4 vasar með rennilásum, þar af vasi fyrir snjallsíma með E-Ward vörn gegn rafbylgjum. Stærðir S-4XL.

13.596

93454410-22

Almennt verð: 16.995

20%

Vistvænt

Verslaðu á netinu á byko.is

GROHE

25% afsláttur
af Grohe eldhús- og handlaugartækjum

Tilboðsverð

Eldhústæki
Eldhústæki með útdraganlegum úðara og hárri sveiflu.

53.996

15330270DC

Almennt verð: 71.995

Þú sparar: **17.999**

Tilboðsverð

Eurosmart
Handlaugartæki, krómað.

9.596

15332467

Almennt verð: 12.795



Tilboðsverð

Eurosmart
Handlaugartæki, krómað.

11.696

15323324

Almennt verð: 15.595

Tilboðsverð

Handlaugartæki
Start Edge, krómað með smellitappa

10.496

15323580

Almennt verð: 13.995

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 21. apríl 2021. eða á meðan birgðir endast.

Tilboðsverð

Eldhústæki
Essence, krómað með hárri sveiflu.

29.996

15330269

Almennt verð: 39.995

Þú sparar: **9.999**

Tilboðsverð

Eldhústæki
Einnar handar krómað eldhústæki með hárri sveiflu.

13.496

15331369

Almennt verð: 17.995

Þú sparar: **4.499**

Tilboðsverð

Eldhústæki
Krómað með hárri sveiflu og útdraganlegum úðara.

34.196

15332321

Almennt verð: 45.595

Þú sparar: **11.399**

LYNGSØE RAINWEAR

Tilboðsverð

Softshell jakki
Vatnsþéttur og vindþolinn jakki með innri flís lagi. Stillanleg og færanleg hetta. Þrír ytri vasar og tveir innri vasi. Efni: 50% Pólyester 50% Pólýúretan. Stærðir: S-2XL.

20%

10.636

93460140-4

Almennt verð: 13.295

Tilboðsverð

Vettlingar
Flísvettlingar fóðraðir með Thinsulate®.

1.396

93966401

Almennt verð: 1.745

20%

Tilboðsverð

Gasgríma ABEK
Síugríma úr TPE. ABEK síur fylgja sem veita vörn gegn SO_2 brennisteinsdíoxíð mengun. Hægt að setja A1, ABEK og P3 síur.

20%

6.396

76050545

Almennt verð: 7.995



Vistvænt

LYNGSØE RAINWEAR

Tilboðsverð

Regnbuxur
Efnið kemur úr flöskum sem hefur verið kurlað niður og endurnýtt í Polyester/ Polturethane 180 gr/m2. Stærðir: S-2XL.

20%

3.996

93460060-64

Almennt verð: 4.995

Tilboðsverð

Regnjakki
Efnið kemur úr flöskum sem hefur verið kurlað niður og endurnýtt í Polyester/ Polturethane 180 gr/m2. Hetta sem hægt er að taka af. Franskur rennilás við úlnlið. Tveir vasar að framan. Öndun á baksvæðinu. Endurskin á bakinu. Stærðir: S-2XL.

5.596

93460070-74

Almennt verð: 6.995

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

BAKÞANKAR

Margrétar Kristmannsdóttur

Á lúxussiglingu

Ég veit fátt leiðinlegra en neikvætt fólk – fólk sem alltaf sér glasið hálftómt og er farið að tuða inni á kaffistofu um leið og það mætir. Þetta fólk dregur einfaldlega úr mér lífslöngunina og á COVID-tímum er fátt mikilvægara á eftir sóttvörnum en að passa upp á orkustigið til að þreyja heimsfaraldur.

Undanfarið hefur fámennur hópur gerst hávær og fundist allt ganga of hægt og hömlur á daglegt líf of miklar. Það var því einkar ánægjulegt að sjá að stuðningur við sóttvarnaaðgerðir mælist enn allt að 95%. Það þýðir þó ekki að við séum ekki öll orðin hundleið – en við áttum okkur jafnframt á því að hlutirnir ganga ekkert hraðar með því að heimta óraunhæfar úrbætur. Við erum í miðjum heimsfaraldri og þá er hollt að setja hlutina í samhengi.

Þó að hér á Íslandi megi margt bæta þá erum við Íslendingar í öfundsverðri stöðu miðað við stærsta hluta heimsins. Þegar við berum saman daglegt líf hér og víða um heim vildu margir skipta við okkur á núll einni. Á þeirra mælikvarða erum við Íslendingar á lúxussiglingu í gegnum lífið.

Samkvæmt bólusetningardagatali stjórnvalda verður búið að bólusetja megnið af þjóðinni um mitt sumar, en á sama tíma er ójafnvægið í bólusetningu heimsins sláandi. Í ríku löndunum er búið að bólusetja 1/4 en í þróunarlöndunum eingöngu 1/500. Veruleikinn sem stærstur hluti mannkyns býr við er allur annar en okkar – þar grasserar COVID, heilbrigðisþjónusta er oft í skötulíki og biðin eftir bóluefnum er ekki mæld í vikum heldur árum.

Höldum því út með jákvæðnina að leiðarljósi og áttum okkur á og þökkum daglega fyrir þá forréttindastöðu sem við erum í.

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS

Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN

© Inter IKEA Systems B.V. 2021

Nýtt **KRANSBORRE** púði **1.290,-**

Nýtt **1.690,-** **VIDESPINNARE** púðaver

Nýtt **NYCKELN** handklæði B70×L140cm **1.390,-**

RÅVAROR teppi **7.990,-**

EBBATILDA púðaver **495,-**

Nýtt **BEKRÄFTA** gardínustangasett L120-210cm **1.690,-**

Leggðu nýjar línur fyrir heimilið

Það er líf í tuskunum í IKEA þessa dagana enda streyma nýjar vörur inn í allar deildir. Það birtir sérstaklega yfir í vefnaðarvörudeildinni með frískandi litum sem lífga upp á rýmið í takt við hækkandi sól. Líttu við og skoðaðu úrvalið, við tökum vel á móti þér!

Nýtt **HILLEBORG** gardínur **3.990,-/2 í pk.**

Nýtt **GURLI** púðaver **595,-**

SANELA púðaver **795,-**

Nýtt **595,-** **NYCKELN** handklæði B40×L70cm

Nýtt **KRITSUGA** sængurverasett B150×L200/B60×L50cm **5.990,-**

Nýtt **POLARVIDE** teppi **795,-**

Nýtt **2.890,-** **VITKLÖVER** sængurverasett B150×L200/B50×L60cm

Nýtt **ARVMAL** púðaver **1.690,-**

5.490,- **LUKTJASMIN** sængurverasett B150×L200/B60×L50cm

Nýtt **HIMLEÅN** handklæði B70×L140cm **1.590,-**

Nýtt **BRÄMÖN** sessa **250,-**

Nýtt **PIMPERNÖT** sængurverasett B150×L200/B60×L50cm **2.990,-**

IKEA® BAKARÍ

Pastasalat **695,-**

Samlokur **695,-/stk.**

Verslun opin 11-20 – IKEA.is

IKEA Bakarí, Sænska matarhornið og IKEA Bistro opið 11-20